

RÍKISREIKNINGUR
2005

HEILDARYFIRLIT

fjs FJÁRSÝSLA
RÍKISINS



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI

RÍKISREIKNINGUR
2005

fjs



HEILDARYFIRLIT

Merking tákna

- núll, þ.e. ekkert
- 0 talan er minni en helmingur þeirrar einingar sem notuð er
- . tala á ekki að koma eðli málsins samkvæmt
- ... niðurstaða ekki marktæk
- , komma aðskilur heila tölu og aukastafi

Stytting fjárhæða

Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölu vegna styttingar talna. Fjárhæðir eru stytta vélrænt. Heildarsamtölu eru stytta sérstaklega.

ISBN 9979-890-18-5

Útlit: Hið Opinbera!

Umbrot og prentvinnsla: Gutenberg

EFNISYFIRLIT

Inngangsorð fjármálaráðherra	5		
Uppgjör og afkoma ríkissjóðs 2005	7		
Áritun fjármálaráðherra og fjársýslustjóra	17		
Áritun ríkisendurskoðanda	19		
Yfirlitsreikningur A-hluta ríkissjóðs	21		
Rekstrarreikningur	22		
Efnahagsreikningur	23		
Sjóðstreymi	24		
Skýringar með reikningi A-hluta ríkissjóðs	25		
1. Ríkisreikningur og reikningsskilareglur ríkisaðila	27		
2. Tekjujöfnuður og lánsfjárbörf A-hluta ríkissjóðs	29		
3. Tekjur A-hluta ríkissjóðs	30		
4. Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	32		
5. Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	33		
6. Skattur á fjármagnstekjur	33		
7. Skattar á launagreiðslur og vinnuafli	34		
8. Eignarskattar	34		
9. Virðisaukaskattur	35		
10. Vörugjöld	36		
11. Sértækir þjónustuskattar	37		
12. Neyslu- og leyfisskattar	37		
13. Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	38		
14. Aðrir skattar	38		
15. Tryggingagjöld	39		
16. Fjárframlög	39		
17. Vaxtatekjur	40		
18. Arðgreiðslur	40		
19. Aðrar eignatekjur, ótalið annars staðar	41		
20. Neyslu- og leyfisgjöld	42		
21. Sektir og skaðabætur	43		
22. Sala efnislegra eigna	43		
23. Hagnaður af peningalegum eignum	44		
24. Gjöld A-hluta ríkissjóðs	45		
25. Gjöld æðstu stjórnar ríkisins	49		
26. Gjöld forsætisráðuneytis	50		
27. Gjöld menntamálaráðuneytis	51		
28. Gjöld utanríkisráðuneytis	52		
29. Gjöld landbúnaðarráðuneytis	53		
30. Gjöld sjávarútvegsráðuneytis	54		
31. Gjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis	55		
32. Gjöld félagsmálaráðuneytis	56		
			Bls.
		33. Gjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis	57
		34. Gjöld fjármálaráðuneytis	60
		35. Gjöld samgönguráðuneytis	63
		36. Gjöld iðnaðarráðuneytis	64
		37. Gjöld viðskiptaráðuneytis	65
		38. Gjöld Hagstofu Íslands	66
		39. Gjöld umhverfisráðuneytis	67
		40. Fjármagnskostnaður	68
		41. Hlutabréf og eignarhlutir í fyrirtækjum	70
		42. Erlent stofnfé	72
		43. Veitt löng lán	72
		44. Vöru- og efnisbirgðir	73
		45. Óinnheimtar ríkistekjur	73
		46. Skammtímakröfur, aðrar	74
		47. Handbært fé, nettó	74
		48. Höfuðstóll	75
		49. Lífeyrisskuldbindingar	77
		50. Áfallnir ógjaldfallnir vextir, langtímaskuldir	78
		51. Tekin löng lán	78
		52. Krafa á ríkistekjur	80
		53. Ógreidd gjöld (án vaxta)	80
		54. Áfallnir ógjaldfallnir vextir, skammtímaskuldir	81
		55. Tekin stutt lán	81
		56. Aðrar skammtímaskuldir	82
		Séryfirlit A-hluta ríkissjóðs	83
		1. Tekjur ríkissjóðs — sundurliðun	85
		2. Gjöld ráðuneyta og stofnana eftir málaflökkum	89
		3. Útkoma ráðuneyta og stofnana gagnvart fjárheimildum	105
		4. Tekjur ráðuneyta og stofnana	115
		5. Heildarfjárheimildir ársins hjá ráðuneytum og stofnunum	123
		6. Millifærslur fjárheimilda innan A-hluta	134
		7. Skattastyrkir eftir skatttegundum	144
		8. Skattastyrkir eftir málaflökkum	145
		9. Markaðar tekjur réttthafa	146
		10. Sala eigna	150
		11. Veitt og tekin lán A-hluta	152
		12. Spariskírteini ríkissjóðs	153
		13. Eignaskrá ríkisins yfir varanlega rekstrarfjármuni	155
		Lykiltölur úr ársreikningum utan A-hluta	157
		Ríkisaðilar utan A-hluta ríkissjóðs	159
		B-hluti. Ríkisfyrirtæki	160
		C-hluti. Lánastofnanir ríkisins	161
		D-hluti. Fjármálastofnanir ríkisins	162
		E-hluti. Hlutafélög og sameignarfélög að hálfu eða meira í eigu ríkissjóðs	163

INNGANGSORÐ FJÁRMÁLARÁÐAHERRA

Ríkisreikningur kemur nú út fyrr en verið hefur á undanförunum árum. Er það hluti af markmiðum sem sett voru við endurnýjun upplýsingakerfa ríkisins um skilvirkari fjármálastjórn og tímanlegri upplýsingar um rekstur ríkissjóðs. Til lengri tíma litið er markmið að ríkisreikningur komi að jafnaði út í maímánuði ár hvert. Jafnframt er stefnt að því að flýta framlagningu á frumvarpi til lokafjárlaga þannig að það verði lagt fyrir Alþingi fljótlega eftir að það kemur saman í októbermánuði ár hvert.

Samkvæmt niðurstöðutölum ríkisreiknings ársins 2005 var ríkissjóður rekinn með tæplega 113 milljarða króna afgangi á árinu. Árið áður nam afgangurinn um 2 milljörðum króna. Skýringin á stórbættri afkomu liggur að hálfu í sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf. en hagnaður af sölnunni nam 56 milljörðum króna. Að öðru leyti skýrist góð afkoma ríkissjóðs af þeirri uppsveiflu sem verið hefur í efnahagslífinu og aðhaldi í útgjöldum ríkissjóðs. Þannig hækkuðu aðrar tekjur ríkissjóðs um 55 milljarða króna en á sama tíma eru útgjöld hans nær óbreytt milli ára. Þessar tölur eru án 5,7 milljarða fjármagnstekjuskatts af sölu Símans sem færast bæði á tekna- og gjaldahlíð ríkissjóðs. Hvort sem litið er til afkomu ríkissjóðs á árinu 2005 með eða án söluhagnaðar af Landsímanum er hún jákvæðari en dæmi eru um áður.

Lánsfjárafgangur ríkissjóðs nam 77 milljörðum króna samkvæmt niðurstöðutölum ríkisreiknings. Auk þess var 32 milljörðum af söluandvirði Landsímans veitt til Seðlabanka Íslands með sérstökum lánessamningi. Ríkissjóður nýtti lánsfjárafgang ársins til að greiða niður skuldir og bæta sjóðstöðu sína hjá Seðlabankanum. Á árinu var tæpum 50 milljörðum varið til að greiða niður erlend lán og handbært fé jókst um 27 milljarða. Þannig ráðstafaði ríkissjóður 109 milljörðum af bættari afkomu sinni inn til Seðlabankans og til að greiða niður erlendar skuldir. Í árslok 2005 var staða tekinnna lána ríkisins um 196 milljarðar samanborið við 253 milljarða árið áður. Þar af voru erlend lán 85 milljarðar samanborið við 141 milljarð árið áður. Hrein skuldastaða ríkissjóð, þ.e. skuldir að frádregnum veittum lánnum, var í árslok 60 milljarðar í stað 156 milljarða króna í ársbyrjun.

Á árinu 1999 ákvað fjármálaráðherra að ráðstafa hluta af lánsfjárafgangi ríkissjóðs til sérstakra innborgana hjá opinberu lífeyrisjóðunum í því skyni að gera þá betur í stakk búna til að takast á við framtíðarskuldbindingar sínar. Á árinu 2005 voru fyrirframgreiðslur um 6 milljarðar króna og nam staða á uppsöfnuðum innborgunum 101 milljarður króna í lok ársins. Þegar þessar innborganir hófust á árinu 1999 var hlutfall eigna hjá sjóðunum 15,9% af skuldbindingum A-hluta ríkissjóðs en í lok árs 2005 er hlutfallið komið í 41,4%.

Tekjur ársins námu 421 milljarði króna og er það um 42,3% af landsframleiðslunni. Ef tekjurnar eru bornar saman við fyrra ár og ekki tekið tillit til tekna vegna sölu Landssímans, þá var hlutfallið

36,0% af landsframleiðslu samanborið við 33,0% árið áður. Hækkunin þannig metin nemur rúmum 56 milljörðum og aukast tekjur um 18,6% milli ára. Tekjur af sköttum á sölu vöru og þjónustu nema 165 milljörðum og eru þær 39,2% af heildartekjum. Það er hækkun um 24 milljarða milli ára og eru tæpir 18 milljarðar vegna virðisaukaskatts. Skattar á einstaklinga, fyrirtæki og fjármagnstekjur nema 132 milljörðum, samanborið við 102 milljarða árið áður. Þar munar mestu um 12 milljarða hækkun tekjuskatts lögaðila, sem tvöfaldast milli ára, og 8 milljarða hækkun fjármagnstekjuskatts að meðtöldum tæplega 6 milljörðum vegna sölu Landsímans. Af öðrum tekjulíðum munar mest um tryggingagjöld sem námu 33 milljörðum króna, en þau hækka um rúma 4 milljarða milli ára.

Gjöld ársins námu 308 milljörðum króna samanborið við 300 milljarða árið áður. Sem hlutfall af landsframleiðslu nema þau 31,0%, en ef frá er talinn greiddur fjármagnstekjuskattur vegna sölu Landsímans nemur hlutfallið 30,3%. Á árinu 2004 var hlutfall gjalda af landsframleiðslu 32,8% og fer hlutfallið því lækkandi annað árið í röð. Eins og áður eru útgjöld til heilbrigðismála veigamesti málaflokkurinn, en þau nema 77 milljörðum króna og aukast um 5,4% frá fyrra ári. Næst mest eru gjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála, eða 70 m.kr. og hækka þau í heild um 1,8%. Elli- og örorkulífeyrisgreiðslur hækka hinsvegar um 4,7% en á móti því vegur að greiðslur atvinnuleysisbóta lækka og greiðslur vegna fæðingarorlofs, barnabóta og vaxtabóta standa í stað. Samtals vega þessir tveir málaflokkar rétt um helming af útgjöldum ríkissjóðs. Gjöld vegna atvinnumála, en þar undir falla meðal annars framlög til samgöngu- og landbúnaðarmála, voru samtals um 44 milljarður króna og hækka um 4,5% milli ára. Aukningin skýrist af tæplega 3 milljarða framlögum til landbúnaðar vegna ráðstöfunar á söluandvirði Lánasjóðs landbúnaðarins en á móti vegur lækkun á framkvæmdum í samgöngumálum. Gjöld vegna almennrar opinberrar þjónustu og löggæslu nema 52 milljörðum króna og hækka um 4,7%. Þá nema gjöld vegna mennta- og menningarmála 42 milljörðum króna og hækka um 7,5% sem er hlutfallslega mesta hækkunin milli ára. Mestu munar að gjöld háskóla hækka um tæpa 2 milljarða eða 13,9%. Ýmis óregluleg útgjöld nema um 19 milljörðum og lækka um 4 milljarða eða 16,3%. Það skýrist af 9 milljarða lækkun lífeyris- skuldbindinga, en á móti vegur 5 milljarða hækkun gjaldfærslu fjármagnstekjuskatts.

Árni M. Mathiesen

UPPGJÖR OG AFKOMA RÍKISSJÓÐS 2005

Ríkisreikningur er settur fram í samræmi við lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins. Þar er lögð áhersla á að í ríkisreikningi hverju sinni séu birtar upplýsingar úr ársreikningum allra ríkisaðila. Uppbygging ríkisreiknings tekur að miklu leyti mið af framsetningu ársreikninga fyrirtækja eftir því sem við getur átt og innan marka laganna um fjárreiður ríkisins.

Reikningurinn fyrir árið 2005 er settur fram í tveimur hlutum. Annars vegar er *Ríkisreikningur 2005 – Heildaryfirlit* þar sem sýnd er afkoma allra ríkisaðila. Þar kemur fram samstæðureikningur fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild. Jafnframt eru þar sýndar lykiltölur úr ársreikningum annarra ríkisaðila, þ.e. ríkisyfirtækja í B-hluta, lánastofnana í C-hluta, fjármálastofnana í D-hluta og hlutafélaga og sameignarfélaga í E-hluta. Hins vegar er *Ríkisreikningur 2005 – Ársreikningar ríkisaðila* sem sýnir reikninga einstakra A-hluta aðila og helstu niðurstöður úr ársreikningum annarra ríkisaðila.

Afkoma ríkissjóðs

Ríkissjóður skilaði góðri afkomu á árinu 2005. Reksturinn var jákvæður, lánsfjárafgangur og skuldir ríkisins greiddar niður, einkum erlendis.

Afkoman skýrist að stórum hluta, þó ekki að öllu leyti, af sölu ríkisins á hlutafé sínu í Landssíma Íslands hf. í ágúst 2005. Hér á eftir verður fjallað um útkomuna og hún borin saman við þær áætlanir sem lagt var upp með við afgreiðslu Alþingis á fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2005. Auk þess eru sýndar niðurstöður ársins 2004. Í því samhengi þarf að taka tillit til þess að áhrif af sölu Landssímans gera slíkan samanburð erfiðari. Því er afkoma ársins 2005 sýnd bæði með og án sölnunnar til að fá marktækari samanburð á milli ára.

Rekstrarreikningur ríkissjóðs fyrir árið 2005 sýnir 112,8 milljarða króna tekjuafgang eða sem nemur 26,8% af tekjum ársins. Árið 2004 var 2,0 milljarða króna afgangur eða um 0,7% af tekjum ársins. Tekjuafkoman batnar því verulega á milli ára, en hún skýrist að hluta af sölu Landssímans. Án sölu Landssímans hefði tekjuafgangurinn numið 56,8 milljörðum króna eða 15,8% af tekjum ársins. Ríkissjóður skilaði því mun hagstæðari afkomu á árinu 2005 en árið á undan.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjármál ríkissjóðs bæði árin ásamt samanburði við áætlanir samkvæmt fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2005.

Yfirlit 1. Fjármál ríkissjóðs 2004 og 2005

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Fjárlög/ Fjárukalög 2005	Frávik Fjárhæð	%	Reikningur 2004
Tekjur samtals	421.166	408.582	12.584	3,1	302.431
Gjöld samtals	308.395	317.399	-9.005	-2,8	300.438
Tekjur umfram gjöld	112.771	91.183	21.589	.	1.993
Lánsfjárafgangur / lánsfjárpörf, nettó (+/-)	76.584	99.787	-23.203	.	11.036
Tekin lán, nettó	-49.594	-60.500	10.906	.	-3.718
Innlend lán	-1.903	5.155
Erlend lán	-47.691	-8.873
Breyting á handbæru fé	26.990	39.287	-12.297	.	7.317
Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %					
Tekjur samtals	42,3	41,0	.	.	33,0
Gjöld samtals	31,0	31,9	.	.	32,8
Tekjur umfram gjöld	11,3	9,2	.	.	0,2
Lánsfjárafgangur / lánsfjárpörf, nettó (+/-)	7,7	10,0	.	.	1,2

Tekjuafgangur ríkissjóðs á árinu 2005 að fjárhæð 112,8 milljarðar króna svarar til 11,3% af landsframleiðslu ársins. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2005 í desember árið 2004 var gert ráð fyrir 10,0 milljarða króna afgangi. Eftir samþykkt fjárukalaga fyrir árið 2005 í desember sl. var afgangurinn áætlaður 91,2 milljarðar króna eða

9,2% af landsframleiðslu. Við afgreiðslu þeirra var tekið fullt tillit til sölu Landssímans enda lágu niðurstöður af henni fyrir í öllum aðalatriðum. Útkoma ársins sýnir því mun hagstæðari tekjuafkomu en áætlað var við afgreiðslu fjárukalaga.

Tekjur ríkissjóðs námu 421,2 milljörðum króna eða 12,6 milljarða króna umfram áætlun á árinu 2005. Stærstu frávik tekna umfram áætlun voru í virðisaukaskatti um 5,8 milljarða króna, vörugjöldum um 2,1 milljarð króna, tekjuskatti lögaðila um 2,9 milljarða króna, tekjuskatti einstaklinga um 1,9 milljarða króna og fjármagnstekjuskatti um 2,8 milljarða króna.

Gjöld ríkissjóðs námu 308,4 milljörðum króna eða 9,0 milljörðum króna lægri en gert var ráð fyrir á árinu 2005. Stærstu frávik á útgjaldaliðum sem reyndust undir áætlunum ársins voru lífeyris-skuldbindingar um 2,1 milljarð króna, lífeyris- og sjúkratryggingar um 1,5 milljarða króna, Fjarskiptasjóður um 1,0 milljarð króna, Verkefnasjóður sjávarútvegsins um 0,7 milljarða króna, vaxtagjöld ríkissjóðs um 0,7 milljarða króna og framlög til alþjóðastofnana um 0,7 milljarða króna.

Heildarfjárheimildir ríkissjóðs á ári hverju samanstanda af fjárheimildum ársins samkvæmt fjárlögum og fjárukaulögum að viðbættum fluttum fjárheimildum frá árinu á undan. Fjárheimildir ársins 2005 námu alls 317,4 milljörðum króna, þar af voru 296,4 milljarðar króna samþykktar við afgreiðslu fjárlaga í desember 2004 og 21,0 milljarður króna við afgreiðslu fjárukalaga í desember árið 2005.

Fluttar fjárheimildir frá árinu 2004 voru samtals 9,1 milljarður króna. Heildarfjárheimildir ársins 2005 námu því 326,4 milljörðum króna. Í heild voru gjöld ríkissjóðs 18,1 milljarði króna lægri en nam heildarfjárheimildum ársins. Við uppgjör á ónotuðum fjárheimildum í árslok 2005 kemur fram að stærstu liðirnir eru vegna framlaga til Vegagerðarinnar 2,4 milljarðar króna, lífeyrisskuldbindinga 2,1 milljarður króna, alþjóðastofnana 1,4 milljarðar króna, hjúkrunarheimila 1,3 milljarðar króna, viðhalds og stofnkostnaðar menningarstofnana 1,3 milljarðar króna og Fjarskiptasjóðs 1,0 milljarður króna. Stærstu frávik gjalda umfram fjárheimildir voru í afskriftum skattkrafna 1,5 milljarðar króna, vaxtabótum 0,6 milljarðar króna og hjá Landsspítala - háskólasjúkrahúsi 0,5 milljarðar króna.

Fram hefur komið að tekjuafkoma ríkissjóðs batnaði töluvert á milli ára eða úr 2,0 milljarða króna afgangi árið 2004 í 112,8 milljarða króna árið 2005. Áhrif af sölu Landssímans gera allan samanburð á milli ára erfiðari.

Eftirfarandi yfirlit sýnir afkomu ríkissjóðs á árinu 2005 bæði með og án sölu fyrirtækisins. Jafnframt kemur þar fram útkoman á árinu 2004 til samanburðar.

Yfirlit 2. Áhrif sölu Landssíma Íslands hf. á fjármál ríkissjóðs 2005

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Áhrif sölu Landssíma Íslands hf.	Reikningur 2005 án sölu Landssímans	Reikningur 2004	Frávik Fjárhæð	Frávik %
Tekjur samtals	421.166	62.351	358.815	302.431	56.384	18,6
Gjöld samtals	308.395	6.384	302.010	300.438	1.572	0,5
Tekjur umfram gjöld	112.771	55.967	56.805	1.993	54.812	.
Veitt lán	-37.027	-32.000	-5.027	-4.810	-217	.
Annað	839	9.338	-8.499	13.853	-22.352	.
Lánsfjárafgangur / lánsfjárbörf, nettó (+/-)	76.584	33.306	43.278	11.036	32.243	.
Tekin lán, nettó	-49.594	-31.588	-18.007	-3.718	-14.289	.
Innlend lán	-1.903	-	-1.903	5.155	-7.058	.
Erlend lán	-47.691	-31.588	-16.104	-8.873	-7.231	.
Breyting á handbæru fé	26.990	1.718	25.272	7.317	17.955	.
Hlutfall af vergri landframleiðslu, %						
Tekjur samtals	42,3	6,3	36,0	33,0	.	.
Gjöld samtals	31,0	0,6	30,3	32,8	.	.
Tekjur umfram gjöld	11,3	5,6	5,7	0,2	.	.
Lánsfjárafgangur / lánsfjárbörf, nettó (+/-)	7,7	3,3	4,3	1,2	.	.

Yfirlitið dregur í aðalatriðum fram áhrif af sölu Landssímans á afkomu ríkissjóðs á árinu 2005. Söluverð ríkissjóðs á eignarhluta sínum í fyrirtækinu nam 66,1 milljarði króna. Í efnahag ríkissjóðs var bókfærð hlutafjáreign 9,3 milljarðar króna og var söluhagnaðurinn því 56,8 milljarðar króna. Kostnaður í tengslum við sölu nam 0,8 milljörðum króna. Fjármagnstekjuskattur reiknast 10% af söluhagnaði að frádregnum beinum kostnaði og nam skatturinn því 5,6 milljörðum króna. Tekjur ríkissjóðs af sölnni nema alls 62,4 milljörðum króna, þ.e. söluhagnaðurinn að viðbættum tekjum af fjármagnstekjuskattinum. Gjöld ríkissjóðs nema alls 6,4 milljörðum króna, þ. e. sölukostnaðurinn og fjármagnstekjuskatturinn.

Samhliða ákvörðun um sölu Landssímans tilkynnti ríkisstjórnin að hún hygðist verja þeim hluta söluandvirðisins sem greiddur var í erlendri mynt til að greiða niður erlendar skuldir ríkissjóðs á árinu 2005. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að ráðstöfun á söluandvirðinu þyrfti að grundvallast af stefnumiðum ríkisstjórnarinnar um jafnvægi og stöðugleika í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Ríkissjóður ráðstafaði söluandvirði Landssímans að fjárhæð 66,1 milljarður króna á árinu 2005 þannig að sölukostnaður nam 0,8 milljörðum króna, lánveiting til Seðlabanka Íslands nam 32,0 milljörðum króna og erlend lán voru greidd niður um 31,6 milljarða króna. Afgangurinn eða 1,7 milljarðar króna kom fram í bættri stöðu á handbæru fé. Seðlabankinn mun endurgreiða lánið með 4 greiðslum á árunum 2007-2010.

Í desember 2005 voru síðan samþykkt á Alþingi lög nr. 133 um ráðstöfun á 43,0 milljörðum króna af söluandvirði Landssíma Íslands hf. í áföngum til ársins 2012 til margvíslegra verkefna. Í skýringu 23 er meðal annars gerð grein fyrir hvernig þessu fjármagni skuli varið á næstu árum samkvæmt lögnum.

Yfirlitið sýnir að þrátt fyrir að horft sé fram hjá sölu Landssímans eykst tekjuafgangurinn úr 2,0 milljörðum króna í 56,8 milljarða króna á milli ára. Tekjurnar aukast um 56,4 milljarða króna eða um 18,6% en gjöldin hækka aðeins um 1,6 milljarð króna eða um 0,5%. Að raungildi hækka tekjurnar um 14,1% en gjöldin lækka um 3,3%.

Tekjuaukningin endurspeglar mikil umsvif í hagkerfinu en hagvöxturinn á mælikvarða landsframléiðslunnar mældist 5,5% á árinu 2005. Í krónum talið er tekjuaukningin mest í virðisaukaskatti eða 17,7 milljarðar en það svarar til 13,9% hækkunar að raungildi. Af öðrum tekjulíðum sem skiluðu mestri aukningu á árinu 2005 er helst að nefna 11,8 milljarða króna í tekjuskatti lögaðila, 8,6 milljarða króna í tekjuskatti einstaklinga, 4,4 milljarða króna í tryggingagjaldi, 4,1 milljarð króna í vörugjaldi af ökutækjum, 4,1 milljarð króna í arðgreiðslum og 2,6 milljarða króna í stimpilgjöldum. Að raungildi jukust tekjur af tekjuskatti lögaðila um 94,3%, tekjuskatti einstaklinga um 8,9%, tryggingagjaldi um 11,1%, vörugjaldi af ökutækjum um 58,1%, arðgreiðslum um 89,5% og stimpilgjöldum um 34,8%.

Þegar litið er framhjá 6,4 milljarða króna gjöldum er tengdust sölu Landssímans námu gjöld A-hlutans 302,0 milljörðum króna. Hækkun gjalda frá árinu á undan er 1,6 milljarðar króna eða lækking um 3,3%. Af einstökum liðum sem hækka mest á milli ára eru framlög til landbúnaðarmála um 2,6 milljarða króna, lífeyristrygginga um 1,7 milljarða króna og Landspítala-háskólasjúkrahúss um 1,1 milljarð króna. Framlög til landbúnaðarmála hækka vegna ráðstöfunar á söluandvirði Lánasjóðs landbúnaðarins til Lífeyrissjóðs bænda samkvæmt ákvörðun Alþingis með lögun nr. 68/2005 og við samþykkt fjárukalaga 2005. Af liðum sem lækka á milli ára er helst að telja gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga um 9,3 milljarða króna, framkvæmdir hjá Vegagerðinni um 2,4 milljarða króna og framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 1,3 milljarða króna.

Hér að framan hefur verið fjallað um tekjur og gjöld ríkissjóðs án áhrifa af sölu Landssímans. Er það gert í ljósi þeirra miklu eins skiptis áhrifa sem sú ráðstöfun hefur á niðurstöður ársins. Í ríkisreikningi síðustu ára hefur jafnan verið fjallað sérstaklega um ríkisfjármálin þar sem gerður er greinarmunur á útkomu venjubundinnar starfsemi ríkissjóðs annars vegar og á tilfallandi liðum hins vegar. Með venjubundinni starfsemi er einkum átt við hefðbundnar tekjur og gjöld ríkissjóðs en tilfallandi liðir eru fremur eins skiptis sveiflur sem koma fram á tekju- og gjaldahlíð. Yfirlit 3 dregur fram slíka aðgreiningu tekna og gjalda hjá ríkissjóði árin 2004 og 2005.

Yfirlit 3. Tekjur og gjöld 2004 og 2005

Í millj. króna	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Fjárlög/ Fjárukalög 2005
Venjubundin starfsemi			
Tekjur samtals	349.030	295.684	336.561
Gjöld samtals	284.531	274.860	295.094
Tekjur umfram gjöld af venjubundinni starfsemi	64.499	20.824	41.467
Tilfallandi tekjur			
Hagnaður af peningalegum eignum	57.833	29	58.350
Fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs	7.059	2.093	6.877
Arðgreiðsla Landssíma Íslands hf.	6.254	2.085	6.254
Sala efnislegra eigna	990	1.035	540
Úrskurður samkeppnisyfirvalda vegna samráðs olíufélaganna	-	1.505	-
Tilfallandi tekjur samtals	72.136	6.747	72.021
Tilfallandi gjöld			
Lífeyrisskuldbindingar	4.052	13.359	4.798
Afskriftir skattkrafna	9.795	10.126	8.000
Fjármagnstekjuskattur af hagnaði af peningalegum eignum	7.059	2.093	6.877
Ráðstöfun á söluandvirði Lánasjóðs landbúnaðarins til Lífeyrissjóðs bænda	2.630	-	2.630
Tap við niðurlagningu ríkisstofnana	327	-	-
Tilfallandi gjöld samtals	23.863	25.578	22.305
Tilfallandi tekjur umfram gjöld	48.273	-18.831	49.716
Tekjur umfram gjöld	112.771	1.993	91.183

Sé horft til venjubundinnar starfsemi er niðurstaðan að tekjuafkoman batnar umtalsvert á milli ára eða úr 20,8 milljarða króna afgangi árið 2004 í 64,5 milljarða króna árið 2005. Jafnframt kemur fram að niðurstaða ársins 2005 er nokkru hagstæðari en áætlað var því gert var ráð fyrir 41,5 milljarða króna afgangi.


Yfirlitið sýnir miklar sveiflur í tilfallandi gjalda- og tekjuliðum ríkissjóðs á milli ára. Árið 2005 var 48,3 milljarða króna afgangur á tilfallandi liðum samanborið við 18,8 milljarða króna halla árið á

undan, en við afgreiðslu fjárukalaga var afgangurinn áætlaður 49,7 milljarðar króna. Breytingin á milli ára skýrist í aðalatriðum af sölu Landssímans á árinu 2005 en að auki lækkar gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga verulega á milli ára.

Á undanförunum árum hefur tekjuafkoma og lánsfjárbörf ríkissjóðs sveiflast nokkuð á milli ára. Þetta kemur glöggt fram á mynd 1 en þar eru einnig sýnd heildargjöld og heildartekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu á tímabilinu 1991-2005.

Mynd 1. Lykilstærðir í fjármálum ríkissjóðs 1991-2005

Hlutfall af vergri landsframleiðslu



Árið 2005 skilaði ríkissjóður hreinum lánsfjárafgangi þriðja árið í röð og nam hann 76,6 milljörðum króna eða 7,7% af vergri landsframleiðslu. Án sölu Landssímans hefði lánsfjárafgangurinn numið 43,3 milljörðum króna eða 4,3% af vergri landsframleiðslu. Árið 2004 nam afgangurinn 11,0 milljörðum króna eða 1,2% af vergri landsframleiðslu ársins.


Tekjur ríkissjóðs námu alls 421,2 milljörðum króna á árinu 2005 eða um 42,3% af landsframleiðslu ársins. Árið 2004 námu tekjurnar 302,4 milljörðum króna eða 33,0% af landsframleiðslunni. Hækkun á milli ára nam því 118,7 milljörðum króna eða um 39,3%. Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,0% að meðaltali á milli áruna 2004 og 2005. Að raungildi hækkuðu tekjurnar því um 33,9% á milli ára miðað við breytingar neysluverðsvisítölnunnar. Í þessu samhengi er rétt að taka tillit til þess að sala ríkissjóðs á Landssíma Íslands hf. á árinu 2005 gerir allan samanburð erfiðan og riðlar hlutföllum. Ef lítið er framhjá sölu fyrirtækisins hefðu tekjur ríkissjóðs numið 358,8

milljörðum króna á árinu 2005. Er það hækkun um 56,4 milljarða króna frá árinu á undan eða um 18,6%. Að raungildi nemur hækkunin 14,1% á milli ára.


Tekjur ríkissjóðs að frátöldum tekjum af sölu Landssímans skiptust hlutfallslega þannig á árinu 2005 að skatttekjur og tryggingagjöld námu 91,9% (91,2%), aðrar tekjur 7,3% (8,2%), sala eigna 0,6% (0,3%) og fjárframlög 0,3% (0,3%). Svígatölnurnar sýna hlutföllin árið 2004. Virðisaukaskattur var sem fyrr helsti tekjustofn ríkissjóðs eða 31,8% (31,9%) af tekjunum, tekjuskattar einstaklinga 20,5% (21,5%), vörugjöld 10,7% (10,3%) og tryggingagjöld 9,1% (9,4%). Hlutfallsleg samsetning teknanna breytist lítið á milli ára.

Mynd 2 sýnir hlutfallslegt vægi helstu tekjustofna ríkissjóðs í heild á árinu 2005, en í mynd 3 er öllum tekjum sem tengjast sölu Landssímans sleppt.

Mynd 2. Tekjur ríkissjóðs 2005, %



Mynd 3. Tekjur ríkissjóðs 2005, án sölu Landssíma Íslands hf, %



Gjöld ríkissjóðs námu alls 308,4 milljörðum króna á árinu 2005 eða um 31,0% af landsframleiðslu ársins. Árið 2004 voru gjöldin 300,4 milljarðar króna eða 32,8% af landsframleiðslunni. Gjöldin hækkuðu því um 8,0 milljarða króna á milli ára en lækka að raungildi um 1,3% miðað við breytingar neysluerðsvisitölunnar.

Útgjöld til heilbrigðismála, almannatrygginga og velferðarmála og menntamála vega þungt hjá ríkissjóði og námu þau alls 176,8 milljörðum króna eða 57,3% af gjöldum ríkisins á árinu 2005. Árið 2004 námu gjöld þessara málaflokka 168,8 milljörðum króna eða

um 56,2% af gjöldum ársins. Vægi þessara útgjalda eykst því nokkuð á milli ára, en hækkunin nam 4,7% eða um 0,7% að raungildi.

Gjöld til heilbrigðismála námu 76,9 milljörðum króna eða 24,9% af gjöldum ríkissjóðs. Árið 2004 var hlutfallið 24,3%. Hækkun á milli ára nam 3,9 milljörðum króna eða 1,3% að raungildi. Af málaflokkum sem falla hér undir má nefna sjúkráhusþjónustu 52,8 milljarða króna, heilsugæslu 7,3 milljarða króna, lækningavörur og hjálpartæki 7,6 milljarða króna og sérfræðiþjónustu 7,2 milljarða króna.

Gjöld til almannatrygginga og velferðarmála námu 70,1 milljörðum króna eða 22,7% af gjöldum ríkissjóðs. Er það svipað hlutfall og árið á undan. Hækkun á milli ára var 1,2 milljarðar króna eða sem nemur 2,1% lækkun að raungildi. Undir þennan málaflokk falla meðal annars útgjöld vegna tryggingamála 52,3 milljarðar króna, barna- og vaxtabætur 10,8 milljarðar króna, fæðingarorlof 6,7 milljarðar króna og málefni fatlaðra 6,4 milljarðar króna.

Gjöld til menntamála námu 29,8 milljörðum króna eða 9,7% af gjöldum ríkissjóðs samanborið við 9,0% árið á undan. Hækkun á milli ára nam 2,8 milljörðum króna eða 6,1% að raungildi. Hér er einkum um að ræða útgjöld til háskólastígsins 14,3 milljarða króna og framhaldsskólastígsins 12,7 milljarða króna.


Gjöld til efnahags- og atvinnumála námu 43,9 milljörðum króna eða 14,2% af gjöldum ríkissjóðs. Hlutfallið var 14,0% árið 2004.

Gjöldin hækkuðu um 1,9 milljarða króna á milli ára eða um 0,5% að raungildi. Hér er meðal annars um að ræða framlög til vegasamgangna 13,7 milljarðar króna og greiðslur vegna landbúnaðar 13,0 milljarðar króna.

Gjöld vegna annarra málaflokka námu samtals 87,7 milljörðum króna eða 28,4% af gjöldum ríkissjóðs. Veigamikil útgjöld sem falla hér undir eru vegna menningar-, íþróttá- og trúmála 12,4 milljarðar króna, löggæslu- og öryggismála 11,5 milljarðar króna, afskrifta skattkrafna 9,8 milljarðar króna, fjármagnstekjuskatts 7,1 milljarður króna, lífeyrisskuldbindinga 4,1 milljarður króna og fjármagnskostnaðar 13,4 milljarðar króna.

Mynd 4 sýnir vægi helstu málaflokka í heildargjöldum ríkissjóðs á árinu 2005.

Mynd 4. Gjöld ríkissjóðs



Hagræn skipting gjalda ríkissjóðs á árinu 2005 var þannig að rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar námu 47,0% af heildargjöldum ríkissjóðs. Þar af námu launagjöld 28,3%, lífeyrisskuldbindingar 1,3%, fjármagnstekjuskattur 2,3%, önnur gjöld 24,2% og sértekjur til lækkunar gjöldum 9,1%. Önnur útgjöld ríkissjóðs skiptust þannig að fjármagnskostnaður nam 4,4%, rekstrar- og neyslutilfærslur 42,3%, viðhaldsgjöld 1,6%, stofnkostnaður 3,5% og fjármagnstilfærslur 1,2%. Hlutfallsleg samsetning gjalda ríkissjóðs breytist lítið frá árinu á undan.

Árið 2005 var ríkissjóður með hreinan lánsfjárfgang þriðja árið í röð eða sem nam 76,6 milljörðum króna samanborið við 11,0 milljarða króna afgang á árinu 2004. Sem hlutfall af landsframleiðslu var lánsfjárfgangurinn 7,7% árið 2005 og 1,2% árið 2004. Auk þess veitti ríkissjóður Seðlabankanum 32,0 milljarða króna lán á árinu

2005. Afborganir af teknum lánnum voru umfram nýjar lántökur bæði innanlands og erlendis eða sem nam 1,9 milljörðum króna á innlendum fjármagnsmarkaði og 47,7 milljarða króna af erlendum lánnum. Fram hefur komið að í tengslum við sölu Landssíma Íslands hf. voru erlend lán greidd niður sérstaklega um 31,6 milljarða króna. Umsvif ríkissjóðs á fjármálamörkuðum voru þó töluvert meiri en þessar tölur gefa til kynna einkum á skammtíma fjármagnsmarkaði. Sala á ríkisvixlum var alls 55,6 milljarðar króna og endurgreiðsla þeirra nam 56,1 milljarði króna. Þá nam sala ríkisbréfa 9,9 milljörðum króna og innlausn spariskírteina 12,7 milljörðum króna. Tekin erlend veltílan námu alls 49,0 milljörðum króna og afborganir þeirra 62,8 milljörðum króna. Í árslok 2005 voru erlend veltílan upp greidd.

Yfirlit 4 gefur vísendingu um umsvif ríkissjóðs á fjármagnsmarkaði á árinu 2005.

Yfirlit 4. Skuldir og veitt lán ríkissjóðs 2005

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Ný lán umfram afborganir	Endurmat ársins	Staða í árslok
Tekin lán				
Ríkisvixlar	14.504	-500	-	14.004
Ríkisbréf	55.400	11.648	-	67.047
Spariskírteini	37.009	-12.689	1.095	25.415
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	901	-360	107	648
Önnur innlend lán	3.888	-416	153	3.624
Innlend lán samtals	111.701	-2.317	1.355	110.737
Erlend lán	141.288	-47.691	-8.189	85.408
Tekin lán samtals	252.989	-50.008	-6.834	196.145
Lánveitingar				
Skammtímakröfur umfram skammtímaskuldir	45.386	19.576	27	64.989
Veitt löng lán	51.633	18.296	1.567	71.496
Lán tengd innlendu verðlagi	47.698	20.642	1.619	69.959
Gengisbundin lán	3.935	-2.347	-52	1.537
Lánveitingar samtals	97.019	37.872	1.594	136.485
Tekin lán umfram lánveitingar	155.970	-87.880	-8.428	59.660
Lífeyrisskuldbindingar	190.728	-8.946	9.577	191.360
Skuldir umfram lánveitingar	346.698	-96.826	1.149	251.020
Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %				
Tekin lán samtals	27,6	-5,0	.	19,7
Þar af erlendar skuldir	15,4	-4,8	.	8,6
Lánveitingar samtals	10,6	3,8	.	13,7
Þar af veitt löng lán	5,6	1,8	.	7,2
Tekin lán umfram lánveitingar	17,0	-8,8	.	6,0
Lífeyrisskuldbindingar	20,8	-0,9	.	19,2
Skuldir umfram lánveitingar	37,8	-9,7	.	25,2

Yfirlit 4 sýnir glögg að staða á lánareikningum ríkissjóðs batnaði verulega á árinu 2005. Skuldastaða tekinna lána lækkaði úr 27,6% af landsframleiðslu í ársbyrjun í 19,7% í árslok. Veigamesta lækkunin varð á stöðu erlendra skulda úr 15,4% í 8,6%. Á undanföllum árum hefur hlutdeild ríkisbréfa aukist stöðugt í innlendum skuldum ríkissjóðs en spariskírteini farið lækkanði. Í árslok 2005 nam skuldin í ríkisbréfum 67,0 milljörðum króna eða 60,5% af innlendum skuldum ríkissjóðs samanborið við 25,4 milljarða króna í spariskírteinum eða 23,0%.

Staða lánveitinga ríkissjóðs hækkaði úr 10,6% af vergri landsframleiðslu í ársbyrjun 2005 í 13,7% í árslok. Undir lánveitingar hér falla skammtímakröfur umfram skammtímaskuldir og veitt löng

lán. Skammtímakröfur námu 8,7% af landsframleiðslu í árslok og skammtímaskuldir 2,2%. Staða veittra langra lána hækkaði úr 5,6% í 7,2% á árinu 2005 sem skýrist af 32,0 milljarða króna lánveitingu til Seðlabankans. Af veittum löngum lán ríkissjóðs voru 97,9% tengd innlendu verðlagi í árslok.

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs námu 191,3 milljörðum króna í árslok 2005 eða 19,2% af vergri landsframleiðslu. Í árslok 2004 nam skuldbindingin 190,7 milljörðum króna eða 20,8% af landsframleiðslu þess árs. Í árslok 2005 voru skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 158,7 milljarðar króna, Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga 15,8 milljarðar króna og öðrum 16,8 milljarðar króna.


Í yfirliti 4 kemur fram að staða tekinnna lána umfram lánveitingar lækkar úr 156,0 milljörðum króna í árslok 2004 í 59,7 milljarða króna í árslok 2005. Sem hlutfall af landsframleiðslu lækkaði því staðan úr 17,0% í 6,0% á árinu 2005.

Hreinar skuldir ríkissjóðs, sem eru skilgreindar hér sem stöðutölur tekinnna lána og lífeyrisskuldbindinga umfram lánveitingar, lækkuðu um 95,7 milljarða króna á árinu 2005 eða úr 346,7 milljörðum króna í 251,0 milljarð króna. Sem hlutfall af landsframleiðslu lækkuðu hreinar skuldir úr 37,8% í 25,2% yfir árið. Að raungildi miðað

við vísitölu neysluverðs lækkuðu hreinar skuldir ríkissjóðs um 30,4% á árinu 2005.

Mynd 5 sýnir samsetningu á stöðu tekinnna lána ríkissjóðs eftir gjaldmiðlum í árslok 2005. Erlend lán námu 43,5% af stöðu tekinnna lána og innlend lán 56,5%. Lán tengd bandaríkjadollar námu 15,2% af teknum lánum ríkissjóðs, evru 19,6%, sterlingspundi 4,9%, svissneskum frönkum 2,5% og japönsku yeni 1,4%. Af innlendum lánum eru spariskírteini, að meðtöldum uppsöfnuðum áföllnum vöxtum, 13,3% af teknum lánum, ríkisbréf 34,2% og ríkisvixlar 7,1%.

Mynd 5. Tekin lán ríkissjóðs í árslok 2005



Yfirlit 5. Lánaendurgreiðslur út lánstímann

Í milljörðum króna	2006	2007	2008	2009	2010	2011 og síðar	Samtals
Tekin lán							
Afborganir	20,1	34,5	11,8	10,6	19,4	98,4	194,8
Spariskírteini	0,4	-	-	-	0,5	36,0	36,9
Ríkisbréf	-	25,1	-	-	18,8	25,9	69,8
Önnur innlend lán	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	2,0	2,5
Erlend lán	19,6	9,3	11,7	10,5	-	34,5	85,6
Vextir	6,6	6,1	5,7	5,6	6,3	12,1	42,4
Spariskírteini	0,1	-	-	-	0,6	-	0,7
Ríkisbréf	3,2	3,2	3,2	3,2	3,2	5,6	21,6
Önnur innlend lán	0,2	0,1	0,1	0,1	0,1	0,7	1,3
Erlend lán	3,1	2,8	2,4	2,3	2,4	5,8	18,8
Vextir og afborganir	26,7	40,6	17,5	16,2	25,7	110,5	237,2
Spariskírteini	0,5	0,0	0,0	0,0	1,1	36,0	37,6
Ríkisbréf	3,2	28,3	3,2	3,2	22,0	31,5	91,4
Önnur innlend lán	0,3	0,2	0,2	0,2	0,2	2,7	3,8
Erlend lán	22,7	12,1	14,1	12,8	2,4	40,3	104,4
Veitt lán							
Afborganir	1,3	11,3	14,7	13,6	9,9	19,3	70,1
Endurlán ríkissjóðs	0,9	4,3	4,3	4,0	3,6	19,1	36,2
Ríkissjóður	0,4	7,0	10,4	9,6	6,3	0,2	33,9
Vextir	5,4	5,5	4,5	3,0	1,8	5,4	25,6
Endurlán ríkissjóðs	1,9	1,9	1,7	1,4	1,2	5,3	13,4
Ríkissjóður	3,5	3,6	2,8	1,6	0,6	0,1	12,2
Vextir og afborganir	6,7	16,8	19,2	16,6	11,7	24,7	95,7
Endurlán ríkissjóðs	2,8	6,2	6,0	5,4	4,8	24,4	49,6
Ríkissjóður	3,9	10,6	13,2	11,2	6,9	0,3	46,1

Yfirlit 5 hér að ofan sýnir áætlaðar endurgreiðslur vaxta og afborgana af veittum og teknum löngum lánum ríkissjóðs miðað við þá láns-samninga sem voru í gildi í árslok 2005.



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
veffang: <http://www.raduneyti.is/fjr>

Forseti Alþingis
Alþingishúsinu v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík 28. júlí 2006
Tilv.: FJR06080003/312-4

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, með síðari breytingum, hefur Fjársýsla ríkisins gert ríkisreikning fyrir árið 2005. Reikningurinn inniheldur samstæðuuppgjör fyrir A-hluta ríkissjóðs ásamt sjálfstæðu uppgjöri fyrir alla ríkisaðila og er hann gerður í samræmi við lög og þær venjur sem gilda um reikningsskil ríkisins. Þá hefur Ríkisendurskoðun endurskoðað reikninginn með vísan til laga nr. 86, 27. maí 1997 um ríkisendurskoðun sbr. 43. gr. stjórnarskrár. Hér með staðfesta fjármálaráðherra og fjársýslustjóri hann með undirritun sinni.

Reikningurinn sendist Alþingi hjálagður.

fjármálaráðherra

fjársýslustjóri



RÍKISENDURSKOÐUN

Áritun ríkisendurskoðanda

Til Alþingis


Ríkisendurskoðun hefur endurskoðað ríkisreiknings fyrir árið 2005. Reikningurinn tekur til ríkisaðila sem fara með ríkisvald og þeirra stofnana og fyrirtækja sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu ríkissjóðs. Ríkisreikningur hefur að geyma greinargerð, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 – 56 vegna A-hluta ásamt séryfirlitum. Ríkisreikningur er lagður fram af fjármálaráðherra og fjársýslustjóra og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og starfsskyldur. Samkvæmt 6. og 8. gr. laga um Ríkisendurskoðun ber henni að endurskoða ríkisreikning og felst ábyrgð hennar í því álit sem hún lætur í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Það þýðir að skipuleggja á og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að reikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ríkisreikningi og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Að mati stofnunarinnar fengust við endurskoðunina nægjanlega traustar upplýsingar til að byggja álit hennar á.

Það er álit Ríkisendurskoðunar, að ríkisreikningur gefi í öllum meginatriðum glögga mynd af afkomu ríkissjóðs, ríkisstofnana, fyrirtækja og sjóða í A- til E-hluta á árinu 2005 og efnahag 31. desember 2005 og sé í samræmi við lög og viðurkenndar reikningsskilavenjur ríkissjóðs.

Um einstaka athugasemdir vísar stofnunin til sérstakrar skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2005 sem send verður Alþingi.

Reykjavík í júlí 2006


Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi

RÍKISREIKNINGUR
2005

fjs



YFIRLITSREIKNINGUR
A-HLUTA RÍKISSJÓÐS

Rekstrarreikningur

Í millj. kr.	Skýringar	Reikningur 2005	Heildar- fjárheimildir 2005	Reikningur 2004	
Tekjur					
Skatttekjur og tryggingagjöld					
	Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	4	73.615	71.700	65.006
	Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	5	23.413	20.500	11.589
	Skattur á fjármagnstekjur	6	21.671	18.877	13.554
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafli	7	324	330	516
	Eignarskattar	8	13.340	14.230	11.552
	Virðisaukaskattur	9	114.183	108.400	96.433
	Vörugjöld	10	38.339	36.255	31.174
	Sértækir þjónustuskattar	11	2.166	2.059	2.078
	Neyslu- og leyfisskattar	12	10.354	8.851	10.953
	Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	13	3.539	3.269	3.086
	Aðrir skattar	14	1.504	1.416	1.369
	Tryggingagjöld	15	32.777	32.506	28.364
	Skatttekjur og tryggingagjöld samtals		335.223	318.393	275.673
	Fjárframlög	16	901	741	806
Aðrar tekjur					
	Vaxtatekjur	17	9.166	13.440	10.333
	Arðgreiðslur	18	8.230	7.799	4.177
	Aðrar eignatekjur	19	1.154	1.257	1.169
	Neyslu- og leyfisgjöld	20	6.607	5.928	6.202
	Sektir og skaðabætur	21	899	1.730	2.722
	Aðrar tekjur, ótalið annars staðar		162	403	286
	Aðrar tekjur samtals		26.219	30.558	24.888
	Sala efnislegra eigna	22	990	540	1.035
	Hagnaður af peningalegum eignum	23	57.833	58.350	29
	Tekjur samtals	3	421.166	408.582	302.431
Gjöld					
	Æðsta stjórn ríkisins	25	2.724	2.865	2.626
	Forsætisráðuneyti	26	2.030	2.410	1.381
	Menntamálaráðuneyti	27	37.749	39.298	35.127
	Utanríkisráðuneyti	28	6.418	7.920	5.980
	Landbúnaðarráðuneyti	29	15.643	15.694	12.429
	Sjávarútvegsráðuneyti	30	2.196	3.355	2.679
	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	31	16.825	17.344	15.182
	Félagsmálaráðuneyti	32	27.507	27.890	27.322
	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	33	118.464	122.246	112.643
	Fjármálaráðuneyti	34	36.927	37.601	41.205
	Samgönguráðuneyti	35	18.079	23.399	20.094
	Iðnaðarráðuneyti	36	4.203	5.051	3.374
	Viðskiptaráðuneyti	37	1.345	1.504	1.337
	Hagstofa Íslands	38	632	597	589
	Umhverfissráðuneyti	39	4.233	5.165	4.318
	Fjármagnskostnaður	40	13.420	14.110	14.152
	Gjöld samtals	24	308.395	326.449	300.438
	Tekjujöfnuður	2	112.771	82.133	1.993

Efnahagsreikningur 31. desember

Í millj. kr.	Skýringar	Reikningur 2005	Reikningur 2004	
Eignir				
Áhættufjármunir og langtímakröfur				
	Eignarhlutir í fyrirtækjum og hlutafé	41	83.856	91.160
	Erlent stofnfé	42	3.568	3.447
	Veitt löng lán	43	71.496	51.633
	Næsta árs afborganir fluttar á skammtímakröfur	43	-1.251	-7.888
	Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals		157.668	138.352
Veltufjármunir				
	Vöru- og efnisbirgðir	44	1.286	1.172
	Óinnheimtar ríkistekjur	45	76.098	65.680
	Skammtímakröfur, aðrar	46	10.549	7.842
	Næsta árs afborganir af veittum löngum lánum	43	1.251	7.888
	Handbært fé, nettó	47	50.814	24.384
	Veltufjármunir samtals		139.998	106.967
	Eignir samtals		297.665	245.319
Skuldir og eigið fé				
Höfuðstóll				
	Höfuðstóll í ársbyrjun		-226.535	-234.598
	Endurmat		2.244	6.071
	Breyting annars eigin fjár		22	-1
	Tekjujöfnuður		112.771	1.993
	Höfuðstóll í árslok	48	-111.497	-226.535
	Lífeyrisskuldbindingar	49	191.360	190.728
Langtímaskuldir				
	Áfallnir ógjaldfallnir vextir	50	648	901
	Tekin löng innlend lán	51	96.018	96.194
	Tekin löng erlend lán	51	85.408	141.288
	Næsta árs afborganir fluttar á skammtímaskuldir	51	-20.237	-41.132
	Langtímaskuldir samtals		161.837	197.252
Skammtímaskuldir				
	Krafa á ríkistekjur	52	637	606
	Ógreidd gjöld (án vaxta)	53	8.711	7.824
	Áfallnir ógjaldfallnir vextir	54	3.590	10.981
	Tekin stutt lán	55	14.072	14.606
	Aðrar skammtímaskuldir	56	8.719	8.724
	Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	51	20.237	41.132
	Skammtímaskuldir samtals		55.966	83.874
	Skuldir og eigið fé samtals		297.665	245.319

Sjóðstreymi

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Fjárlög/ Fjárukalög 2005	Reikningur 2004
Rekstrarhreyfingar			
Tekjujöfnuður	112.771	91.183	1.993
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé			
Lífeyrisskuldbindingar	-3.140	-66.983	5.118
Afföll af teknum lánum	3.009		3.061
Áfallin ógjaldfallin vaxtagjöld langtímaskulda	-360		-8.360
Söluhagnaður/sölutap af eignum	-57.760		-9
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda			
Afskrifaðar skattkröfur	9.795	8.000	10.126
Aðrar viðskiptakröfur, (breyting)	-22.854	-8.219	-20.358
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-6.405	43	6.504
Handbært fé frá rekstri	35.057	24.024	-1.924
Fjárfestingarhreyfingar			
Veitt stutt lán	-	-400	-
Veitt löng lán	-37.027	-4.640	-4.810
Afborganir veittra lána	18.728	16.950	30.989
Fyrirfram greitt upp í langtímakostnað	-5.826	-4.000	-9.553
Kaup hlutabréfa og eiginfjáframlög	-375	-1.400	-733
Sala hlutabréfa og eignarhluta	69.092	69.253	19
Fjárfestingarhreyfingar samtals	44.591	75.763	15.912
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin stutt lán, nettó	-534	10.500	-6.002
Tekin löng lán	25.793		39.387
Afborganir lána	-77.917	-71.000	-40.055
Gengismunur og endurmat sjóðs- og bankareikninga	-561	-	220
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-53.219	-60.500	-6.451
Aukning handbærs fjár	26.429	39.287	7.537
Handbært fé í ársbyrjun	24.384	.	16.848
Hreyfingar á sjóðs- og bankareikningum	26.990	.	7.317
Gengismunur og endurmat sjóðs- og bankareikninga	-561	.	220
Handbært fé í árslok	50.814	.	24.384

RÍKISREIKNINGUR
2005

fjs



SKÝRINGAR MEÐ REIKNINGI
A-HLUTA RÍKISSJÓÐS

1. Ríkisreikningur og reikningsskilareglur ríkisaðila

1.1 Lög um fjárreiður ríkisins

Ríkisreikningur er saminn á grundvelli laga nr. 88 frá 16. maí 1997 um fjárreiður ríkisins. Samkvæmt 1. gr. laganna skal haga reikningshaldi ríkisaðila í samræmi við ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, og laga nr. 144, um ársreikninga, að svo miklu leyti sem ekki er mælt sérstaklega fyrir um annað í fjárreiðulögum. Ríkisreikningur nær yfir fjárreiður ríkisaðila. Samkvæmt 2. gr. laganna eru ríkisaðilar skilgreindir sem þeir sem fara með ríkisvald og þær stofnanir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu ríkisins. Samkvæmt 3. gr. laganna skiptist ríkisreikningur í eftirfarandi hluta:

A-hluti. Æðsta stjórn ríkisins, ráðuneyti og ríkisstofnanir. Þá nær A-hlutinn til verðmiðlunar- og verðjöfnunarstöða, öryggis- og eftirlitsstofnana og þjónustustofnana við ríkisaðila sem starfa samkvæmt sérstökum lögum. Loks skal þar gerð grein fyrir fjárreiðum þeirra sem ekki eru ríkisaðilar ef ríkissjóður kostar að öllu eða verulegu leyti starfsemi þeirra með framlögum eða ber rekstrarlega ábyrgð á starfsemiinni samkvæmt lögum eða samningi.

B-hluti. Ríkisfyrirtæki sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum eða sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja, hvort sem er í samkeppni eða í skjóli einkaréttar, enda séu þau hvorki sameignar- né hlutafélag.

C-hluti. Lánastofnanir í eigu ríkisins aðrar en innlánsstofnanir, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélag.

D-hluti. Fjármálastofnanir ríkisins, þar með taldir bankar og váttryggingafyrirtæki í eigu ríkisins, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélag.

E-hluti. Sameignar- og hlutafélag sem ríkið á að hálfu eða meira.

Reikningurinn fyrir árið 2005 er settur fram í tveimur hlutum. Annars vegar er *Ríkisreikningur 2005 – Heildaryfirlit* þar sem sýnd er afkoma allra ríkisaðila. Þar kemur fram samstæðureikningur fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild. Jafnframt eru þar sýndar lykiltölur úr ársreikningum annarra ríkisaðila, þ.e. ríkisfyrirtækja í B-hluta, lánastofnana í C-hluta, fjármálastofnana í D-hluta og hlutafélaga og sameignarfélaga í E-hluta. Hins vegar er *Ríkisreikningur 2005 – Ársreikningar ríkisaðila* sem sýnir reikninga einstakra A-hluta aðila og helstu niðurstöður úr ársreikningum annarra ríkisaðila.

1.2 A-hluti ríkissjóðs Reikningsskilareglur

1. *Lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins.* Eftir gildistöku laganna gilda almennt sömu reglur og í reikningsskilum fyrirtækja með tveimur undantekningum. Þær varða bókhaldslega meðferð varanlegra rekstrarfjármuna og færslur í tengslum við verðlags- og gengisbreytingar. A-hluta aðilum er gert að færa varanlega rekstrarfjármuni til gjalda þegar stofnað er til skuldbindandi samninga um kaup á þeim. Þá eru áhrif launa-, verðlags- og gengisbreytinga á stöðu lánareikninga færð um endurmatsreikning á höfuðstólsreikning en ekki á rekstrarreikning.

2. *Rekstrargrunnur.* Reikningurinn er gerður upp á rekstrargrunni. Í rekstrarreikningi eru færðar álagðar tekjur á reikningsárinu án tillits til þess hvenær þær innheimtast og gjöld eru gjaldfærð á því ári sem til þeirra er stofnað óháð því hvenær þau koma til greiðslu. Í rekstrarreikningi A-hluta ríkisreiknings eru gjöld tilfærð að frádrægnum sértekjum stofnana, sbr. 12. gr. laganna, með sama hætti og gjöld í 1. gr. fjárlaga og í sundurliðun 2.

3. *Eignir og skuldir.*

Verð- og gengisbreytingar. Áhrif almennra verð- og gengisbreytinga á lánareikninga eru ekki sýnd í rekstrarreikningi A-hluta ríkissjóðs. Þess í stað eru breytingar á stöðu þeirra vegna gengismunar og verðbóta færðar um endurmatsreikning á höfuðstólsreikning.

Hlutabréf. Almennt er miðað við framreiknaða bókfærða eign í ársbyrjun með breytingum á vísitölu neysluverðs frá ársbyrjun til ársloka. Hafi jöfnunarbréf verið gefin út á árinu eru þau látin gilda. Hlutabréf sem keypt eru á árinu eru framreiknuð til ársloka frá gildandi vísitölu á kaupdegi.

Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum sem ekki eru hlutafélag.

Þeir voru færðir inn í efnahagsreikning ríkissjóðs í fyrsta sinn í ársbyrjun 1998. Almennt miðaðist upphafsfræslan við 80% af eigin fé viðkomandi aðila samkvæmt ársreikningi í árslok 1997 eða við sérfræðilegt mat á virði þar sem það lá fyrir. Í árslok 2005 er almennt miðað við framreiknaðan bókfærðan eignarhluta í ársbyrjun með breytingum á vísitölu neysluverðs frá ársbyrjun til ársloka. Jafnframt taka reikningsskilin tillit til sérstakra úttekta sem gerðar eru á verðmæti fyrirtækja sem ríkissjóður á að hluta eða öllu leyti.

Veitt og tekin lán. Verðtryggð og gengisbundin veitt og tekin lán eru uppfærð miðað við skráð gengi gjaldmiðla 31. desember 2005 og vísitölur janúarmánaðar 2006.

Lífeyrisskuldbindingar. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs í árslok 2005 miðast meðal annars við eftirtaldir almennar forsendur: 2% ávöxtun umfram launahækkunar; íslenskar lífslíkur miðað við reynslu árána 1999-2003; íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur samkvæmt staðli Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga; gert er ráð fyrir óbreyttri hjúskaparstöðu á árinu 2005 eins og hún var í árslok 2004 nema við andlát; við mat á framtíðarörorku er miðað við 50% af meðaltali örorkulíka 17 íslenskra lífeyrissjóða út frá reynslu árána 1998-2002, en staðlaðar örorkulíkur munu fyrst liggja fyrir frá og með reikningsárinu 2006. Við matið í árslok 2005 er almennt miðað við að virkir sjóðfélagar hefji töku ellilífeyris 68 ára hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) og 65 ára hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga (LH). Hjá LSR miðast ellilífeyrisaldur annarra en virkra félaga við 65 ára aldur. Í ríkisreikningi miðast færsla lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs við áfallnar skuldbindingar, þar sem nýjar skuldbindingar færast um rekstrarreikning og almennar launabreytingar um endurmatsreikning. Við mat á almennum launabreytingum er beitt vísitölu launa opinberra starfsmanna og bankamanna sem Hagstofa Íslands reiknar. Jafnframt er tekið tillit til sérstakra innborgana ríkissjóðs upp í framtíðarskuldbindingar sínar gagnvart lífeyrissjóðunum þar sem það á við.

Afskriftir og niðurfærsla eftirstöðva.

Eftirstöðvar ríkistekna. Niðurfærsla eftirstöðva ríkissjóðstekna í árslok 2005 var með tvennum hætti. Annars vegar voru skuldir færðar niður um 80% hjá þeim aðilum sem voru í gjaldþrotaskiptum eða þeim var lokið. Hins vegar voru skuldir færðar niður um 75% hjá þeim aðilum sem voru í annarri vanskilameðferð. Þessari aðferð var beitt við skuldir sem voru tilkomnar á árinu 2004 eða fyrr. Kröfur sem mynduðust á árinu 2005, og uppfylltu áður nefnd skilyrði, voru færðar niður um 40%.

Veitt lán. Sem fyrr eru veitt lán ríkissjóðs færð niður með beinni og óbeinni afskrift í ríkisreikningi.

Framsetning A-hluta í ríkisreikningi

Framsetning fjármála A-hluta ríkissjóðs í ríkisreikningi gegnir tvíþættu hlutverki. Annars vegar að sýna afkomu ríkissjóðs í heild á viðkomandi reikningsári. Hins vegar að sýna afkomu einstakra aðila innan A-hlutans og stöðu þeirra gagnvart ríkissjóði.

1. A-hluti ríkissjóðs í heild

Helstu yfirlit A-hluta eru: a) rekstrarreikningur, b) efnahagsreikningur og c) sjóðstreymi. Jafnframt eru birtar ítarlegar skýringar við yfirlitin.

a) Rekstrarreikningur

Tekjum er skipt upp í 5 aðalflokka, þ. e. skatttekjur og tryggingagjöld, fjárframlög, aðrar tekjur, sölu efnislegra eigna og hagnað af peningalegum eignum. *Gjöld* eru flokkuð eftir ráðuneytum auk þess að sýna fjármagns-kostnað ríkissjóðs sérstaklega.

b) Efnahagsreikningur

Eignir eru flokkaðar í áhættufjármuni og langtímakröfur annars vegar og veltufjármuni hins vegar. *Höfuðstóll* kemur fram sem mismunur á eignum og skuldum. *Skuldir* eru flokkaðar í lífeyrisskuldbindingar, langtímaskuldir og skammtímaskuldir.

c) Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri kemur fram þegar tekið hefur verið tillit til áhrifa rekstrarliða sem ekki hafa fjárstreymi í för með sér og breytinga á rekstartengdum eignum og skuldum á tekjufjöfnuð ríkissjóðs.

Fjárfestingarhreyfingar sýna hreyfingar á veittum lánum og breytingar í tengslum við kaup og sölu á verðbréfum, hlutabréfum og eignarhlutum í fyrirtækjum og stofnunum.

Fjármögnunarhreyfingar sýna breytingar á teknum lánum og á endurmati sjóðs- og bankareikninga.

Breyting á handbæru fé kemur fram sem niðurstaða sjóðstreymis og er samtala af handbæru fé frá rekstri, fjárfestingarhreyfingum og fjármögnunarhreyfingum.

2. Ársreikningar A-hluta aðila

Helstu yfirlit sem sýnd eru fyrir einstök ráðuneyti og ríkisstofnanir eru: a) rekstrarreikningur, b) efnahagsreikningur og c) sjóðstreymi. Þessi yfirlit nálgast framsetningu almennra

reikningsskila með nokkrum undantekningum að því er varðar bókhaldslega meðferð og framsetningu yfirlita.

a) Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur stofnunar sýnir allar tekjur hennar sem geta verið sértekjur, aðrar rekstrartekjur eða tekjur sem stofnuninni eru markaðar til sérstakrar ráðstöfunar með lögum. Jafnframt er framlag ríkissjóðs fært sem tekjur um rekstrarreikninginn. Gjöldum stofnana er skipt eftir viðfangsefnum. Niðurstaða rekstrarreiknings sýnir hvort viðkomandi stofnun hefur verið rekin með afgangi eða halla miðað við fjárheimildir ársins. Afgangurinn/hallinn flyst á eigið fé í efnahagsreikningi og kemur í flestum tilvikum til breytingar á höfuðstóli viðkomandi stofnunar. Í undantekningartilvikum flyst niðurstaða rekstrarreiknings að hluta eða öllu leyti á bundið eigið fé undir annað eigið fé. Er það gert til að fresta ráðstöfun fjárens til síðari tíma samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis. Yfirlitið sýnir samanburð annars vegar á útkomu ársins við reikningsniðurstöður ársins á undan og hins vegar við fjárheimildir ársins. Fjárheimildir ársins takmarkast við samþykktar heimildir samkvæmt fjárlögum og fjárukalögum reikningsársins.

b) Efnahagsreikningur

Eignir eru flokkaðar í fastafjármuni annars vegar og veltufjármuni hins vegar.

Eigið fé kemur fram sem mismunur eigna og skulda, en það skiptist í höfuðstól og annað eigið fé. Höfuðstóll í árslok sýnir stöðu rekstrarfjárheimildar viðkomandi stofnunar í árslok sem flyst til ráðstöfunar á næsta ári. Annað eigið fé er almennt bundið í efnahag stofnananna.

Skuldir eru flokkaðar í langtímaskuldir og skammtímaskuldir. Loks dregur efnahagsreikningur stofnunar sérstaklega fram hver greiðslustaða hennar er gagnvart ríkissjóði í árslok.

c) Sjóðstreymi

Sjóðstreymi stofnana er, auk hefðbundinna liða sem lýst hefur verið hér að framan, ætlað að draga fram hvernig greiðslustaða stofnunar breytist gagnvart ríkissjóði á viðkomandi reikningsári.

1.3 Ríkisaðilar utan A-hluta ríkissjóðs

Fram hefur komið að í ríkisreikningi á að birta upplýsingar úr ársreikningum ríkisyfirtækja í B-hluta, lánastofnana ríkisins í C-hluta, fjármálastofnana ríkisins í D-hluta og hlutafélaga og sameignarfélaga sem ríkið á að hálfu eða meira í E-hluta.

Samkvæmt fjárreiðulögum ber að haga reikningsskilum þessara aðila í samræmi við ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, og laga nr. 144/1994, um ársreikninga.

Í heildaryfirliti ríkisreiknings fyrir árið 2005 eru birtar lykiltölur úr ársreikningum ríkisaðila utan A-hluta. Ársreikningabók ríkisreiknings sýnir ítarlegri upplýsingar úr ársreikningum þessara fyrirtækja og stofnana. Þar koma fram helstu stærðir úr rekstrar- og efnahagsreikningum þessara aðila.

2. Tekjujöfnuður og lánsfjárför A-hluta ríkissjóðs

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Reikningur 2003	Reikningur 2002
Tekjur af almennri starfsemi alls	362.343	301.367	262.620	247.488
Skatttekjur og tryggingagjöld	335.223	275.673	238.859	220.510
Aðrar tekjur af almennri starfsemi	27.120	25.694	23.761	26.978
Gjöld alls	308.394	300.438	280.712	267.332
Rekstrargjöld	145.091	138.919	110.070	116.774
Rekstrar- og neyslutilfærslur	130.547	124.395	129.494	112.614
Fjármagnskostnaður	13.420	14.152	15.256	16.005
Viðhald	4.899	5.000	6.266	6.136
Stofnkostnaður	10.871	13.860	14.048	10.715
Fjármagnstilfærslur	3.567	4.112	5.579	5.088
Tekjur af almennri starfsemi umfram gjöld	53.949	929	-18.092	-19.844
Sala efnislegra eigna	990	1.035	880	1.177
Hagnaður af peningalegum eignum	57.833	29	11.073	10.545
Tekjur umfram gjöld	112.771	1.993	-6.137	-8.121
Veitt lán, breyting	-18.349	26.345	5.729	11.310
Viðskiptareikningar, breyting	-19.554	-3.744	9.067	-14.293
Vörubirgðir, breyting (aukning + / minnkun -)	-113	-40	-145	-85
Hlutfjár- og stofnfjárframlög, breyting	11.135	-723	4.767	703
Lífeyrisskuldbindingar, breyting	-8.946	-4.435	-9.313	985
Langtímaskuldbindingar, áfallnir vextir	-360	-8.360	-562	-5.141
Lánsfjárfangur/þörf, nettó (+/-)	76.584	11.036	3.406	-14.641
Tekin lán, nettó	-49.594	-3.718	-2.898	13.465
Innlend lán, stutt	-534	-6.002	8.476	-27
Innlend lán, löng	-1.369	11.157	4.619	2.985
Erlend lán	-47.691	-8.873	-15.993	10.507
Breyting á handbæru fé	26.990	7.317	505	-1.178
Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %				
Tekjur alls	42,3	33,0	33,1	32,3
Skatttekjur og tryggingagjöld	33,7	30,1	28,9	27,6
Gjöld alls	31,0	32,8	33,9	33,4
Rekstrargjöld	14,6	15,2	13,3	14,6
Rekstrar- og neyslutilfærslur	13,1	13,6	15,6	14,1
Fjármagnskostnaður	1,3	1,5	1,8	2,0
Tekjur umfram gjöld	11,3	0,2	-0,7	-1,0
Lánsfjárfangur/þörf, nettó (+/-)	7,7	1,2	0,4	-1,8
Verg landsframleiðsla, millj. kr.	995.991	916.765	827.863	799.560

3. Tekjur A-hluta ríkissjóðs

Tekjur ríkissjóðs eru flokkaðar í samræmi við staðla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (GFS 2001) með nokkrum frávikum. Þær skiptast í fimm aðalflokka; skatttekjur og tryggingagjöld, fjárframlög, aðrar tekjur, sölu efnislegra eigna og hagnað af peningalegum eignum. Frávik frá staðlinum eru einkum þau að skatttekjur og tryggingagjöld flokkast saman undir yfirflokknum "skatttekjur og tryggingagjöld", en í staðlinum falla þessar tekjur undir tvo yfirflokka. Þá er yfirflokknum "skattar á vöru og þjónustu" samkvæmt staðlinum skipt upp í tvo flokka hér, þ. e. "skatta á vöru og þjónustu" og "skatta af alþjóðaviðskiptum".

Skatttekjur og tryggingagjöld eru í einum flokki eins og fram hefur komið. Skatttekjur eru skilgreindar sem lögbvingaðar greiðslur til opinberra aðila án þess að á móti komi tiltekin þjónusta. Tryggingagjöld eru af svipuðum toga en gefa þó beinan eða óbeinan aðgang að tryggingavernd að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. *Fjárframlög* eru óendurkræf framlög frá erlendum stjórnvöldum, alþjóðastofnunum eða hinu opinbera. *Aðrar tekjur* eru tekjur af eignum hins opinbera, greiðslur fyrir tiltekna þjónustu sem það eitt veitir og almennt eru tekjurnar ekki hærrí en sá kostnaður sem að baki þjónustunni liggur. *Sala efnislegra eigna* miðast við söluandvirði varanlegra rekstrar-

fjármuna, fasteigna og jarðeigna enda eru þær ekki eignfærðar í reikningsskilum ríkisins. *Hagnaður af peningalegum eignum* nær til hagnaðar sem myndast við sölu verðbréfa, hlutabréfa og eignarhluta í fyrirtækjum.

Heildartekjur A-hluta ríkissjóðs námu 421.166 millj. kr. á árinu 2005 eða um 42,3% af landsframleiðslu ársins. Árið 2004 námu tekjurnar 302.431 millj. kr. eða 33,0% af landsframleiðslunni. Hækkun á milli ára nam því 118.735 millj. kr. eða um 39,3%. Meðalvísitala neysluverðs hækkaði um 4,0% á milli ára, því hækkuðu tekjurnar um 33,9% að raungildi miðað við þá verðbreytingu. Tekjur af sölu Landsíma Íslands hf. á árinu 2005 riðla öllum samanborði á milli ára en þær námu alls 62.351, þar af nam söluhagnaðurinn 56.755 millj. kr. og fjármagnstekjuskattur 5.597 m. kr. Að þessum tekjum frátöldum námu tekjur ríkissjóðs 358.815 m. kr. á árinu 2005 og er það 56.384 m. kr. hækkun frá árinu á undan eða um 18,6%. Að raungildi hækka þær tekjur um 14,1% á milli ára.

Tekjurnar eru gerðar upp á grundvelli álagningar að teknu tilliti til breytinga á árinu. Eftirfarandi yfirlit sýnir hlutfallslega samsetningu tekna ríkissjóðs á árinu 2005, bæði með og án tekna af sölu Landsíma Íslands hf., samanborið við árið 2004.

Í millj. kr.	Reikningur 2005	%	Reikningur 2005 án sölu Landssímans	%	Reikningur 2004	%
Skatttekjur og tryggingagjöld	335.223	79,6	329.626	91,9	275.673	91,2
Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	73.615	17,5	73.615	20,5	65.006	21,5
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	23.413	5,6	23.413	6,5	11.589	3,8
Skattur á fjármagnstekjur	21.671	5,1	16.074	4,5	13.554	4,5
Skattar á launagreiðslur og vinnuáfl	324	0,1	324	0,1	516	0,2
Eignarskattar	13.340	3,2	13.340	3,7	11.552	3,8
Virðisaukaskattur	114.183	27,1	114.183	31,8	96.433	31,9
Vörugjöld	38.339	9,1	38.339	10,7	31.174	10,3
Sértækir þjónustuskattar	2.166	0,5	2.166	0,6	2.078	0,7
Neyslu- og leyfisskattar	10.354	2,5	10.354	2,9	10.953	3,6
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	3.539	0,8	3.539	1,0	3.086	1,0
Aðrir skattar	1.504	0,4	1.504	0,4	1.369	0,5
Tryggingagjöld	32.777	7,8	32.777	9,1	28.364	9,4
Fjárframlög	901	0,2	901	0,3	806	0,3
Aðrar tekjur	26.219	6,2	26.219	7,3	24.888	8,2
Vaxtatekjur	9.166	2,2	9.166	2,6	10.333	3,4
Arðgreiðslur	8.230	2,0	8.230	2,3	4.177	1,4
Aðrar eignatekjur, ótalið annars staðar	1.154	0,3	1.154	0,3	1.169	0,4
Neyslu- og leyfisgjöld	6.607	1,6	6.607	1,8	6.202	2,1
Sektir og skaðabætur	899	0,2	899	0,3	2.722	0,9
Aðrar tekjur, ótalið annars staðar	162	0,0	162	0,0	286	0,1
Sala efnislegra eigna	990	0,2	990	0,3	1.035	0,3
Hagnaður af peningalegum eignum	57.833	13,7	1.079	0,3	29	0,0
Tekjur samtals	421.166	100,0	358.815	100,0	302.431	100,0

Við samanburð á milli ára gefur samsetningin án tekna af sölu Landssímans marktækari niðurstöður. Árið 2005 skiptust tekjurnar þannig að skatttekjur og tryggingagjöld námu 91,9%, aðrar tekjur 7,3%, sala efnislegra eigna 0,3%, hagnaður af peningalegum eignum 0,3% og fjárframlög 0,3%. Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila skila ríkissjóði 27,0% af heildartekjunum og virðisaukaskatturinn 31,8%. Aðrir helstu tekjustofnar ríkissjóðs á árinu 2005 eru vörugjöld 10,7% og tryggingagjöld 9,1%.

Áætlaðar tekjur ríkissjóðs árið 2005 samkvæmt fjárlögum og fjárukaulögum námu 408.582 millj. kr., þar af voru áætlaðar tekjur af sölu Landssímans hf. 63.200 m. kr. Tekjur af sölu fyrirtækisins skiptust þannig að söluhagnaður var áætlaður 57.500 millj. kr. og

fjármagnstekjuskattur 5.700 millj. kr. Niðurstaða tekna í heild var því 12.584 millj. kr. eða 3,1% umfram áætlun. Helstu frávik umfram áætlun voru skattar á tekjur og hagnað 7.622 millj. kr., virðisaukaskattur 5.783 millj. kr. og vörugjöld 2.084 millj. kr. Undir áætlun voru eignarskattar um 890 millj. kr. og vaxtatekjur 4.274 millj. kr.

Í séryfirliti 1 er ítarleg sundurliðun á einstökum tekjuliðum ríkissjóðs á árinu 2005. Þar koma einnig fram reikningstölur ársins 2004 og áætlaðar tekjur samkvæmt fjárlögum og fjárukaulögum fyrir árið 2005.

Yfirlitið hér að neðan sýnir álagningu, innheimtu og afskriftir helstu flokka ríkistekna á árinu 2005 og eftirstöðvar þeirra í ársbyrjun og árslok.

Í millj. kr.	Eftirstöðvar í ársbyrjun	Álagning ársins	Innheimta ársins	Afskriftir ársins	Eftirstöðvar í árslok
Skatttekjur og tryggingagjöld	53.762	335.223	-314.675	-8.326	65.984
Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	13.055	73.615	-70.374	-2.005	14.291
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	4.320	23.413	-15.299	-2.269	10.165
Skattur á fjármagnstekjur	9.613	21.671	-16.986	-289	14.009
Skattar á launatekjur og vinnuafli	71	324	-346	-3	46
Eignarskattar	803	13.340	-13.289	47	900
Virðisaukaskattur	19.130	114.183	-111.157	-3.494	18.662
Vörugjöld	1.946	38.339	-38.117	-18	2.150
Sértækir þjónustuskattar	343	2.166	-2.193	-	315
Neyslu- og leyfisskattar	465	10.354	-9.744	-85	989
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	272	3.539	-3.471	-8	332
Aðrir skattar	140	1.504	-1.442	-16	186
Tryggingagjöld	3.604	32.777	-32.257	-186	3.938
Fjárframlög	9	901	-899	-	11
Aðrar tekjur	11.909	26.219	-26.556	-1.469	10.103
Vaxtatekjur	8.080	9.166	-8.076	-1.201	7.969
Arðgreiðslur	-	8.230	-8.230	-	-
Aðrar eignatekjur	478	1.154	-1.254	-1	377
Neyslu- og leyfisgjöld	578	6.607	-6.546	-65	575
Sektir og skaðabætur	2.719	899	-2.234	-202	1.182
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	54	162	-216	-	-
Sala efnislegra eigna	-	990	-990	-	-
Hagnaður af peningalegum eignum	-	57.833	-57.833	-	-
Tekjur samtals	65.680	421.166	-400.953	-9.795	76.098

Samkvæmt yfirlitinu hækkuðu eftirstöðvar ríkistekna um 10.418 millj. kr. á árinu 2005 eða úr 65.680 millj. kr. í ársbyrjun í 76.098 millj. kr. í árslok. Þar af hækkuðu ógjaldfallnar eftirstöðvar á milli ára um 6.415 millj. kr. eða úr 28.347 millj. kr. í 34.762 millj. kr. Álagðar tekjur ársins að teknu tillit til breytinga námu 421.166 millj. kr.,

en innheimtar tekjur voru 400.953 millj. kr. eða 20.213 millj. kr. lægri fjárhæð. Innheimtar tekjur námu því 95,2% af tekjum ársins samanborið við 94,5% árið 2004. Afskriftir af kröfum ríkissjóðs námu 9.795 millj. kr. á árinu 2005 samanborið við 10.126 millj. kr. árið 2004. Um afskriftir skattkrafna er fjallað frekar í skýringu 34.

4. Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar

Í millj.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjárukalög 2005
Skattar á tekjur einstaklinga					
Staðgreiðsla ársins, brúttó	142.177	126.038	16.139	12,8	...
Útsvar sveitarfélaga	-73.045	-64.334	-8.711	13,5	...
Tekjuskattur, hluti ríkissjóðs í staðgreiðslu ársins	69.133	61.704	7.428	12,0	70.900
Tekjuskattur, eftirstöðvar fyrri ára	3.477	2.141	1.337	62,4	...
Sérstakur tekjuskattur	1.005	1.161	-156	-13,4	800
Skattar á tekjur einstaklinga samtals	73.615	65.006	8.609	13,2	71.700
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	17,5	21,5	.	.	17,5
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	20,5	.	.	.	20,8

Tekjuskattur einstaklinga er lagður á samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt. Uppgjör tekjuskatts í staðgreiðslu miðast við innheimtu í lok greiðsluársins að viðbættri innheimtu til loka febrúar á álagningarári vegna fyrra árs. Jafnframt er tekið tillit til vanskila kaupgreiðenda í árslok og breytinga á þeim til febrúarloka. Skattar á tekjur einstaklinga námu 73.615 millj. kr. eða um 17,5% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 2005.

Tekjuskattshlutfall einstaklinga lækkaði úr 25,75 árið 2004 í 24,75% árið 2005. Vegð meðaltal af útsvari sveitarfélaga í staðgreiðslu hækkaði úr 12,83% árið 2004 í 12,98% árið 2005. Samanlagt tekjuskatts- og útsvarshlutfall árið 2005 nam því 37,73% samanborið við 38,58% árið á undan.

Með lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt er lagður 10% fjármagnstekjuskattur á hagnað af sölu hlutabréfa upp að tiltekinni fjárhæð. Sé söluhagnaðurinn hærri skattleggst það sem umfram er á sama hátt og aðrar tekjur.

Skattafsláttur, þ.e. ónýttur persónuafsláttur til tekjuskatts, nam samtals 4.831 millj. kr. á árinu 2005 og var honum ráðstafað sem hér segir:

	Í millj. kr.
Skattafsláttur til greiðslu	
útsvars	4.414
eignarskatts	338
tekjuskatts á fjármagnstekjur	79
Ráðstöfun skattafsláttar samtals	4.831

Skattafsláttur til greiðslu útsvars og fjármagnstekjuskatts er dreginn frá tekjuskatti og fjármagnstekjuskatti. Skattafsláttur til greiðslu eignarskatts og sérstaks eignarskatts er dreginn frá eignarsköttum. Sérstakur tekjuskattur manna var framlengdur til ársins 2006. Skatturinn er 4% og er lagður á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram ákveðna fjárhæð og er hún tvöfalt hærri hjá hjónum. Á síðustu fimm mánuðum ársins 2005 var innheimt 2% fyrirframgreiðsla vegna væntanlegrar álagningar 2006.

5. Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar

Í millj.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting fjárhæð %		Fjárlög/ Fjárukalög 2005
Skattar á tekjur lögaðila					
Tekjuskattur lögaðila	23.413	11.589	11.824	...	20.500
Skattar á tekjur lögaðila samtals	23.413	11.589	11.824	...	20.500
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	5,6	3,8	.	.	5,0
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	6,5	.	.	.	5,9

Tekjuskattshlutfall lögaðila á árinu 2005 var óbreytt frá árinu áður. Það er 18% af tekjuskattsstofni nema hjá sameignarfélögum er hlutfallið 26% og 5% hjá alþjóðlegum viðskiptafélögum. Sameignarfélög, sem og sjálfseignarstofnanir, dánarbú og önnur

félög, sjóðir og stofnanir sem tilgreindar eru í 5. tl. 2. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, greiða þó 10% tekjuskatt af fengnum arði frá hlutafélögum.

6. Skattur á fjármagnstekjur

Í millj.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting fjárhæð %		Fjárlög/ Fjárukalög 2005
Skattur á fjármagnstekjur					
Ríkissjóður	7.059	2.093	4.966	...	6.877
Aðrir	14.612	11.461	3.151	27,5	12.000
Skattur á fjármagnstekjur samtals	21.671	13.554	8.117	59,9	18.877
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	5,1	4,5	.	.	4,6
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	6,0	.	.	.	5,5

Skylda til að greiða skatt af vaxtatekjum, arði, söluhagnaði og leigutekjum nær til allra sem lögheimili eiga á Íslandi og hafa fjármagnstekjur sem ekki stafa af atvinnurekstri, sbr. lög nr. 90/2003 um tekjuskatt. Skylda til að greiða staðgreiðslu af arði og vaxtatekjum nær til allra einstaklinga og lögaðila sem ekki eru sérstaklega undanþegnir, sbr. lög nr. 94/1996.

Staðgreiðsla á fjármagnstekjur í atvinnurekstri er bráðabirgðagreiðsla upp í tekjuskatt eða önnur gjöld sem lögð eru á slíka rekstraraðila. Hjá einstaklingum og sjóðum, félögum og stofnunum sem undanþegnar eru almennri skattskyldu er staðgreiðslan bráðabirgðagreiðsla upp í álagðan tekjuskatt á fjármagnstekjur. Staðgreiðsla vegna skatts á fjármagnstekjur nam 13.652 millj. kr. á árinu 2005.

7. Skattar á launagreiðslur og vinnuafli

Í millj.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjáraukalög 2005
Skattar á launagreiðslur og vinnuafli					
Markaðsgjald	274	242	32	13,0	285
Tryggingagjald, hluti Vinnueftirlits ríkisins	6	235	-229
Tryggingagjald, hluti Staðlaráðs	38	34	4	12,3	40
Tryggingagjald, hluti Icepro	5	5	1	12,3	6
Skattar á launagreiðslur og vinnuafli samtals	324	516	-192	-37,3	330
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	0,1	0,2	.	.	0,1
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	0,1	.	.	.	0,1

Tryggingagjald, hluti. Hluta af gjaldstofni almenns tryggingagjalds er ráðstafað til að standa straum af rekstri Staðlaráðs eða sem nemur 0,007% af gjaldinu og 0,001% til Icepro. Á árinu 2005 var hluti Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi felldur niður.

Markaðsgjald. Er lagt á gjaldstofn tryggingagjalds samkvæmt lögum nr. 160/2002. Gjaldið er 0,05% og innheimt með tryggingagjaldi.

8. Eignarskattar

Í millj.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjáraukalög 2005
Eignarskattar					
Eignarskattur, einstaklingar	1.388	2.120	-732	-34,5	2.830
Eignarskattur, lögaðilar	1.499	1.280	220	17,2	1.480
Erfðafjárskattur og skattar á gjafafé	866	892	-26	-2,9	500
Skattar á fjármagnsviðskipti, stimpilgjald	9.073	6.470	2.603	40,2	9.000
Skipulagsgjald	248	256	-8	-3,2	140
Próunarsjóðsgjald	-14	253	-267	...	-
Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins	280	281	-1	-0,5	280
Eignarskattar samtals	13.340	11.552	1.788	15,5	14.230
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	3,2	3,8	.	.	3,5
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	3,7	.	.	.	4,1

Eignarskattur einstaklinga reiknast af eignarskattsstofni skv. lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt. Eignarskattshlutfall einstaklinga var óbreytt árið 2005 frá árinu á undan.

Eignarskattshlutfall lögaðila var óbreytt 2005 frá árinu á undan.

Erfðafjárskattur er 5% frá 1. apríl 2004 skv. lögum nr. 14/2004.

Stimpilgjald er greitt af þeim skjölum sem nánar eru tilgreind í lögum nr. 36/1978 með síðari breytingum. Stimpilgjald reiknast almennt sem ákveðinn hundradshluti af fjárhæð þeirri sem fram kemur á hinu stimpilskylda skjali.

Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins. Með lögum nr. 139/2004 um breytingar á lögum nr. 6/2001 er húseignum gert að greiða sérstakt umsýslugjald á árunum 2005 og 2006 til þess að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að halda og þróa Landsskrá fasteigna. Gjaldið er óbreytt frá árinu 2004 eða 0,1 prómill af brunabótamati hvernar húseignar.

Próunarsjóðsgjald. Með lögum nr. 51/2004 sem tóku gildi 1. september 2004 var felld niður skylda eigenda fiskiskipa til að greiða gjald í Próunarsjóð sjávarútvegsins. Þess í stað var tekið upp veiðigjald frá sama tíma sem sömu aðilar greiða í ríkissjóð.

9. Virðisaukaskattur

Í millj.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting fjárhæð %		Fjárlög/ Fjáralög 2005
Virðisaukaskattur					
Virðisaukaskattur af innfluttum vörum	74.782	60.197	14.585	24,2	}
Virðisaukaskattur af sölu vöru og þjónustu	47.284	43.859	3.425	7,8	
Endurgreiðslur	-7.884	-7.623	-261	3,4	} 108.400
Vegna íbúðarhúsnæðis	-2.521	-2.192	-329	15,0	
Til opinberra aðila	-3.138	-3.414	276	-8,1	
Til erlendra aðila	-404	-376	-27	7,3	
Af vörum til manneldis	-1.083	-988	-95	9,6	
Vegna hitunar húsa og laugarvatns	-301	-244	-56	23,0	
Aðrar endurgreiðslur	-438	-409	-29	7,2	
Virðisaukaskattur samtals	114.183	96.433	17.749	18,4	108.400
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	27,1	31,9	.	.	26,5
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	31,8	.	.	.	31,4

Um *virðisaukaskatt* gilda lög nr. 50/1988 með síðari breytingum. Samkvæmt lögnum á að greiða í ríkissjóð af viðskiptum innanlands á öllum stigum, svo og af innfluttri vöru og þjónustu. Almennt er skatturinn 24,5% en er þó 14% á tilteknar tegundir vöru og þjón-

ustu. Í lægra skattþrepinu má nefna matvörur, afnotagjald útvarpsstöðva, gistiþjónustu, tímarit, dagblöð og bækur, heitt vatn, rafmagn og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.

10. Vörugjöld

Í millj.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting		Fjárlög/ Fjárukalög 2005
			fjárhæð	%	
Vörugjöld					
Vörugjald, almennt	3.790	3.306	483	14,6	3.019
Vörugjald af ökutækjum	10.391	6.320	4.071	64,4	9.680
Vörugjöld af bensíni og olíuvörum	2.356	2.248	108	4,8	2.025
Sérstakt vörugjald af bensíni	6.342	6.100	242	4,0	6.256
Olíugjald	1.703	-	1.703	.	1.665
Vörugjöld af áfengi	7.111	6.658	453	6,8	7.259
Vörugjöld af tóbaki	3.773	3.589	184	5,1	3.694
Vörugjöld, umhverfisskattar	1.478	1.425	53	3,7	1.253
Vörugjöld í landbúnaði	793	718	74	10,3	788
Vörugjöld, eftirlitsgjöld	57	44	13	30,7	38
Flutningsjöfnunargjöld	404	506	-102	-20,2	481
Vörugjöld af rafmagni, eftirlitsgjöld	46	45	1	1,4	-
Ýmis vörugjöld	96	213	-117	-55,0	98
Vörugjöld samtals	38.339	31.174	7.165	23,0	36.255
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	9,1	10,3	.	.	8,9
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	10,7	.	.	.	10,5

Vörugjald, almennt er lagt á ýmsar iðnaðarvörur og vörur vegna aðvinnslu skv. lögum nr. 97/1987.

Með lögum nr. 29/1993 sem tóku gildi 1. júlí 1993 voru lögð *vörugjöld á ökutæki og eldsneyti* í stað tolla.

Með lögum nr. 96/1995, var tekið upp *áfengisgjald* frá 1. september 1995 og er það lagt á allt áfengi. Gjaldið leysti af hólmi vínandagjald sem var hluti af álagningu ÁTVR við sölu áfengis og var skilað í ríkissjóð sem hluti af hagnaði fyrirtækisins.

Vörugjöld í landbúnaði. Gjaldstofn búnaðargjalds er velta búvöru og tengdrar þjónustu hjá virðisaukaskattskyldum búvöruframleiðendum sem falla undir ákveðin atvinnugreinanúmer. Búnaðargjaldið er

2,00% af gjaldstofni. Önnur gjöld landbúnaðarins eru verðtilfærslugjald, verðmiðlunargjald og verðskerðingargjald.

Vörugjöld, umhverfisskattar. Með lögum nr. 52/1989 sem tóku gildi 1. júní 1989 var lagt skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur til þess að standa straum af söfnun og endurvinnslu þeirra. Með lögum nr. 162/2002 var lagt á sérstakt úrvinnslugjald. Markmið laganna er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.

Olíugjald á díseldsneyti var tekið upp sem nýtt skattkerfi í stað þungaskatts hinn 1. júlí 2005 þegar lög nr. 87/2004 tóku gildi. Gjaldið er tiltekin fjárhæð á hvern seldan dísilíltra.

11. Sértekir þjónustuskattar

Í millj.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting fjárhæð	Breyting %	Fjárlög/ Fjárukalög 2005
Sértekir þjónustuskattar					
Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins	300	288	11	4,0	298
Forvarnargjald	799	795	4	0,5	826
Brunavarnargjald	202	160	42	26,5	150
Flugvallargjald	864	835	30	3,6	785
Sértekir þjónustuskattar samtals	2.166	2.078	88	4,2	2.059
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	0,5	0,7	.	.	0,5
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	0,6	.	.	.	0,6

12. Neyslu- og leyfisskattar

Í millj.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting fjárhæð	Breyting %	Fjárlög/ Fjárukalög 2005
Neyslu- og leyfisskattar					
Bifreiðagjald	3.665	3.187	477	15,0	3.777
Pungaskattur	3.918	5.865	-1.947	-33,2	3.143
Kílómetragjald	657	-	657	.	-
Skipagjöld	172	159	14	8,6	104
Skráningargjöld	761	656	105	16,1	648
Leyfi f atvinnustarfsemi	90	108	-17	-16,1	66
Eftirlitsgjöld	741	696	45	6,5	634
Ýmsir neyslu- og leyfisskattar	350	283	67	23,7	479
Neyslu- og leyfisskattar samtals	10.354	10.953	-599	-5,5	8.851
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	2,5	3,6	.	.	2,2
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	2,9	.	.	.	2,6

Neyslu- og leyfisskattar eru almennt skilgreindir sem skattar sem lagðir eru á notkun eða neyslu vöru og þjónustu en eru ekki lagðir á viðskiptin sjálf eða verðmæti vörunnar.

Bifreiðagjald er árlegt gjald sem lagt er á bifreiðar sem skráðar eru hér á landi eftir þyngd þeirra.

Pungaskattur af díselbifreiðum var bæði innheimtur sem fast árgjald út frá eigin þyngd bifreiðar og ákveðið gjald fyrir hvern ekinn kílómetra miðað við heildarþyngd hennar fram til 1. júlí 2005. Þá tóku gildi lög nr. 87/2004 um olúfgjald og kílómetragjald o.fl. Með upptöku olúfgjalds er tekið upp nýtt skattkerfi í stað núverandi þungaskatts.

Kílómetragjald er tekið upp til viðbótar við olúfgjaldið vegna aksturs bifreiða og eftirvagna sem eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heild-

arþyngd annarra en bifreiða til fólksflutninga. Gjaldið er ákvarðað sem tiltekin fjárhæð á hvern ekinn kílómetra.

Undir *skráningargjöld* eru m.a. skráningargjöld ökutækja og vinnvéla, skráning hlutafélaga, skráning firma, skráning loftfara, lögskráning sjómanna og skráning kaupmála.

Undir *eftirlitsgjöld* falla veiðieftirlitsgjöld, umferðaröryggisgjald, árgjöld og leyfi Lyfjastofnunar, árgjöld Póst- og fjarskiptastofnunar, eftirlitsgjöld Yfirdýralæknis, umsýslu- og eftirlitsgjöld með beitingu alþjóðlegra reikningskilastaðla, öryggisgjald, fóðureftirlitsgjald og eftirlitsgjöld áfengisleyfa o.fl.

Ýmsir neyslu- og leyfisskattar eru m.a ýmis afgreiðslugjöld, göld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa, ýmis söluleyfi, veiðileyfi, og ýmis leyfi skv. aukatekjulögum.

13. Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti

Í millj.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting fjárhæð %		Fjárlög/ Fjárukalög 2005
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti					
Tollar, almennir	3.520	3.070	450	14,7	3.260
Aðrir tollar	19	16	3	19,2	10
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti samtals	3.539	3.086	453	14,7	3.269
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	0,8	1,0	.	.	0,8
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	1,0	.	.	.	0,9

Tollur er greiddur af vörum sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins eins og mælt er fyrir í tollskrá nema annað sé tekið fram í tollalögum eða leiði af EES-samningnum og fríverslunarsamningum sem Ísland á aðild að.

14. Aðrir skattar

Í millj.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting fjárhæð %		Fjárlög/ Fjárukalög 2005
Aðrir skattar					
Framleiðslugjald af áli	39	44	-5	-10,8	60
Iðnaðarmálagjald	287	239	48	20,1	214
Jöfnunargjald til Pósts- og fjarskiptastofnunar	29	20	9	45,6	26
Rekstrargjald Pósts- og fjarskiptastofnunar	72	66	7	10,2	64
Rafveitueftirlitsgjald	138	116	22	18,8	107
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	939	885	54	6,1	944
Aðrir skattar samtals	1.504	1.369	135	9,9	1.416
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	0,4	0,5	.	.	0,3
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	0,4	.	.	.	0,4

Framleiðslugjald af áli nam alls 115 millj. kr. á árinu 2005. Hluttur ríkisins nam 39 millj. kr. og Hafnarfjarðarkaupstaðar 75 millj. kr. Iðnaðarmálagjald, 0,08% er lagt á alla virðisaukaskattskylda veltu iðnaðar í landinu.

Rekstrargjald Pósts- og fjarskiptastofnunar er greitt af bókfærðri veltu fjarskiptafyrirtækja, 0,20% og póstrekinda, 0,25% skv. lögum nr. 69/2003.

Jöfnunargjald er lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða almenna talsímaþjónustu. Gjald er 0,12% af bókfærðri veltu hér á landi.

15. Tryggingagjöld

Í millj.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting fjárhæð %		Fjárlög/ Fjárlög/ Fjárlög/ 2005
Tryggingagjöld					
Tryggingagjald, almennt, hluti	28.879	24.076	4.803	19,9	28.367
Atvinnutryggingagjald	3.516	3.971	-455	-11,5	3.701
Ábyrgðargjald atvinnurekenda	220	196	24	12,3	228
Slysatryggingagjald á sjómanna-laun	162	122	41	33,7	211
Tryggingagjöld samtals	32.777	28.364	4.413	15,6	32.506
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	7,8	9,4	.	.	8,0
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	9,1	.	.	.	9,4

Tryggingagjald er lagt á samkvæmt lögum nr. 113/1990. Launa-greiðendur greiða sérstakt gjald, tryggingagjald, af greiddum vinnu-launum, bóknunum, hlunnindum, reiknuðu endurgjaldi, mótfamlagi í lífeyrissjóð og öðrum hliðstæðum greiðslum.

Frá 1. janúar 2000 er almennt tryggingagjald hið sama fyrir öll greidd laun. Almennt tryggingagjald nam 4,84% á árinu 2005 og atvinnutryggingagjald 0,80%, óbreytt frá árinu á undan. Sérregla gildir þó vegna launa sjómanna á fiskiskipum en þar bætist við sérstök trygging, 0,65%.

Samkvæmt lögum nr. 113/1990 með síðari breytingum er tekjum af almennu tryggingagjaldi ráðstafað þannig að Fæðingarorlofssjóður fær 1,08% af gjaldstofni tryggingagjalds, Staðlaráð 0,007% og Icepro 0,001%. Afgangurinn rennur til Tryggingastofnunar ríkisins til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga eftir reglum sem fjármálaráðherra setur með reglugerð.

Tekjur af atvinnutryggingagjaldi renna til Atvinnuleysistryggingasjóðs en hjá bændum, smábátæigendum og vörubifreiðastjórum er atvinnutryggingagjald greitt til Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda er lagt á sama gjaldstofn og tryggingagjald skv. lögum nr. 1/1992 (88/2003). Ábyrgðargjaldi er ætlað að fjármagna Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Gjaldið var 0,04% árið 2005 eða óbreytt frá árinu 2004.

Sérstakt slysatryggingagjald er lagt á samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993. Gjaldið sem nemur 0,65% er lagt á útgerðarfirmakerfi vegna launa og aflahlutar sjómanna.

16. Fjárframlög

Í millj.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting fjárhæð %		Fjárlög/ Fjárlög/ Fjárlög/ 2005
Fjárframlög					
Framlag Bandaríkjanna til löggæslu	40	38	2	4,7	36
Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	363	322	41	12,6	276
Sveitarfélög, framlag vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	488	436	51	11,8	420
Hluti sveitarfélaga í rekstri Umferðarskólans	11	10	9
Fjárframlög samtals	901	806	94	11,6	741
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	0,2	0,3	.	.	0,2
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	0,3	.	.	.	0,2

Undir fjárframlög falla óundurkræf framlög af ýmsu tagi frá erlendum stjórnvöldum, alþjóðastofnunum og innlendum stjórnvöldum.

17. Vaxtatekjur

Í millj.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting fjárhæð %		Fjárlög/ Fjáraukalög 2005
Vaxtatekjur					
Dráttarvextir af ríkissjóðstekjum	3.913	5.859	-1.947	-33,2	8.600
Vextir af skammtímakröfum	2.095	699	1.396	...	1.740
Dráttarvextir af lánum	10	4	6	...	
Vextir af langtímakröfum	3.148	3.770	-622	-16,5	3.100
Vaxtatekjur samtals	9.166	10.333	-1.167	-11,3	13.440
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	2,2	3,4	.	.	3,3
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	2,6	.	.	.	3,9

18. Arðgreiðslur

Í millj.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting fjárhæð %		Fjárlög/ Fjáraukalög 2005
Arðgreiðslur					
Einkaleyfisgjald Hapdrættis H.Í.	173	156	16	10,5	110
Rekstrarhagnaður ÁTVR, hluti	670	649	21	3,2	350
Rafmagnsveitur ríkisins	217	153	64	41,8	220
Landssíminn hf	6.254	2.085	4.169	...	6.254
Landsvirkjun	195	179	17	9,3	195
Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.	375	375	-	...	670
Íslandspóstur hf	250	500	-250	...	
Norræni Fjárfestingarbankinn	43	35	7	21,1	
Aðrar arðgreiðslur	53	44	9	19,8	
Arðgreiðslur samtals	8.230	4.177	4.054	97,1	7.799
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	2,0	1,4	.	.	1,9
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	2,3	.	.	.	2,3

19. Aðrar eignatekjur, ótalið annars staðar

Í millj.kr.	Reikningur	Reikningur	Breyting		Fjárlög/ fjárlög
	2005	2004	fjárhæð	%	2005
Aðrar eignatekjur, ótalið annars staðar					
Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	786	695	90	13,0	1.000
Lóðarleiga	67	82	-15	-18,3	-
Afgjöld ríkisjarða	47	39	8	19,2	42
Fjárframlag Hapdrættis HÍ til Háskóla Íslands	255	345	-90	-26,1	215
Aðrar eignatekjur	0	7	-7	...	-
Aðrar eignatekjur, ótalið annars staðar samtals	1.154	1.169	-14	-1,2	1.257
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	0,3	0,4	.	.	0,3
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	0,3	.	.	.	0,4

Veiðigjald er innheimt fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða frá 1. september 2004 sbr. lög nr. 85/2002 um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Við ákvörðun gjaldsins eru lagðar til grundvallar aflatekjur

að frádrögnum reiknuðum kostnaði. Gjaldið er lagt á eigendur fiskiskipa miðað við úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla er kemur í hluta þeirra. Samkvæmt lögnum mun gjaldið hækka í áföngum fram til ársins 2009 með eftirtöldum hætti: 6,6% árið 2005, 7,3% árið 2006, 8,0% árið 2007, 8,7% árið 2008 og 9,5% árið 2009.

20. Neyslu- og leyfisgjöld

Í millj.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting		Fjárlög/ Fjárlög/ Fjárlög/ 2005
			fjárhæð	%	
Neyslu- og leyfisgjöld					
Afnotagjöld Ríkisútvarpsins	2.483	2.382	101	4,2	2.516
Innritunargjöld	859	708	151	21,4	636
Dómsmálagjöld og gjöld fyrir embættisverk sýslumanna	460	564	-104	-18,4	546
Lendingargjöld	584	560	23	4,2	595
Aðgangur að opinberum skráum	411	363	48	13,2	250
Áhættugjöld	231	267	-37	-13,7	243
Þinglýsing	242	196	46	23,5	168
Vegabréf	192	145	47	32,7	146
Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki og hönnunarvernd	158	136	23	16,6	105
Skoðunargjöld loftfara	126	127	-1	-0,7	78
Göngudeildargjöld	112	104	7	7,1	100
Ljósrit og endurrit úr embættisbókum	163	97	67	69,3	87
Skoðunargjöld Vinnueftirlits ríkisins	103	91	12	13,3	80
Vottorðsgjöld	70	83	-13	-15,6	10
Heilbrigðiseftirlitsgjald með sláturafurðum	82	81	1	1,3	80
Þjónustugjald Lyfjastofnunar	73	71	2	2,2	45
Ökuskírteini	76	61	14	23,6	92
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	182	165	17	10,2	152
Neyslu- og leyfisgjöld samtals	6.607	6.202	405	6,5	5.928
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	1,6	2,1	.	.	1,5
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	1,8	.	.	.	1,7

Á liðinn neyslu- og leyfisgjöld færast ýmsar greiðslur fyrir tiltekna þjónustu eða eftirlit sem er skyldubundið og verður aðeins veitt á vegum hins opinbera.

Með öðrum neyslu- og leyfisgjöldum eru m.a. prófgjöld, vottorðsgjöld, tollafgreiðslugjald, auglýsingar í Lögbirtingablaði, eftirlitsgjöld til Löggildingarstofu, skoðunargjald kvikmynda, þjónustugjöld embættis yfirdýralæknis o.fl.

21. Sektor og skaðabætur

Í millj.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting fjárhæð %		Fjárlög/ Fjárukalög 2005
Sektor og skaðabætur					
Dómsektir	221	616	-395	-64,1	1.185
Stjórnvaldssektir samkeppnisráðs	61	1.505	1.505	...	-
Lögreglustjórsektir	412	457	-46	-10,0	411
Ýmsar sektir	188	111	77	69,6	99
Aðrar sektir	17	33	-16	...	35
Sektor og skaðabætur samtals	899	2.722	1.126	41,3	1.730
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	0,2	0,9	.	.	0,4
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	0,3	.	.	.	0,5

Sektor. Stærstu liðirnir sem falla hér undir eru sektor ákvarðaðar af lögreglustjórum, dómsektir, skattsektir og stjórnvaldssektir.

22. Sala efnislegra eigna

Í millj.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting fjárhæð %		Fjárlög/ Fjárukalög 2005
Sala efnislegra eigna					
Sala íbúðarhúsnæðis	-	279	-	...	-
Sala á öðru húsnæði en íbúðarhúsnæði	713	532	181	...	500
Sala á landi og réttindum o.fl.	277	185	91	...	40
Önnur sala efnislegra eigna	-	38	-38	...	-
Sala efnislegra eigna samtals	990	1.035	-45	...	540
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	0,2	0,3	.	.	0,2
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	0,3	.	.	.	0,2

23. Hagnaður af peningalegum eignum

Í millj.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjárukalög 2005
Hagnaður af peningalegum eignum					
Hagnaður af sölu hlutabréfa	57.833	9	58.350
Hagnaður af sölu verðbréfa	-	20	-20	...	-
Hagnaður af peningalegum eignum samtals	57.833	29	-20	...	58.350
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	13,7	0,0	.	.	14,3
Hlutfall af heildartekjum án sölu Landssímans, %	0,3	.	.	.	0,2

Í ágúst 2005 voru seld hlutabréf ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf. fyrir 66.093 millj. króna. Bókfært verð eignarhlutans nam 9.338 millj. króna og var því söluhagnaðurinn 56.755 millj. króna. Ýmis kostnaður er tengdist sölnunni nam 787 millj. króna. Fjármagnstekjuskattur reiknaðist 5.597 millj. kr. og kemur hann fram bæði í tekjuhlíð og gjaldahlíð hjá ríkissjóði.

Með lögum nr. 133/ 20. desember 2005 um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. kemur fram að ráðstafa skuli 43.000 millj. kr. af söluandvirðinu fram til ársins 2012 með eftirtöldum hætti:

- Vegaframkvæmdir á árunum 2007-2010 samtals 15.000 millj. kr.
- Uppbygging Landspítala-háskólasjúkrahúss samtals 18.000 millj. kr. fram til ársins 2012 og kveða löggin á um árleg framlög til verkefnisins. Á árinu 2005 var miðað við að verja 300 millj. kr. í þessu skyni.
- Landhelgisgæslan samtals 3.000 millj. kr., þar af skal verja 1.000 millj. kr. til kaupa eða leigu á eftirlitsflugvél á árinu 2007 og 2.000 millj. kr. á árinu 2008 til kaupa eða leigu á fjölnota varðskipi.
- Nýsköpunarsjóður fær samtals 2.500 millj. kr. framlög, þar af 1.000 millj. kr. á árinu 2005 og síðan viðbótarframlög á árunum 2007-2009 samtals að fjárhæð 1.500 millj. kr.

- Stofnaður verður Fjarskiptasjóður og honum lagðar til samtals 2.500 millj. kr. með árlegum framlögum, þar af 1.000 millj. kr. á árinu 2005 og síðan 500 millj. kr. árlega frá 2007 til 2009. Hlutverk sjóðsins verður að efla uppbyggingu í fjarskiptamálum, meðal annars að bæta farsímaþjónustu á landsbyggðinni og viðtækari dreifingu stafræns sjónvarps.
- Framkvæmdir í þágu geðfatlaðra samtals 1.000 millj. kr., þar af 200 millj. kr. á árinu 2005 og afganginn á árunum 2007-2009.
- Nýbygging fyrir Stofnun íslenskra fræða - Árnastofnun samtals 1.000 millj. kr. með árlegum framlögum fram til ársins 2009.

Með lögum nr. 68 / 20. maí 2005 var landbúnaðarráðherra heimilað að selja allar eignir og semja um yfirtöku skulda Lánasjóðs landbúnaðarins. Andvirði sölnunnar að frádregnum kostnaði við sölnu og niðurlagningu á sjóðnum skyldi renna til Lífeyrissjóðs bænda samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum. Í fjárukalögum 2005 var samþykkt fjárheimild vegna þessa að fjárhæð 2.630 millj. kr. til Lífeyrissjóðs bænda, en söluandvirðið nam 2.653 millj. kr. og kostnaðurinn 23 millj. kr.

Bókfærður eignarhluti ríkissjóðs í Lánasjóði landbúnaðarins nam 1.850 millj. kr. og söluhagnaður 851 millj. kr. Fjármagnstekjuskattur reiknaðist 85 millj. kr. og kemur hann fram bæði í tekjuhlíð og gjaldahlíð hjá ríkissjóði.

24. Gjöld A-hluta ríkissjóðs

Heildargjöld A-hluta ríkissjóðs voru alls 308.395 millj. króna á árinu 2005 eða sem nemur 31,0% af landsframleiðslu ársins. Árið 2004 námu gjöldin 300.438 millj. kr. eða um 32,8% af landframleiðslu. Því hækka gjöldin um 7.956 millj. kr. eða 2,6% á milli ára. Vísitala neysliverðs hækkaði um 4,0% að meðaltali á milli áruna 2004 og 2005. Að raungildi lækkuðu gjöld ríkissjóðs því um 1,3% á milli ára miðað við breytingar neysliverðsvísitölunnar.

Gjöldum A-hluta ríkissjóðs er skipt á málaflokka. Er þar lagður til grundvallar alþjóðlegur staðall Sameinuðu þjóðanna (Classification of the Functions of Government, COFOG). Slík flokkun auðveldar allan alþjóðlegan samanburð á skiptingu útgjalda ríkisins og hefur þessum staðli verið beitt hér á landi um margra ára skeið. Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöður á gjöldum ríkissjóðs til helstu málaflokka á árinu 2005 með samanburði við árið á undan.

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting		Heildarfjárheimildir 2005
			fjárhæð	%	
Málaflokkasundurliðun gjalda					
Almannatryggingar og velferðarmál	70.102	68.870	1.232	1,8	71.980
Almenn opinber þjónusta	40.561	39.058	1.503	3,8	44.590
Efnahags- og atvinnumál	43.931	42.024	1.906	4,5	51.210
Heilbrigðismál	76.852	72.924	3.929	5,4	79.080
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	498	510	-11	-2,2	586
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	11.467	10.545	922	8,7	11.424
Menningar-, íþrótt- og trúmál	12.373	12.210	163	1,3	14.191
Menntamál	29.846	27.043	2.803	10,4	29.374
Óregluleg útgjöld	19.230	23.885	-4.655	-19,5	19.675
Umhverfisvernd	3.182	2.967	215	7,2	3.692
Varnarmál	353	402	-49	-12,2	647
Gjöld samtals	308.395	300.438	7.956	2,6	326.449

Almannatryggingar og velferðarmál. Gjöldin námu 70.102 millj. kr. á árinu 2005. Hlutdeild þessa málaflokks nam 22,7% af gjöldum ríkissjóðs á árinu 2005 og er það svipað hlutfall og árið á undan. Hækkun á milli ára nam 1,8% eða sem nemur 2,1% lækkun að raungildi. Hér er um að ræða tryggingamál 74,5% af gjöldunum, vaxta- og barnabætur 15,5%, fæðingarorlof 9,6% og málefni fatlaðra 9,1%.

Almenn opinber þjónusta. Gjöldin námu 40.561 millj. kr. á árinu 2005. Vægi þessa málaflokks nam 13,2% af heildargjöldum ríkissjóðs en hann nær yfir æðsta stjórnsýsluna, utanríkisþjónustuna og tilfærslur til annarra stjórnsýslustiga (hér á landi til sveitarfélaga). Samanborið við árið á undan hækkuðu gjöldin um 3,8% og voru nær óbreytt að raungildi á milli ára.

Efnahags- og atvinnumál. Gjöldin námu 43.931 millj. kr. á árinu 2005. Vægi þessa málaflokks nam 14,2% af heildargjöldum ríkissjóðs en var 14,0% árið á undan. Gjöldin hækkuðu um 4,5% á milli ára eða um 0,5% að raungildi. Hér er meðal annars um að ræða framlög til vegasamgangna 31,2% af gjöldunum og greiðslur vegna landbúnaðar 29,6%.

Heilbrigðismál. Gjöldin námu 76.852 millj. kr. á árinu 2005. Hlutdeild heilbrigðismála nam 24,9% af gjöldum ríkissjóðs á árinu 2005 og er það ívið hærra hlutfall en árið á undan. Hækkun á milli

ára nam 5,4% eða um 1,3% að raungildi. Hér vega sjúkrahúspjónustan og heilsugæslan langþingst eða um 78,2% af gjöldunum.

Húsnæðis-, skipulags- og veitumál. Þessi málaflokkur fellur frekar að sveitarfélögum en ríkissjóði en gjöld ríkisins til hans námu 498 millj. kr. á árinu 2005. Hlutdeild þessa málaflokks nam 0,2% af gjöldum ríkissjóðs á árinu 2005 og er það óbreytt hlutfall frá árinu á undan.

Löggæsla, réttargæsla og öryggismál. Gjöldin námu 11.467 millj. kr. á árinu 2005. Vægi þessa málaflokks nam 3,7% af heildargjöldum ríkissjóðs en hann nær meðal annars yfir lögregluna, löggæsluhlutann í starfsemi sýslumannsembættanna, dómstólana, fangelsin og Landhelgisgæsluna. Samanborið við árið á undan hækkuðu gjöld til þessa málaflokks um 8,7% á milli ára eða um 4,6% að raungildi.

Menningar-, íþrótt- og trúmál. Gjöldin námu 12.373 millj. kr. á árinu 2005. Hlutdeild þessa málaflokks nam 4,0% af gjöldum ríkissjóðs á árinu 2004 og er það svipað hlutfall og árið á undan. Hækkun á milli ára nam 1,3% eða sem nemur 2,6% lækkun að raungildi. Stærstu liðirnir eru framlög til trúmála sem námu 34,4% af gjöldum þessa málaflokks og framlög til Ríkisútvarpsins 20,1%. Auk þessa falla hér undir framlög til ýmissa safna og annarra menningar- og listastofnana.

Menntamál. Gjöldin námu 29.846 millj. kr. á árinu 2005. Hlutdeild menntamála nam 9,7% af gjöldum ríkissjóðs á árinu 2005 samanborið við 9,0% árið á undan. Hækkun á milli ára nam 10,4% eða um 6,1% að raungildi. Framlög til háskólastigsins námu 48,0% af gjöldum til menntamála og 42,6% til framhaldsskólanna.

Óregluleg útgjöld. Þessi málaflokkur tekur til sérstakra gjalda ríkisins sem eru afar breytileg frá einu ári til annars. Árið 2005 námu þessi gjöld 19.230 millj. kr. eða um 6,2% af heildargjöldum ríkissjóðs samanborið við 8,0% árið 2004. Óregluleg gjöld lækkuðu um 19,5% á milli ára eða um 22,6% að raungildi. Undir þennan málaflokk falla gjöld ríkissjóðs vegna lífeyrisskuldbindinga, afskrifta skattkrafna og greiðslu á fjármagnstekjuskatti. Lækkun á árinu 2005 skýrist af mikilli lækkun á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga samanborið við árið á undan. Um þetta er fjallað frekar í skýringu 34 undir gjöldum fjármálaráðuneytis.

Umhverfisvernd. Gjöldin námu 3.182 millj. kr. á árinu 2005. Hlutdeild þessa málaflöks nam 1,0% af gjöldum ríkissjóðs á árinu 2005 og er það óbreytt hlutfall frá árinu á undan. Hækkun á milli ára nam 7,2% eða um 3,1% að raungildi.

Varnarmál. Þessi málaflokkur vegur lítið í útgjöldum íslenska ríkisins eða sem nam 353 millj. kr. á árinu 2005. Hlutdeild þessa málaflöks nam 0,1% af gjöldum ríkissjóðs á árinu 2005 og er það óbreytt hlutfall frá árinu á undan. Hér falla undir framlög Íslands til friðargæslu.

Gjöld ríkissjóðs á árinu 2005 voru hæst hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti eða 38,4% af heildinni, menntamálaráðuneyti 12,2%, fjármálaráðuneyti 12,0%, félagsmálaráðuneyti 8,9%, samgönguráðuneyti 5,9%, dóms- og kirkjumálaráðuneyti 5,5% og landbúnaðarráðuneyti 5,1%. Gjöld annarra ráðuneyta voru lægri. Loks

nam fjármagnskostnaður 4,4% af gjöldum ríkissjóðs á árinu 2005 samanborið við 4,7% árið 2004.

Heildarfjárheimildir gjalda á árinu 2005 námu 326.449 millj. kr., þar af voru 296.381 millj. kr. samkvæmt fjárlögum, fjárukalögum 21.018 millj. kr. og fluttar fjárheimildir frá árinu 2004 námu alls 9.050 millj. kr. (sérfirlit 5). Gjöld ríkissjóðs voru því 18.054 millj. kr. lægri en nam heildarfjárheimildum ársins 2005. Þau frávik eiga sér margvíslegar skýringar sem koma glögg fram í sérfirliti 2. Af einstökum stórum liðum þar sem gjöld fóru fram úr fjárheimildum má nefna afskriftir skattkrafna 1.457 millj. kr., vaxtabætur 572 millj. kr. og Landspítala, háskólasjúkrahús 513 millj. kr. Stærstu liðirnir þar sem gjöld voru lægri en fjárheimildir voru Vegagerðin 2.393 millj. kr., lífeyrisskuldbindingar 2.084 millj. kr., alþjóðastofnanir 1.387 millj. kr., hjúkrunarheimili almennt 1.312 millj. kr., menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður 1.259 millj. kr., Fjarskiptasjóður 1.000 millj. kr., Hafnabóttasjóður 946 millj. kr., lífeyristryggingar 907 millj. kr., fjármagnskostnaður 690 millj. kr. og Úrvinnslusjóður 604 millj. kr. Frávik gjalda frá heimildum skýrast oft af því að um sveiflubundin útgjöld er að ræða eins og lífeyrisskuldbindingar, afskriftir skattkrafna, fjármagnstekjuskatt og fjármagnskostnað.

Heildargjöld A-hluta ríkissjóðs skiptust þannig á árinu 2005 að rekstrargjöld námu 51,4%, rekstrar- og neyslutilfærslur 42,3%, viðhaldsframkvæmdir 1,6%, stofnkostnaður 3,5% og fjármagnstilfærslur 1,2%. Rekstrargjöldin skiptust þannig að lífeyrisskuldbindingar námu 1,3%, fjármagnstekjuskattur 2,3%, fjármagnskostnaður 4,4% og önnur rekstrargjöld 43,4%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu gjalda ríkissjóðs eftir hagrænu eðli þeirra og helstu verkefnum árin 2004 og 2005.

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting fjárhæð %		Heildar fjárheimildir 2005
Hagræn sundurliðun gjalda					
Rekstrargjöld	158.511	153.059	5.451	3,6	164.782
Laun	87.398	80.556	6.841	8,5	82.720
Lífeyrisskuldbindingar	4.052	13.359	-9.307	-69,7	4.798
Fjármagnstekjuskattur	7.059	2.093	4.966	...	6.877
Önnur gjöld	74.703	67.761	6.942	10,2	76.036
Sértekjur stofnana	-28.121	-24.862	-3.259	13,1	-19.758
Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar alls	145.091	138.908	6.183	4,5	150.672
Fjármagnskostnaður	13.420	14.152	-732	-5,2	14.110
Rekstrar- og neyslutilfærslur					
Rekstrar- og neyslutilfærslur	130.547	124.395	6.152	4,9	136.412
Lífeyrstryggingar	30.899	29.249	1.650	5,6	32.117
Sjúkratryggingar	14.970	14.949	21	0,1	15.526
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	6.148	6.082	66	1,1	6.577
Fæðingarorlof	6.594	6.626	-32	-0,5	6.822
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	8.324	8.028	296	3,7	8.306
Afskriftir skattkrafna	9.795	10.126	-331	-3,3	8.000
Barnabætur	5.374	5.440	-66	-1,2	5.600
Vaxtabætur	5.472	5.458	14	0,3	4.900
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	8.091	7.209	882	12,2	7.747
Atvinnuleysistryggingasjóður	3.360	4.568	-1.208	-26,4	3.609
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.050	3.367	683	20,3	4.050
Ríkisútvarpið	2.483	2.382	101	4,2	2.516
Sóknargjöld	1.676	1.545	131	8,5	1.677
Lífeyrissjóður bænda	2.630	-	2.630	...	2.630
Aðrar rekstrar- og neyslutilfærslur	20.680	19.366	1.314	6,8	26.335
Viðhald					
Viðhald	4.899	5.000	-101	-2,0	3.579
Vegagerð	2.405	2.561	-156	-6,1	2.625
Annað	2.494	2.439	55	2,3	954
Stofnkostnaður					
Stofnkostnaður	10.871	13.872	-3.001	-21,6	14.042
Vegagerð	6.714	9.002	-2.288	-25,4	6.618
Skólar	479	1.320	-841	-63,7	1.065
Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar	1.024	676	349	51,6	1.720
Flugvellir	518	169	348	...	392
Annað	2.136	2.705	-569	-21,0	4.248
Fjármagnstilfærslur					
Fjármagnstilfærslur	3.567	4.112	-544	-13,2	7.634
Hafnamál	983	1.081	-99	-9,1	1.682
Ofanflóðasjóður	413	622	-209	-33,6	551
Framkvæmdasjóður aldraðra	488	487	1	0,2	709
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	211	250	-39	-15,5	114
Tækjasjóður	183	107	76	71,2	432
Annað	1.289	1.564	-275	-17,6	4.147
Gjöld samtals					
Gjöld samtals	308.395	300.438	7.956	2,6	326.449

Rekstrargjöld A-hluta námu alls 158.511 millj. kr. á árinu 2005 eða 51,4% af heildargjöldum ríkissjóðs. Af heildargjöldum ríkissjóðs vegna rekstrar námu laun og launatengd gjöld 28,3%, lífeyris-skuldbindingar 1,3%, fjármagnstekjuskattur 2,3%, önnur gjöld 24,2% og fjármagnskostnaður 4,4%. Á móti þessum útgjöldum námu sértekjur af rekstri stofnana um 9,1%. Rekstrargjöld ríkissjóðs án fjármagnskostnaðar námu alls 145.091 millj. kr. eða um 47,0% af heildargjöldum.

Rekstrar- og neyslutilfærslur A-hluta námu alls 130.547 millj. kr. á árinu 2005 eða um 42,3% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs. Þar ber hæst gjöld vegna lífeyris- og sjúkratrygginga og bóta vegna félagslegrar aðstoðar, alls 52.017 millj. kr. eða um 16,9% af heildargjöldunum. Rekstrartilfærslur til ríkisfyrirtækja námu alls 4.512 millj. kr. eða um 1,5% af gjöldum ríkissjóðs. Þar af voru 2.483 millj. kr. vegna afnotagjalda Ríkisútvarpsins, 951 millj. kr. til Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli og 279 millj. kr. til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Tilfærslur til sveitarfélaga námu alls 8.796 millj. kr. eða um 2,9% af gjöldum ríkissjóðs. Þar vega þyngst gjöld vegna Jöfnunar-sjóðs sveitarfélaga 8.091 millj. kr. Rekstrartilfærslur til fyrirtækja og atvinnuvega urðu alls 20.501 millj. kr. eða um 6,6% af gjöldum

ríkissjóðs. Þar af námu afskriftir skattkrafna 7.566 millj. kr. og gjöld vegna landbúnaðarmála 9.487 millj. kr. Afskriftir vegna skattkrafna einstaklinga námu 1.891 millj. kr. Tilfærslur til erlendra aðila námu 1.807 millj. kr. á árinu 2005, þar ber hæst framlög til alþjóðastofnana 491 millj. kr., alþjóðlegra samskipta 364 millj. kr. og þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi 271 millj. kr.

Viðhaldsútgjöld A-hluta námu alls 4.899 millj. kr. á árinu 2005 eða um 1,6% af heildargjöldum A-hluta. Uppistaðan í þessum útgjalda-flokki ríkissjóðs er vegna vegamála, 2.405 millj. kr.

Stofnkostnaður A-hluta nam alls 10.871 millj. kr. á árinu 2005 eða um 3,5% af heildargjöldum ríkissjóðs. Þar vega þyngst framlög til vegagerðar 6.714 millj. kr., sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva 1.024 millj. kr., flugvalla 518 millj. kr. og bygginga og búnaðar vegna skólamannvirkja 479 millj. kr.

Fjármagnstilfærslur A-hluta námu alls 3.567 millj. kr. á árinu 2005 eða um 1,2% af heildargjöldum ríkissjóðs. Þar ber hæst gjöld vegna hafnamála 983 millj. kr., Framkvæmdasjóðs aldraðra 488 millj. kr. og Ofanflóðasjóðs 413 millj. kr.

25. Gjöld æðstu stjórnar ríkisins

Gjöld æðstu stjórnar ríkisins námu 2.724 millj. kr. á árinu 2005, hækkuðu um 98 millj. kr. eða 3,7% frá árinu á undan. Gjöld Alþingis námu 1.826 millj. kr. á árinu og höfðu hækkað um 45 millj. kr. Gjöld æðstu stjórnar námu 0,9% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2005 og er það óbreytt hlutfall frá árinu á undan. Heild-

arfjárheimildir ársins 2005 námu 2.865 millj. kr. og voru þær því 141 millj. kr. eða 5,2% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld æðstu stjórnar á árinu 2005 samanborið við árið 2004.

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting		Heildar- fjárheimildir 2005
			Fjárhæð	%	
Málaflokkar gjalda					
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	2.536	2.448	88	3,6	2.665
Dómstólar	188	178	10	5,9	201
Gjöld samtals	2.724	2.626	98	3,7	2.865
Viðfangsefnaflokkun gjalda					
Rekstrarkostnaður	2.506	2.378	128	5,4	2.684
Rekstrargjöld	2.445	2.318	127	5,5	2.627
Rekstrartilfærslur	61	60	1	1,8	57
Viðhaldskostnaður	134	166	-32	-19,5	107
Fjárfesting	84	82	2	2,6	74
Stofnkostnaður	84	82	2	2,6	74
Fjármagnstilfærslur	-	-	-	-	-
Gjöld samtals	2.724	2.626	98	3,7	2.865
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	0,9	0,9	.	.	0,9

Gjöld æðstu stjórnar skiptust þannig að rekstrargjöld námu 89,8%, rekstrartilfærslur 2,3%, viðhaldskostnaður 4,9% og stofnkostnaður 3,1%.

Séryfirlit 2 sýnir skipingu á gjöldum ráðuneyta eftir málaflokkum. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnana liða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við fjárheimildir einstakra liða á árinu 2005.

26. Gjöld forsætisráðuneytis

Gjöld forsætisráðuneytis námu 2.030 millj. kr. á árinu 2005 og hækkuðu um 649 millj. kr. eða 47,0% frá árinu á undan. Kostnaður vegna einkavæðingarverkefna hækkaði um 728 millj. kr. milli ára. Stofnkostnaður vegna Fasteigna Stjórnarráðsins dróst saman um 139 millj. kr. milli ára. Gjöld ráðuneytisins námu 0,7% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2005 samanborið við 0,5% árið

á undan. Heildarfjárheimildir ársins 2005 námu 2.410 millj. kr og voru þær því 380 millj. kr. eða 18,7% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld forsætisráðuneytis á árinu 2005 samanborið við árið 2004.

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting		Heildar- fjárheimildir 2005
			Fjárhæð	%	
Málaflokkar gjalda					
Æðsta stjórnarsýsla og utanríkismál	472	551	-79	-14,4	713
Meningarmál	177	245	-68	-27,7	232
Opinber fjármál	766	39	728	...	787
Annað	615	546	69	12,6	678
Gjöld samtals	2.030	1.381	649	47,0	2.410
Viðfangsefnaflokkun gjalda					
Rekstrarkostnaður	1.930	1.117	813	72,7	2.201
Rekstrargjöld	1.477	735	743	101,1	1.640
Rekstrartilfærslur	452	382	70	18,3	561
Viðhaldskostnaður	40	4	36	...	64
Fjárfesting	60	259	-199	-76,8	145
Stofnkostnaður	60	254	-194	-76,5	145
Fjármagnstilfærslur	0	6	-5	-92,0	-
Gjöld samtals	2.030	1.381	649	47,0	2.410
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	0,7	0,5	.	.	0,7

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 72,8%, rekstrartilfærslur 22,3%, viðhaldskostnaður 2,0% og stofnkostnaður 2,9% .

Séryfirlit 2 sýnir skipingu á gjöldum ráðuneyta eftir málaflokkum. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnana liða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við fjárheimildir einstakra liða á árinu 2005.

27. Gjöld menntamálaráðuneytis

Gjöld menntamálaráðuneytis námu 37.749 millj. kr. á árinu 2005 og hækkuðu um 2.622 millj. kr. eða um 7,5% frá árinu 2004. Af einstökum liðum ber hæst 683 millj. kr. hækkun á framlagi til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Gjöld Háskóla Íslands hækkuðu um 368 millj. kr. milli ára og Háskólans á Akureyri um 192 millj. kr. Þá hækkuðu gjöld Þjóðleikhússins um 158 millj. kr. Stofnkostnaður vegna framhaldsskólanna lækkaði um 535 millj. kr. og viðhalds- og stofnkostnaður vegna menningarstofnana lækkaði um 490 millj. kr. Gjöld Kvikmyndamiðstöðvar Íslands lækkuðu um 130 millj. króna milli árana 2005 og 2004.

Þá var Tækniháskóli Íslands lagður niður á miðju ári 2005 og Háskólinn í Reykjavík tók við hans hlutverki. Gjöld ráðuneytisins námu 12,2% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2005 samanborið við 11,7% árið á undan. Heildarfjárheimildir ársins 2005 námu 39.298 millj. kr. og voru þær því 1.548 millj. kr. eða 4,1% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld menntamálaráðuneytis á árinu 2005 samanborið við árið 2004.

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting		Heildar- fjárheimildir 2005
			Fjárhæð	%	
Málaflokkar gjalda					
Menntun á háskólastigi	13.691	12.059	1.633	13,5	13.158
Framhaldsskólastig	12.262	11.599	664	5,7	12.311
Menntamál, önnur	2.459	2.164	296	13,7	2.329
Menningarmál	4.248	4.534	-286	-6,3	5.888
Fjölmiðlun	2.486	2.386	100	4,2	2.519
Rannsóknir og þróun	1.718	1.423	295	20,7	2.133
Annað	885	964	-79	-8,2	960
Gjöld samtals	37.749	35.127	2.622	7,5	39.298
Viðfangsefnaflokkun gjalda					
Rekstrarkostnaður	35.996	32.336	3.660	11,3	35.572
Rekstrargjöld	24.547	21.646	2.900	13,4	23.615
Rekstrartilfærslur	11.449	10.689	760	7,1	11.957
Viðhaldskostnaður	323	196	127	64,9	83
Fjárfesting	1.431	2.595	-1.165	-44,9	3.642
Stofnkostnaður	642	1.909	-1.266	-66,3	1.389
Fjármagnstilfærslur	788	687	102	14,8	2.253
Gjöld samtals	37.749	35.127	2.622	7,5	39.298
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	12,2	11,7	.	.	12,0

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 65,0%, rekstrartilfærslur 30,3%, viðhaldskostnaður 0,9%, stofnkostnaður 1,7% og fjármagnstilfærslur 2,1%.

Séryfirlit 2 sýnir skipingu á gjöldum ráðuneyta eftir málaflokkum. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnana liða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við fjárheimildir einstakra liða á árinu 2005.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 28.413 millj. kr. eða 75,3% til fræðslumála, þar af voru 13.691 millj. kr. vegna háskólastigs og 12.262 millj. kr. vegna framhaldsskólastigs. Stærstu liðirnir undir

málaflokknum háskólastig voru Háskóli Íslands 5.349 millj. kr., Lánasjóður íslenskra námsmanna 4.050 millj. kr., Kennaraháskóli Íslands 1.075 millj. kr. og Háskólinn á Akureyri 1.069 millj. kr. Undir málaflokkinn framhaldsskólastig falla mennta-, fjölbrauta-, verkmennta-, iðn- og sérskólar á framhaldsskólastigi. Gjöld vegna menningarmála námu 4.248 millj. kr. eða 11,3%. Stærstu liðir þess málaflokks eru Þjóðleikhúsið 627 millj. kr., Landsbókasafn Íslands – háskólabókasafn 510 millj. kr. og Listir framlög 613 millj. kr. Gjöld vegna fjölmiðlunar námu 2.486 millj. kr. eða 6,6%. Önnur útgjöld ráðuneytisins námu alls 2.603 millj. kr. eða 6,9%.

28. Gjöld utanríkisráðuneytis

Gjöld utanríkisráðuneytis námu alls 6.418 millj. kr. á árinu 2005 og hækkuðu um 438 millj. kr. eða 7,3% frá árinu á undan. Þannig hækkuðu gjöld vegna erlendar efnahagsaðstoðar og friðargæslu um 172 millj. kr. milli ára og gjöld Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli um 149 millj. kr. Gjöld ráðuneytisins námu 2,1% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2005 samanborið við 2,0% árið 2004.

Heildarfjárheimildir ársins 2005 námu 7.920 millj. kr. og voru þær því 1.502 millj. kr. eða 23,4% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld utanríkisráðuneytis á árinu 2005 samanborið við árið 2004.

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting		Heildar- fjárheimildir 2005
			Fjárhæð	%	
Málaflokkar gjalda					
Utanríkismál	3.132	3.080	52	1,7	4.141
Erlend efnahagsaðstoð og friðargæsla	1.456	1.284	172	13,4	2.061
Flugsamgöngur	951	802	149	18,6	918
Löggæsla	351	326	26	7,9	-185
Annað	527	488	39	8,0	986
Gjöld samtals	6.418	5.980	438	7,3	7.920
Viðfangsefnaflokkun gjalda					
Rekstrarkostnaður	6.170	5.772	398	6,9	7.780
Rekstrargjöld	3.757	3.672	85	2,3	4.109
Rekstrartilfærslur	2.413	2.100	313	14,9	3.671
Viðhaldskostnaður	35	26	8	31,2	-7
Fjárfesting	214	181	32	17,7	147
Stofnkostnaður	212	180	32	17,9	147
Fjármagnstilfærslur	2	2	-	-	-
Gjöld samtals	6.418	5.980	438	7,3	7.920
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	2,1	2,0	.	.	2,4

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 58,5%, rekstrartilfærslur 37,6%, viðhaldskostnaður 0,5% og stofnkostnaður 3,3%.

Séryfirlit 2 sýnir skipingu á gjöldum ráðuneyta eftir málaflokkum. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við fjárheimildir einstakra liða á árinu 2005.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 3.132 millj. kr. eða 48,8% til málaflokksins utanríkismál, sem er að stærstum hluta vegna reksturs aðalskrifstofu ráðuneytisins, sendiráða og fastanefnda Íslands erlendis. Gjöld vegna erlendar efnahagsaðstoðar og friðargæslu námu 1.456 millj. kr. eða 22,7%, þar af vegna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands 549 millj. kr. og Þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi 531 millj. kr. Önnur útgjöld ráðuneytisins námu 1.830 millj. kr. eða 28,5%.

29. Gjöld landbúnaðarráðuneytis

Gjöld landbúnaðarráðuneytis námu 15.643 millj. kr. á árinu 2005 og hækkuðu um 3.214 millj. kr. eða 25,9% frá árinu á undan. Þar ber hæst 2.630 millj. kr. framlag í Lífeyrissjóð bænda í tengslum við sölu á Lánasjóði landbúnaðarins. Gjöld ráðuneytisins námu 5,1% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2005 samanborið við 4,1%

árið 2004. Heildarfjárheimildir ársins 2005 námu 15.694 millj. kr. og voru þær 51 m.kr. eða 0,3% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld landbúnaðarráðuneytis á árinu 2005 samanborið við árið 2004.

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting		Heildar- fjárheimildir 2005
			Fjárhæð	%	
Málaflokkar gjalda					
Landbúnaður og skógrækt	11.040	10.597	443	4,2	11.268
Lífeyrissjóður bænda	2.630	-	2.630	...	2.630
Menntamál	815	669	146	21,9	775
Annað	1.158	1.164	-6	-0,5	1.021
Gjöld samtals	15.643	12.429	3.214	25,9	15.694
Viðfangsefnaflokkun gjalda					
Rekstrarkostnaður	15.178	11.876	3.302	27,8	14.877
Rekstrargjöld	2.518	2.269	248	10,9	2.384
Rekstrartilfærslur	12.660	9.607	3.053	31,8	12.493
Viðhaldskostnaður	6	23	-17	-73,4	126
Fjárfesting	459	530	-71	-13,5	691
Stofnkostnaður	218	304	-86	-28,4	229
Fjármagnstilfærslur	241	226	15	6,6	462
Gjöld samtals	15.643	12.429	3.214	25,9	15.694
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	5,1	4,1	.	.	4,8

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 16,1%, rekstrartilfærslur 80,9%, stofnkostnaður 1,4% og fjármagnstilfærslur 1,5%.

Séryfirlit 2 sýnir skipingu á gjöldum ráðuneyta eftir málaflokkum. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við fjárheimildir einstakra liða á árinu 2005.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 11.040 millj. kr. eða 70,6% til málaflokksins landbúnaður og skógrækt, þar af voru 4.597 millj.

kr. vegna greiðslna til bænda í mjólkurframleiðslu og 2.633 millj. kr. vegna sauðfjárfframleiðslu. Gjöld vegna menntamála námu 815 millj. kr. eða 5,2%. Þar vegur þýngst Landbúnaðarháskóli Íslands en gjöld hans námu 600 millj. kr., en skólinn tók í ársbyrjun 2005 við af Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Garðyrkjuskóla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Önnur útgjöld ráðuneytisins námu 3.788 millj. kr. eða 24,2%, þar af er 2.630 millj. kr. framlag til Lífeyrissjóðs bænda, en með lögum nr. 68/2005 var ákveðið að söluandvirði Lánasjóðs landbúnaðarins ætti að renna til Lífeyrissjóðs bænda.

30. Gjöld sjávarútvegsráðuneytis

Gjöld sjávarútvegsráðuneytis námu 2.196 millj. kr. á árinu 2005 og lækkuðu um 483 millj. kr. eða 18,0% frá árinu á undan. Verkefna-sjóður sjávarútvegsins hafði 673 millj. kr. tekjur umfram gjöld á árinu 2005, sem er 729 millj. kr. breyting frá fyrra ári. Breytingin skýrist nær eingöngu af því að inn í sjóðinn kom framlag frá Þróun-arsjóði sjávarútvegsins þegar hann var lagður liður. Gjöld Hafrann-sóknastofnunar hækkuðu um 352 millj. kr. á milli ára. Gjöld ráðu-

neytisins námu 0,7% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2005 samanborið við 0,9% árið 2004. Heildarfjárheimildir ársins 2005 námu 3.355 millj. kr. og voru því 1.159 millj. kr. eða 52,8% hærrí en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld sjávarútvegsráðuneytis á árinu 2005 samanborið við árið 2004.

Í millj. kr.	Reikningur	Reikningur	Breyting		Heildar- fjárheimildir 2005
	2005	2004	Fjárhæð	%	
Málaflokkar gjalda					
Fiskveiðar og aðrar veiðar	1.025	1.232	-207	-16,8	1.229
Rannsóknir og þróun	1.130	1.398	-268	-19,2	2.064
Annað	40	50	-9	-18,2	62
Gjöld samtals	2.196	2.679	-483	-18,0	3.355
Viðfangsefnaflokkun gjalda					
Rekstrarkostnaður	2.142	2.384	-243	-10,2	3.336
Rekstrargjöld	1.660	1.954	-294	-15,0	2.630
Rekstrartilfærslur	481	430	51	11,9	706
Viðhaldskostnaður	-	-	-	-	-39
Fjárfesting	54	295	-241	-81,7	58
Stofnkostnaður	54	42	12	22,3	52
Fjármagnstilfærslur	-	253	-253	-100,0	5
Gjöld samtals	2.196	2.679	-483	-18,0	3.355
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	0,7	0,9	.	.	1,0

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 75,6%, rekstrartilfærslur 21,9% og stofnkostnaður 2,5%.

Séryfirlit 2 sýnir skipingu á gjöldum ráðuneyta eftir málaflokkum. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við fjárheimildir einstakra liða á árinu 2005.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 1.025 millj. kr. eða 46,7% til málaflokksins fiskveiðar og aðrar veiðar, þar vege þyngst gjöld vegna Fiskistofu 696 millj. kr. Til málaflokksins rannsóknir og þróun runnu 1.130 millj. kr. eða 51,5% og vege þar þyngst gjöld vegna Hafrann-sóknarstofnunar 1.364 millj. kr.

31. Gjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis

Gjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis námu 16.825 millj. kr. á árinu 2005 og hækkuðu um 1.644 millj. kr. eða 10,8% frá árinu á undan. Gjöld Landhelgisgæslu Íslands hækkuðu um 452 millj. kr. á milli ára. Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytis hóf störf árið 2005 en gjöld hennar námu 31 millj.kr. á árinu. Gjöld ráðuneytisins námu 5,5% af

heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs samanborið við 5,1% árið 2004. Heildarfjárheimildir ársins 2005 námu 17.344 millj. kr. og voru því 519 millj. kr. eða 3,1% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis á árinu 2005 samanborið við árið 2004.

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting		Heildar- fjárheimildir 2005
			Fjárhæð	%	
Málaflokkar gjalda					
Almenn opinber þjónusta	2.152	2.039	113	5,5	2.576
Löggæsla	7.226	6.279	947	15,1	7.276
Dómstólar	1.396	1.283	113	8,8	1.321
Fangelsismál	757	661	96	14,5	846
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál, ótalin annars staðar	762	766	-5	-0,6	769
Trúmál og önnur félagsmál	4.252	3.892	361	9,3	4.271
Annað	281	262	19	7,4	286
Gjöld samtals	16.825	15.182	1.644	10,8	17.344
Viðfangsefnaflokkun gjalda					
Rekstrarkostnaður	16.244	14.886	1.358	9,1	16.746
Rekstrargjöld	13.074	11.878	1.196	10,1	13.536
Rekstrartilfærslur	3.170	3.008	162	5,4	3.210
Viðhaldskostnaður	305	73	232	...	222
Fjárfesting	277	222	54	24,4	376
Stofnkostnaður	240	179	61	34,2	316
Fjármagnstilfærslur	36	43	-7	-16,2	60
Gjöld samtals	16.825	15.182	1.644	10,8	17.344
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	5,5	5,1	.	.	5,3

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 77,7%, rekstrartilfærslur 18,8%, viðhaldskostnaður 1,8%, stofnkostnaður 1,4% og fjármagnstilfærslur 0,2%.

Séryfirlit 2 sýnir skipingu á gjöldum ráðuneyta eftir málaflokkum. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við fjárheimildir einstakra liða á árinu 2005.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 7.226 millj. kr. eða 42,9% til löggæslu. Þar af námu gjöld Ríkislögreglustjóra 990 millj. kr. og höfðu hækkað um 194 millj. kr. milli ára, gjöld Lögreglustjórans í

Reykjavík námu 2.133 millj. kr. og höfðu hækkað um 150 millj. kr. Gjöld Landhelgisgæslunnar námu 1.563 millj. kr. en þau höfðu hækkað um 452 millj. kr. á milli ára.

Gjöld vegna dómstóla námu 1.396 millj. kr. eða 8,3% en þar vege þyngst gjöld héraðsdómstóla og málskostnaðar í opinberum málum. Gjöld til trúmála og annarra félagsmála námu 4.252 millj. kr. eða 25,3% og er þar einkum um að ræða útgjöld vegna kirkjulegra mál-efna. Önnur útgjöld ráðuneytisins námu 3.951 millj. kr. eða 23,5%, þar af 757 millj. kr. vegna fangelsismála og 2.152 millj. kr. vegna annarrar almennrar opinberrar þjónustu svo sem yfirstjórna sýslu-mannsembættanna og tölvumiðstöðvar ráðuneytisins.

32. Gjöld félagsmálaráðuneytis

Gjöld félagsmálaráðuneytis námu 27.507 millj. kr. á árinu 2005, hækkuðu um 185 millj. kr. á milli ára eða um 0,7%. Gjöld ráðuneytisins námu 8,9% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2005 samanborið við 9,1% árið 2004. Heildarfjárheimildir ársins

2005 námu 27.890 millj. kr. og voru 382 millj. kr. eða 1,4% hærrí en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld félagsmálaráðuneytis á árinu 2005 samanborið við árið 2004.

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting		Heildar- fjárheimildir 2005
			Fjárhæð	%	
Málaflokkar gjalda					
Fjölskyldumál	7.529	7.647	-117	-1,5	7.652
Velferðarmál	6.368	5.809	559	9,6	6.786
Sveitarfélög	8.091	7.209	882	12,2	7.747
Atvinnuleysi	3.120	4.426	-1.306	-29,5	3.195
Almenn vinnumarkaðsmál	1.552	1.520	32	2,1	1.509
Annað	847	710	136	19,2	1.001
Gjöld samtals	27.507	27.322	185	0,7	27.890
Viðfangsefnaflokkun gjalda					
Rekstrarkostnaður	26.976	26.608	368	1,4	26.993
Rekstrargjöld	7.678	6.979	699	10,0	7.056
Rekstrartilfærslur	19.298	19.629	-331	-1,7	19.937
Viðhaldskostnaður	102	154	-52	-33,9	-93
Fjárfesting	429	560	-131	-23,4	990
Stofnkostnaður	85	141	-56	-39,8	700
Fjármagnstílærslur	345	419	-75	-17,8	290
Gjöld samtals	27.507	27.322	185	0,7	27.890
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	8,9	9,1	.	.	8,5

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 27,9%, rekstrartilfærslur 70,2%, viðhaldskostnaður 0,4%, stofnkostnaður 0,3% og fjármagnstílærslur 1,3%.

Séryfirlit 2 sýnir skipingu á gjöldum ráðuneyta eftir málaflokkum. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við fjárheimildir einstakra liða á árinu 2005.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 6.368 millj. kr. eða 23,2% til velferðarmála og er þar einkum um að ræða útgjöld vegna málefna

fatlaðra. Gjöld vegna fjölskyldumála námu 7.529 millj. kr. eða 27,4%, þar af voru 6.724 millj. kr. vegna fæðingarorlofs. Gjöld vegna málaflokksins atvinnuleysi námu 3.120 millj. kr. eða 11,3%, þar af voru framlög vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs 3.118 millj. kr., en þau höfðu lækkað um 1.303 millj. kr. milli árnanna 2004 og 2005. Gjöld vegna annarra málaflokka ráðuneytisins námu alls 10.489 millj. kr. eða 38,1%. Þar vega þyngst framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 8.091 millj. kr. en þau hafa hækkað um 882 millj. kr. milli ára.

33. Gjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis

Gjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis námu 118.464 millj. kr. á árinu 2005 og hækkuðu um 5.821 millj. kr. eða um 5,2% á milli ára. Helstu breytingar á milli ára eru hækkan á framlagi til lífeyristrygginga um 1.687 millj. kr. og gjöld Landspítala, háskólasjúkrahúss hækkuðu um 1.052 millj. kr. Gjöld ráðuneytisins námu 38,4% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2005 samanborið

við 37,5% árið 2004. Heildarfjárheimildir ársins 2005 námu 122.246 millj. kr. og voru því 3.782 millj. kr. eða 3,2% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis á árinu 2005 samanborið við árið 2004.

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting		Heildar- fjárheimildir 2005
			Fjárhæð	%	
Málaflokkar gjalda					
Sjúkrahúsþjónusta	52.737	49.521	3.216	6,5	54.120
Málefni aldraðra	23.624	22.854	770	3,4	24.487
Heilsugæsla	7.308	6.947	361	5,2	7.317
Sérfræðiþjónusta o. fl.	7.170	6.878	292	4,2	7.346
Lækningavörur og hjálpartæki	7.624	7.876	-253	-3,2	8.094
Velferðarmál	13.024	12.230	794	6,5	13.840
Fjölskyldumál	3.439	3.245	194	6,0	3.704
Annað	3.538	3.092	446	14,4	3.339
Gjöld samtals	118.464	112.643	5.821	5,2	122.246
Viðfangsefnaflokkun gjalda					
Rekstrarkostnaður	116.236	110.735	5.501	5,0	118.826
Rekstrargjöld	62.454	58.662	3.792	6,5	62.620
Rekstrartilfærslur	53.782	52.073	1.709	3,3	56.206
Viðhaldskostnaður	522	530	-9	-1,6	232
Fjárfesting	1.706	1.378	328	23,8	3.188
Stofnkostnaður	1.175	866	309	35,6	1.988
Fjármagnstilfærslur	531	512	20	3,9	1.201
Gjöld samtals	118.464	112.643	5.821	5,2	122.246
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	38,4	37,5	.	.	37,4

Gjöld ráðuneytisins á árinu 2005 skiptust þannig að rekstrargjöld námu 52,7%, rekstrartilfærslur 45,4%, viðhaldskostnaður 0,4%, stofnkostnaður 1,0% og fjármagnstilfærslur 0,4%.

Séryfirlit 2 sýnir skipingu á gjöldum ráðuneyta eftir málaflokkum. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við fjárheimildir einstakra liða á árinu 2005.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu alls 76.831 millj. kr. eða 64,9% til heilbrigðismála, 41.573 millj. kr. eða 35,1% til almannatrygginga og velferðarmála og 59 millj. kr. í annað.

Heilbrigðismál. Til sjúkrahúsþjónustu fóru 52.737 millj. kr. og eru fjárfrekustu liðirnir í málaflokknum gjöld Landspítala, háskólasjúkrahúss 26.957 millj. kr og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri 3.160 millj. kr. Til málaflokksins heilsugæslu fóru 7.308 millj. kr., en

helstu liðir undir málaflokknum eru heilsugæslustöðvar og heilsugæsluvið heilbrigðisstofnana. Til málaflokksins sérfræðiþjónusta o.fl. fóru 7.170 millj. kr. Hluti sjúkratrygginga í þessum málaflokki nam 6.166 millj. kr á árinu 2005 en hann er tilkominn vegna kostnaðarþátttöku fyrir lækniþjónustu, þjálfun og tannlækningar. Gjöld málaflokksins lækningavörur og hjálpartæki voru 7.624 millj. kr., en undir málaflokkinn fellur hlutdeild sjúkratrygginga í lyfjakostnaði og hjálpartækjum. Hluti sjúkratrygginga í þessum málaflokki nam 7.615 millj. kr. og lækkaði um 259 millj. kr. á milli ára.


Almannatryggingar. Gjöld vegna málefna aldraðra námu 23.624 millj. kr. Undir þennan málaflokk falla hluti lífeyristrygginga og bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, eftirlaunasjóður aldraðra og dvalarrými á heimilum aldraðra. Þeir liðir sem vega þýngst eru gjöld vegna lífeyristrygginga 17.695 millj. kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 3.688 millj. kr. Til málaflokksins velferðarmál

fóru 13.024 millj. kr. Helstu liðir undir málaflokknum eru hluti lífeyristrygginga 11.094 millj. kr., hluti bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 972 millj. kr. og slysatryggingar 634 millj. kr. Málaflokkurinn fjölskyldumál nam 3.439 millj. kr., þar af vegna lífeyristrygginga 1.951 millj. kr. og 1.488 millj. kr. vegna bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.


Eftirfarandi yfirlit sýnir í hnotskurn helstu útgjaldabætti lífeyristrygginga, sjúkratrygginga og bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð á árunum 2004 og 2005.

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Frávik fjárhæð	%	Fjárheimildir ársins 2005
Lífeyristryggingar					
Ellilífeyrir	6.835	6.613	223	3,4	6.968
Örorkulífeyrir	4.526	4.169	356	8,5	4.609
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	9.724	9.286	439	4,7	10.118
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	5.549	5.027	522	10,4	5.846
Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega	852	928	-76	-8,2	948
Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega	810	786	24	3,0	894
Vasapeningar ellilífeyrisþega	283	284	-1	-0,5	299
Vasapeningar örorkulífeyrisþega	55	56	-1	-2,2	62
Örorkustyrkir	155	140	15	10,7	134
Barnalífeyrir	1.951	1.835	117	6,4	2.096
Annað	470	399	71	17,7	143
Lífeyristryggingar samtals	31.210	29.523	1.687	5,7	32.117
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð					
Mæðra- og feðralaun	300	291	9	3,1	330
Umönnunarbætur	965	907	58	6,4	1.035
Makabætur og umönnunarbætur	81	70	11	15,9	82
Dánarbætur	46	45	1	2,4	52
Endurhæfingarlífeyrir	796	784	12	1,6	985
Barnalífeyrir vegna menntunar	95	97	-2	-1,8	109
Heimilisuppbót	2.325	2.239	86	3,8	2.369
Frekari uppbætur	1.363	1.305	58	4,4	1.391
Uppbætur vegna bifreiðakaupa	176	343	-167	-48,8	224
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, samtals	6.148	6.082	66	1,1	6.577
Sjúkratryggingar					
Lækniskostnaður	3.437	3.239	198	6,1	3.415
Lyf	6.079	6.422	-342	-5,3	6.485
Hjálpartæki	1.536	1.446	90	6,2	1.600
Hjúkrun í heimahúsum	120	114	6	5,2	134
Þjálfun	1.292	1.286	6	0,5	1.344
Tannlækningar	1.214	1.179	35	3,0	1.263
Sjúkraflutningar og ferðir innanlands	224	203	20	10,1	199
Brýn meðferð erlendis	688	675	13	1,9	560
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	78	79	-1	-1,9	129
Sjúkradagpeningar	178	194	-16	-8,1	268
Annað	125	113	12	11,1	130
Sjúkratryggingar samtals	14.970	14.949	21	0,1	15.526


Lífeyristryggingar, %



Félagsleg aðstoð, %



Sjúkratryggingar, %



34. Gjöld fjármálaráðuneytis

Gjöld fjármálaráðuneytis námu 36.927 millj. kr. á árinu 2005, lækkuðu um 4.278 millj. kr. eða 10,4% frá árinu 2004. Breyting á milli ára skýrist af verulegri lækkun á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga eða um 9.303 millj. kr. Á móti vegur helst hækkun á fjármagnstekjuskatti ríkissjóðs í tengslum við sölu á Landssíma Íslands hf. en liðurinn hækkar um 4.966 millj. kr. á milli ára.

Gjöld ráðuneytisins á árinu 2005 námu 12,0% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs samanborið við 13,7% árið 2004. Heildarfjárheimildir ársins 2005 námu 37.601 millj. kr. og voru gjöld ársins því 674 millj. kr. eða 1,8% undir fjárheimildum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld fjármálaráðuneytis á árinu 2005 samanborið við árið 2004.

Í millj. kr.	Reikningur	Reikningur	Breyting		Heildarfjárheimildir 2005
	2005	2004	Fjárhæð	%	
Málaflokkar gjalda					
Opinber fjármál og þjónusta	6.083	6.109	-26	-0,4	6.705
Óregluleg gjöld	19.230	23.885	-4.655	-19,5	19.675
Barnabætur	5.374	5.440	-66	-1,2	5.600
Vaxtabætur	5.472	5.458	14	0,3	4.900
Annað	768	313	454	...	721
Gjöld samtals	36.927	41.205	-4.278	-10,4	37.601
Viðfangsefnaflokkun gjalda					
Rekstrarkostnaður	35.423	39.657	-4.235	-10,7	36.848
Rekstrargjöld	14.815	18.803	-3.988	-21,2	17.291
Lífeyrisskuldbindingar	2.714	12.017	-9.303	-77,4	4.798
Fjármagnstekjuskattur	7.059	2.093	4.966	...	6.877
Önnur rekstrargjöld	5.042	4.693	349	7,4	5.616
Rekstrartilfærslur	20.608	20.854	-246	-1,2	19.557
Afskriftir skattkrafna	9.457	9.775	-318	-3,3	8.000
Barna- og vaxtabætur	10.846	10.898	-52	-0,5	10.500
Aðrar rekstrartilfærslur	305	181	124	68,3	1.057
Viðhaldskostnaður	915	1.050	-134	-12,8	-18
Fjárfesting	589	498	91	18,2	771
Stofnkostnaður	589	498	91	18,2	771
Fjármagnstilfærslur	-	-	-	-	-
Gjöld samtals	36.927	41.205	-4.278	-10,4	37.601
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	12,0	13,7	.	.	11,5

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 40,1%, þar af voru lífeyrisskuldbindingar 7,4%, fjármagnstekjuskattur 19,1% og önnur rekstrargjöld 13,7%. Rekstrartilfærslur námu 55,8%. Þar af voru afskriftir skattkrafna 25,6% og barna og vaxtabætur 29,4%. Gjöld vegna viðhaldskostnaðar námu 2,5% og stofnkostnaðar 1,6%.

Séryfirlit 2 sýnir skipingu á gjöldum ráðuneyta eftir málaflokkum. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnana liða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við fjárheimildir einstakra liða á árinu 2005.

Af gjöldum fjármálaráðuneytisins runnu 6.083 millj. kr. eða 16,5% til málaflokksins opinber fjármál og þjónusta. Hér falla undir marg-

vísleg útgjöld svo sem vegna aðalskrifstofu fjármálaráðuneytis 516 millj. kr., stofnana skatta- og tollakerfis 3.172 millj. kr. og Fjárslu ríkisins 1.037 millj. kr.

Barnabætur námu 5.374 millj. kr., vaxtabætur 5.472 millj. kr. og önnur útgjöld 768 millj. kr.

Loks eru gjöld sem eru flokkuð sem óregluleg gjöld í ljósi þess hve breytileg þau eru frá einu ári til þess næsta. Á árinu 2005 námu þau alls 19.230 millj. kr. Undir þennan lið falla gjöld ríkissjóðs vegna lífeyrisskuldbindinga, afskrifta skattkrafna og fjármagnstekjuskatts. Hér á eftir verður fjallað sértaklega um hvern lið.

Lífeyrisskuldbindingar A-hluta ríkissjóðs fela í sér reiknaðar skuldbindingar gagnvart lífeyrissjóðum samkvæmt tryggingafræðilegu

mati vegna áunninna lífeyrisréttinda starfsmanna. Í ríkisreikningi miðast færsla lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs við niðurstöður matsins, þar sem nýjar skuldbindingar gjaldfærast um rekstrarreikning og almennar launabreytingar færast um endurmatsreikning. Við mat á almennum launabreytingum er beitt vísitölu launa opinberra starfsmanna og bankamanna sem Hagstofa Íslands reiknar.

Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs í árslok 2005 miðast meðal annars við eftirtaldir almennar forsendur: 2% ávöxtun umfram launahækkanir; íslenskar lífslíkur miðað við reynslu árunna 1999-2003; íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur samkvæmt staðli Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga; við mat á framtíðarörorku er miðað við 50% af meðaltali örorkulíka 17

íslenskra lífeyrissjóða út frá reynslu árunna 1998-2002, en staðlaðar örorkulíkur munu fyrst liggja fyrir frá og með reikningsárinu 2006. Við matið í árslok 2005 er miðað við að virkir sjóðsfélagar hefji töku ellilífeyris 68 ára gamlir hjá LSR en aðrir sem þar eiga réttindi hefji töku hans 65 ára gamlir. Hjá LH miðast eftirlaunaaldurinn við 65 ár hjá sjóðfélögum.

Lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun A-hluta aðila færast að mestu hjá fjármálaráðuneyti. Stofnanir greiða viðbótariðgjald til B-deilda LSR og LH og eru þær greiðslur gjaldfærðar jafnóðum hjá viðkomandi stofnunum og lækkar gjaldfærslan hjá fjármálaráðuneyti sem því nemur. Eftirfarandi yfirlit sýnir lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs gagnvart hinum ýmsu lífeyrissjóðum árin 2005 og 2004.

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting Fjárhæð	%	Heildar- fjárheimildir 2005
Lífeyrisskuldbindingar					
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (B-deild LSR)	3.684	8.878	-5.194	-58,5	3.656
Lífeyrissjóður hjúkrunkvenna (LH)	3	3.187	-3.184	-99,9	351
Alþingismenn	192	483	-291	-60,2	
Ráðherrar	163	164	-1	-0,6	300
Embætti forseta, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara o. fl.	-70	285	-355	-124,6	
Eftirl.sjóður fyrrv. starfsmanna Útvegsbanka Íslands	49	150	-101	-67,3	139
Eftirl.sjóður fyrrv. bankastjóra Útvegsbanka Íslands	-10	86	-96	-111,6	10
Ýmis eftirlaun og úttektir vegna lífeyrisskuldbindinga	6	8	-2	-25,0	200
Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	36	118	-82	-69,5	142
Lífeyrisskuldbindingar samtals	4.052	13.359	-9.307	-69,7	4.798
- Gjaldfært beint hjá stofnunum vegna viðbótariðgjalds	-1.338	-1.342	4	-0,3	.
Lífeyrisskuldbindingar færðar hjá fjármálaráðuneyti	2.714	12.017	-9.303	-77,4	4.798

Gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs á árinu 2005 námu 4.052 millj. kr., þar af færast 2.714 millj. kr. hjá fjármálaráðuneyti og 1.338 millj. kr. hjá stofnunum vegna greiðslna á viðbótariðgjöldum. Lækkun á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs er veruleg á milli ára eða 9.307 millj. kr.

Mikil lækkun á milli ára á sér nokkrar skýringar. Er þar fyrst að nefna að gjaldfærslan á árinu 2004 var óvenjuhá meðal annars vegna breyttra lífslíkutaflna og yfirtöku ríkissjóðs á skuldbindingum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og vegna samnings um skiptingu á uppsöfnuðum lífeyrisskuldbindingum starfsfólks á samrekstrarstofnunum ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar. Á árinu 2005 voru tiltölulega litlar breytingar á kjarasamningum opinberra starfsmanna og þar af leiðandi vægari breytingar á lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs. Loks er að nefna að á undanförunum árum hefur ríkissjóður greitt fyrirfram upp í lífeyrisskuldbindingar sínar hjá LSR og LH. Ávöxtun inneignarinnar kemur til lækkunar á skuldbindingum ársins. Í ársbyrjun 2005 nam inneignin samtals 79.239 millj. kr. og reiknast verðbætur og vextir á hana í samræmi við ávöxtun sjóðanna. Á árinu 2005 var raunávöxtun sjóðanna með besta móti eða sem nam 14,23% hjá LSR og 13,67% hjá LH. Ríkissjóður greiddi 5.826 millj. kr. fyrir-

fram til sjóðanna á árinu og verðbætur og vextir námu alls 15.535 millj. kr. Í árslok 2005 var innstæðan því 100.600 millj. kr. Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs í heild námu 291.960 millj. kr. í árslok 2005, en að frádrögnum fyrirframgreiðslum nam hrein lífeyrisskuldbinding ríkisins 191.360 millj. kr.

Í skýringu 49 er fjallað frekar um lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs á árinu 2005.

Afskriftir skattkrafna hjá A-hluta ríkissjóðs námu alls 9.795 millj. kr. eða 2,7% af tekjum ársins án tekna af sölu Landssímans, þar af færast 9.457 millj. kr. hjá fjármálaráðuneytinu og 338 millj. kr. hjá stofnunum. Árið á undan voru afskriftir skattkrafna ívið hærri eða 10.126 millj. kr. Afskriftirnar voru að mestu beinar á árinu 2005. Í grófum dráttum skiptast afskriftirnar þannig að 4.519 millj. kr. eru vegna niðurfellingar á eftirstöðvum tekju- og eignarskatta, 3.494 millj. kr. af virðisaukaskatti, 1.201 millj. kr. vegna dráttarvaxta og 581 millj. kr. vegna annars.

Við mat á skattkröfum er almennt miðað við að útstandandi kröfur ríkissjóðs séu yfirfarnar með reglubundnum hætti og þær metnar með tilliti til áhættu. Kröfur eru afskrifaðar *beinni afskrift* þegar þær eru taldir sannanlega tapaðar. Við mat á því hvort krafa telst töpuð er

horft til innheimtutilrauna, hugsanlegra trygginga, aldurs kröfu með tilliti til fyrningar og fjárhagsstöðu viðkomandi gjaldanda. Almennt gildir að við beina afskrift er talið útilokað að innheimta kröfuna með þeim úrræðum sem innheimtumenn ríkissjóðs hafa.

Jafnframt er bókfært verðmæti krafna endurmetið í efnahagsreikningi ríkissjóðs og þær kröfur afskrifaðar sem ekki er talið líklegt að innheimtist. Vitað er að ákveðinn hluti krafna á hverjum tíma mun ekki innheimtast þó að ekki sé talið tímabært að afskrifa þær hjá gjaldanda. Því hefur verið beitt svonefndri *óbeinni afskrift* í reikningsskilunum. Óbein afskrift felur í sér að kröfur eru færðar niður um þá fjárhæð sem talið er líklegt að tapist af þeim. Í þessum tilgangi eru kröfur sem lýst hefur verið í protabú skoðaðar sérstaklega. Einnig

eru kannaðar kröfur sem gert hefur verið árangurslaust fjárnám fyrir. Þetta er óhjákvæmilegt til að reyna að fyrirbyggja ofmat á kröfum ríkissjóðs.

Við niðurfærslu eftirstöðva á skattkröfum í árslok 2005 var beitt sömu matsreglum og undanfarin ár. Niðurfærslan er með tvennum hætti. Annars vegar er 80% niðurfærsla á skuldum þeirra sem gjaldþrotaskipti standa yfir hjá eða er lokið. Hins vegar eru skuldir færðar niður um 75% hjá þeim sem ekki hafa komið til gjaldþrotaskipta en eru í vanskilameðferð. Kröfur sem mynduðust á árinu 2005 hjá þessum sömu aðilum voru færðar niður um 40% í báðum tilfellum. Afskriftir á kröfum ríkissjóðs hafa verið töluverðar á undanförunum árum eins og kemur fram í eftirfarandi yfirliti.

Í millj. kr.	2005	2004	2003	2002	2001	2000
Beinar afskriftir	8.632	10.210	4.797	6.483	1.628	2.472
Tekju- og eignarskattar	2.935	2.558	1.346	856	208	669
Virðisaukaskattur	3.616	3.702	308	2.542	598	690
Aðrar skatttekjur	338	393	149	104	43	39
Dráttarvextir	1.608	3.525	2.912	2.949	755	1.070
Aðrar rekstrartekjur	136	32	82	31	24	4
Óbeinar afskriftir	1.162	-84	5.084	3.620	4.316	8.878
Tekju- og eignarskattar	1.584	737	2.572	1.858	1.582	2.142
Virðisaukaskattur	-122	-418	63	-502	-67	4.686
Aðrar skatttekjur	-25	3	288	296	286	292
Dráttarvextir	-407	-599	2.050	1.879	2.464	1.762
Aðrar rekstrartekjur	132	193	111	89	51	-4
Afskriftir ríkissjóðstekna samtals	9.795	10.126	9.882	10.103	5.944	11.350
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	2,3	3,3	3,6	3,9	2,5	5,1
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs án Landssíma, %	2,7

Fjármagnstekjuskattur A-hluta ríkissjóðs nam 7.059 millj. kr. á árinu 2005 samanborið við 2.093 millj. kr. árið á undan. Er hér einkum að ræða skattgreiðslu ríkissjóðs af arðgreiðslum frá fyrirtækjum ríkisins og af söluhagnaði hlutabréfa. Þessi liður er mjög breytilegur frá

einu ári til annars, en hann var óvenjuhá á árinu 2005. Skýrist það af sölu hlutabréfa í Landssíma Íslands hf. en ríkissjóður greiddi 5.597 millj. kr. í fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði bréfanna.

35. Gjöld samgönguráðuneytis

Gjöld samgönguráðuneytis námu 18.079 millj. kr. á árinu 2005 og lækkuðu um 2.015 millj. kr. eða 10,0% frá árinu á undan sem skýrist einna helst af því að Framkvæmdir Vegagerðarinnar lækkuðu um 2.444 millj. kr eða 21,1% milli ára. Gjöld ráðuneytisins námu 5,9% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2005 samanborið við 6,7% árið 2004.

Á árinu var Fjarskiptasjóður stofnaður og honum lagðar til 1.000 millj. kr. af söluandvirði Landssímans. Hlutverk hans er meðal

annars uppbygging GSM-senda á hringvegnum, helstu stofnvegum og á fjölförnum ferðamannastöðum. Ekki var ráðist í nein verkefni á árinu og er fjárheimildin því ónýtt. Heildarfjárheimildir ársins 2005 námu 23.399 millj. kr. og voru þær því 5.052 millj. kr. eða 29,4% hærrí en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld samgönguráðuneytis á árinu 2005 samanborið við árið 2004.

Í millj. kr.	Reikningur	Reikningur	Breyting		Heildarfjárheimildir 2005
	2005	2004	Fjárhæð	%	
Málaflokkar gjalda					
Vegasamgöngur	13.373	15.364	-1.991	-13,0	15.967
Önnur samgöngumál	3.410	3.334	76	2,3	4.758
Annað	1.296	1.396	-100	-7,2	2.674
Gjöld samtals	18.079	20.094	-2.015	-10,0	23.399
Viðfangsefnaflokkun gjalda					
Rekstrarkostnaður	7.189	6.927	262	3,8	9.561
Rekstrargjöld	5.965	5.724	241	4,2	7.813
Rekstrartilfærslur	1.224	1.203	20	1,7	1.748
Viðhaldskostnaður	2.517	2.777	-260	-9,4	2.779
Fjárfesting	8.374	10.390	-2.016	-19,4	11.060
Stofnkostnaður	7.375	9.298	-1.924	-20,7	8.362
Fjármagnstilfærslur	999	1.091	-93	-8,5	2.698
Gjöld samtals	18.079	20.094	-2.015	-10,0	23.399
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	5,9	6,7	.	.	7,2

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 33,0%, rekstrartilfærslur 6,8%, viðhaldskostnaður 13,9%, stofnkostnaður 40,8% og fjármagnstilfærslur 5,5%.

Séryfirlit 2 sýnir skipingu á gjöldum ráðuneyta eftir málaflokkum. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við fjárheimildir einstakra liða á árinu 2005.

Stærsti hlutinn af gjöldum samgönguráðuneytisins rann til vegasamgangna eða 13.373 millj. kr., sem er 74,0% af gjöldum ráðuneytisins. Stærstu liðir þessa málaflokks eru Rekstur Vegagerðarinnar

3.846 millj. kr., Framkvæmdir Vegagerðarinnar 9.119 millj. kr og Umferðarstofa 400 millj. kr.

Önnur gjöld vegna samgöngumála námu 3.410 millj. kr. eða 18,9%. Þar vega þýngst gjöld Flugmálastjórnar 1.225 millj. kr., rekstur flugvalla 630 millj. kr. og Hafnabótasjóður 961 millj. kr.

Málaflokkurinn önnur útgjöld nam 1.296 millj. kr. eða 7,2%. Undir þennan málaflokk féllu meðal annars aðalskrifstofa samgönguráðuneytis 221 millj. kr., Ferðamálaráð 393 millj. kr. og Póst- og fjarskiptastofnun 236 millj. kr.

36. Gjöld iðnaðarráðuneytis

Gjöld iðnaðarráðuneytis námu 4.203 millj. kr. á árinu 2005 og hækkuðu um 829 millj. kr. eða 24,6% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 1,4% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2005 samanborið við 1,1% árið 2004. Heildarfjárheimildir

ársins 2005 námu 5.051 millj. kr. og voru þær því 848 millj. kr. eða 20,2% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld iðnaðarráðuneytis á árinu 2005 samanborið við árið 2004.

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting		Heildar- fjárheimildir 2005
			Fjárhæð	%	
Málaflokkar gjalda					
Orkumál	1.471	1.052	419	39,8	1.165
Iðnaðarmál	293	233	60	25,8	221
Rannsóknir og þróun	1.045	1.036	9	0,9	1.678
Annað	1.393	1.052	341	32,4	1.987
Gjöld samtals	4.203	3.374	829	24,6	5.051
Viðfangsefnaflokkun gjalda					
Rekstrarkostnaður	4.133	3.304	829	25,1	5.177
Rekstrargjöld	880	649	231	35,6	1.388
Rekstrartilfærslur	3.253	2.655	598	22,5	3.789
Viðhaldskostnaður	-	-	-	-	-
Fjárfesting	70	70	0	-0,1	-126
Stofnkostnaður	70	69	1	1,0	-126
Fjármagnstilfærslur	-	1	-1	...	-
Gjöld samtals	4.203	3.374	829	24,6	5.051
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	1,4	1,1	.	.	1,5

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 20,9%, rekstrartilfærslur 77,4% og stofnkostnaður 1,7%.

Séryfirlit 2 sýnir skiptingu á gjöldum ráðuneyta eftir málaflokkum. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnana liða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við fjárheimildir einstakra liða á árinu 2005.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 1.045 millj. kr. eða 24,9% til rannsókna og þróunar undir þennan málaflokk falla meðal annars Tækniþróunarsjóður 269 millj. kr, Iðntæknistofnun 184 millj. kr. og Orkustofnun 400 millj. kr.. Gjöld vegna orkumála voru 1.471

millj. kr. eða 35,0% en þar veita þingst framlög til niðurgreiðslna á húshitun 1.039 millj. kr. sem hækkaði um 216 millj. kr. og jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku 228 millj. kr. sem er nýr fjárlagaliður.

Gjöld vegna iðnaðarmálaefna námu 293 millj. kr. eða 7% en undir þann málaflokk falla meðal annars Samtök iðnaðarins 287 millj. kr.. Önnur útgjöld ráðuneytisins voru 1.393 millj. kr. eða 33,1% hækkaði um 341 millj. kr frá fyrra ári. Þar veita þingst hækkanir á framlagi til Byggaáætlna úr 182 millj. kr. í 338 millj. kr. og endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi úr 94 millj. kr. í 307 millj. kr.

37. Gjöld viðskiptaráðuneytis

Gjöld viðskiptaráðuneytis námu 1.345 millj. kr. á árinu 2005, hækkuðu um 7 millj. kr. eða 0,6% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 0,4% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2005 og er það óbreytt hlutfall frá árinu á undan. Heildarfjárheimildir ársins

2005 námu 1.504 millj. kr. og voru þær því 159 millj. kr. eða 11,8% hærrí en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld viðskiptaráðuneytis á árinu 2005 samanborið við árið 2004.

Í millj. kr.	Reikningur	Reikningur	Breyting		Heildarfjárheimildir 2005
	2005	2004	Fjárhæð	%	
Málaflokkar gjalda					
Almenn efnahags- og viðskiptamál	940	830	111	13,3	1.023
Annað	404	508	-103	-20,3	481
Gjöld samtals	1.345	1.337	7	0,6	1.504
Viðfangsefnaflokkun gjalda					
Rekstrarkostnaður	1.345	1.337	7	0,6	1.536
Rekstrargjöld	906	795	112	14,1	1.014
Rekstrartilfærslur	438	543	-104	-19,2	522
Viðhaldskostnaður	-	-	-	-	-
Fjárfesting	-	-	-	-	-32
Stofnkostnaður	-	-	-	-	-32
Fjármagnstilfærslur	-	-	-	-	-
Gjöld samtals	1.345	1.337	7	0,6	1.504
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	0,4	0,4	.	.	0,5

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 67,4% og rekstrartilfærslur 32,6%.

Séryfirlit 2 sýnir skipingu á gjöldum ráðuneyta eftir málaflokkum. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við fjárheimildir einstakra liða á árinu 2005.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 940 millj. kr. eða 69,9% til málaflokksins almenn efnahags- og viðskiptamál, sem er að stærstum

hluta rekstur aðalskrifstofu viðskiptaráðuneytis 137 millj. kr. og Fjármálaeftirlitið 319 millj. kr.

Þann 30. júní 2005 voru Samkeppnisstofnun 94 millj. kr. og Lög-gildingarstofa 104 millj. kr lagðar niður, í stað þeirra tóku til starfa Neytendastofa 125 millj. kr og Samkeppnisftirlit 71 millj. kr.

Gjöld ráðuneytisins vegna Flutningssjóðs olíuvara námu 404 millj. kr. eða 30,1%, Flutningssjóður sements fellur út frá fyrra ári.

38. Gjöld Hagstofu Íslands

Gjöld Hagstofu Íslands námu 632 millj. kr. á árinu 2005, hækkuðu um 42 millj. kr. eða 7,2% frá árinu 2004. Gjöld ráðuneytisins námu 0,2% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2004 og er það óbreytt hlutfall frá árinu á undan. Heildarfjárheimildir ársins 2005

voru 597 millj. kr. og voru þær því 35 millj. kr. eða 5,5% lægri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir útgjöld Hagstofu Íslands á árinu 2005 samanborið við árið 2004.

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting		Heildar- fjárheimildir 2005
			Fjárhæð	%	
Málaflokkar gjalda					
Hagskýrslugerð	511	460	51	11,1	412
Önnur almenn þjónusta	120	129	-9	-6,7	185
Gjöld samtals	632	589	42	7,2	597
Viðfangsefnaflokkun gjalda					
Rekstrarkostnaður	621	579	42	7,3	590
Rekstrargjöld	620	578	42	7,3	586
Rekstrartilfærslur	-	-	-	-	4
Viðhaldskostnaður	-	-	-	-	-
Fjárfesting	11	11	0	3,8	7
Stofnkostnaður	11	11	0	3,8	7
Fjármagnstillfærslur	-	-	-	-	-
Gjöld samtals	632	589	42	7,2	597
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	0,2	0,2	.	.	0,2

Gjöld Hagstofunnar skiptust þannig að rekstrargjöld námu 98,2% og stofnkostnaður 1,7%.

39. Gjöld umhverfisráðuneytis

Gjöld umhverfisráðuneytis námu 4.233 millj. kr. á árinu 2005, lækkuðu um 85 millj. kr. eða 2,0% frá árinu á undan. Af einstökum liðum ber hæst 291 millj. kr. lækkun á gjöldum Ofanflóðasjóðs og 139 millj. kr. hækkun á gjöldum Úrvinnslusjóðs. Gjöld ráðuneytisins námu 1,4% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2005 og er það óbreytt hlutfall frá árinu á undan. Heildarfjárheimildir

ársins 2005 námu 5.165 millj. kr. og voru þær því 932 millj. kr. eða 22,0% hærrí en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld umhverfisráðuneytis á árinu 2005 samanborið við árið 2004.

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting		Heildar- fjárheimildir 2005
			Fjárhæð	%	
Málaflokkar gjalda					
Öryggismál	917	1.179	-262	-22,2	1.241
Hreinsunarmál	1.541	1.369	171	12,5	1.944
Verndun lands og lífríkis	767	775	-8	-1,0	801
Annað	1.009	995	14	1,4	1.179
Gjöld samtals	4.233	4.318	-85	-2,0	5.165
Viðfangsefnaflokkun gjalda					
Rekstrarkostnaður	3.550	3.405	145	4,3	4.357
Rekstrargjöld	2.294	2.245	49	2,2	2.363
Rekstrartilfærslur	1.257	1.161	96	8,3	1.994
Viðhaldskostnaður	1	-	1	...	124
Fjárfesting	682	912	-230	-25,2	685
Stofnkostnaður	57	40	18	44,2	20
Fjármagnstílfræslur	625	872	-248	-28,4	664
Gjöld samtals	4.233	4.318	-85	-2,0	5.165
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	1,4	1,4	.	.	1,6

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 54,2%, rekstrartilfærslur 29,7%, stofnkostnaður 1,4% og fjármagnstílfræslur 14,8%.

Séryfirlit 2 sýnir skipingu á gjöldum ráðuneyta eftir málaflokkum. Þar koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða undir hverju ráðuneyti. Yfirlitið sýnir breytingu gjalda á milli ára og samanburð við fjárheimildir einstakra liða á árinu 2005.

Gjöld málaflokksins hreinsunarmál námu samtals 1.541 millj. kr.

eða 36,4% af gjöldum ráðuneytisins, en undir þann málaflokk heyrja Úrvinnslusjóður 511 millj. kr og Endurvinnslan 817 millj. kr.

Þá námu gjöld málaflokksins verndun lands og lífríkis 767 millj. kr. eða 18,1%, en þar vega gjöld Umhverfisstofnunar þyngst eða 624 millj. kr.

Önnur gjöld ráðuneytisins voru 1.926 millj. kr., þar voru stærstu liðirnir Ofanflóðasjóður 262 millj. kr. og Veðurstofa Íslands 464 millj. kr.

40. Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður ríkissjóðs nam alls 13.420 millj. kr. á árinu 2005, lækkaði um 732 millj. kr. eða 5,2% frá árinu á undan. Vægi þessa kostnaðarliðar hefur farið lækkanði á síðustu árum og til samanburðar nam hlutdeild hans 7,8% af gjöldum ríkissjóðs árið 2001 en er nú 4,4%. Lækkun fjármagnskostnaðar á milli ára skýrist

einkum af lækkun formlegra skulda á undanföllum árum, lækkun vaxta, hagstæðari lánsamningum og sterkri stöðu krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Heildarfjárheimildir ársins 2005 námu 14.110 millj. kr. þannig að fjármagnskostnaðurinn reyndist 690 millj. kr. undir fjárheimildum eða um 4,9%.

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting		Heildar- fjárheimildir 2005
			Fjárhæð	%	
Málaflokkar gjalda					
Fjármagnskostnaður	13.420	14.152	-732	-5,2	14.110
Gjöld samtals	13.420	14.152	-732	-5,2	14.110
Viðfangsefnaflokkun gjalda					
Rekstrarkostnaður	13.420	14.152	-732	-5,2	14.110
Rekstrargjöld	13.420	14.152	-732	-5,2	14.110
Rekstrartilfærslur	-	-	-	-	-
Viðhaldskostnaður	-	-	-	-	-
Fjárfesting	-	-	-	-	-
Stofnkostnaður	-	-	-	-	-
Fjármagnstilfærslur	-	-	-	-	-
Gjöld samtals	13.420	14.152	-732	-5,2	14.110
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs, %	4,4	4,7	.	.	4,3

Áfallnir ógjaldfallnir vextir í árslok 2005 námu alls 4.238 millj. kr. og voru 7.644 millj. kr. lægri en í árslok 2004. Þar af lækkaði staðan á skammtímaskuldum um 7.391 millj. kr. og á langtímaskuldum

um 253 millj. kr. Áfallnir ógjaldfallnir vextir af langtímaskuldum eru vextir af spariskirteinum, en þeir bætast við höfuðstól þeirra á hverju ári og greiðast í einu lagi við innlausn þeirra.

Eftirfarandi yfirlit sýnir vaxtagjöld og lántökukostnað ríkissjóðs af innlendum og erlendum lánum á árunum 2004 og 2005.

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Frávik fjárhæð	Frávik %	Heildar- fjáheimildir 2005
Vextir					
Innlend lán	8.880	8.703	177	2,0	.
Erlend lán	4.288	4.982	-694	-13,9	.
Vextir af lánum samtals	13.168	13.685	-517	-3,8	.
Lántökukostnaður					
Innlend lán	199	244	-45	-18,4	.
Erlend lán	53	223	-170	-76,2	.
Lántökukostnaður samtals	252	467	-215	-46,0	.
Vextir og lántökukostnaður samtals	13.420	14.152	-732	-5,2	14.110

Vaxtagjöld af innlendum lánum námu 8.880 millj. kr. á árinu 2005, en innlendar skuldir að meðtöldum áföllnum gjaldföllnum langtíma-vöxtum voru 111.701 millj. kr. í árslok 2004. Af erlendum lánum

námu vaxtagjöldin 4.288 millj. kr. á árinu 2005, en erlendar skuldir námu 141.288 millj. kr. í árslok 2004. Lántökukostnaður ríkissjóðs nam 252 millj. kr. á árinu 2005 og lækkaði um 46,0% á milli ára.

41. Hlutabréf og eignarhlutir í fyrirtækjum

Samkvæmt lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins skal færa eignarhluti ríkissjóðs í fyrirtækjum og stofnunum til eignar á efnahagsreikningi. Tvær undantekningar eru þó á því hvort eignarhlutar eru eignfærðir hjá ríkissjóði. Annars vegar þegar um er að ræða eignarhluta í lánastofnunum sem gegna félagslegu hlutverki. Yfirlitt gefur eiginfjárstaða í ársreikningum slíkra stofnana ekki raunsanna mynd af fjárhagsstöðu þeirra. Hins vegar eru það eignarhlutir í tryggingsjóðum sem hafa það hlutverk að bæta fyrir eignatjón af völdum

náttúruhamfara eða önnur stórtjón, komi til þeirra. Í ársreikningum slíkra sjóða endurspeglast tryggingaráhættan ekki í reikningsskilum þeirra og er því ekki talið rétt að sýna eignarhluta í þeim í efnahagsreikningi ríkissjóðs.

Eftirfarandi yfirlit sýnir bókfærðan eignarhluta A-hluta ríkissjóðs í framangreindum fyrirtækjum og stofnunum á árinu 2005.

Í millj. kr.	Eign í ársbyrjun	Framlag á árinu	Hagnaður/ tap á árinu	Endurmat ársins	Eign í árslok
Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum					
Ríkisfyrirtæki í B-hluta	4.219	-	-	745	4.964
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	1.317	-	-	58	1.376
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	176	-	-	8	184
Happdrætti Háskóla Íslands	12	-	-	1	12
Íslenskar orkurannsóknir	99	-	-	4	103
Rafmagnsveitur ríkisins	2.267	-	-	100	2.367
Ríkisútvarpið	878	-	-	39	917
Sinfóníuhljómsveit Íslands	-530	-	-	535	5
Lánastofnanir í C-hluta	16.719	-2.553	851	485	15.501
Byggðastofnun	1.314	100	-	58	1.472
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	224	-	-	-224	-
Íbúðalánasjóður	6.799	-	-	300	7.099
Lánasjóður landbúnaðarins	1.791	-2.653	851	59	48
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	6.391	-	-	282	6.673
Orkusjóður	201	-	-	9	210
Fjármálastofnanir í D-hluta	32.157	-	-	1.419	33.576
Seðlabanki Íslands	32.157	-	-	1.419	33.576
Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum samtals	53.095	-2.553	851	2.649	54.041

Yfirlitið sýnir að í árslok 2005 nam bókfærð eign ríkissjóðs í fyrirtækjum og stofnunum í B-, C og D-hluta 54.041 millj. kr. Þar af eru eignarhlutar í Seðlabanka Íslands 33.576 millj. kr., Íbúðalánasjóði 7.099 millj. kr. og Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins 6.673 millj. kr. Í árslok 2004 nam bókfærða eignin 53.095 millj. kr. Hækkunin á árinu 2005 nam 946 millj. kr. Helsta breytingin á eignarhlutum tengdist niðurlagningu á Lánasjóði landbúnaðarins en á móti nam verðuppfærsla eigna 2.649 millj. kr. Eignfærsla í sjóðnum er komin niður í 48 millj. kr. vegna eigna sem þar var óráðstafað í árslok 2005.

Um færslu á eignarhluta ríkissjóðs í hlutafélögum og sameignarfélögum gilda almennar reikningsskilareglur. Hvað varðar sameignarfélög er bókhaldsleg meðferð hin sama og lýst er hér að framan um eignarhluta í fyrirtækjum og stofnunum. Hlutafjáreign er almennt færð við kostnaðarverði eða á nafnverði sé það hærra. Í árslok er hlutafé endurmetið samkvæmt breytingum á vísitölu neysluverðs. Sé nafnverð hlutabréfa orðið hærra en nemur uppfærðu verði þeirra vegna útgáfu jöfnunarhlutabréfa, skal þó miða við það. Eftirfarandi yfirlit sýnir bókfærða eign ríkissjóðs í hlutabréfum á árinu 2005.

	Eign í ársbyrjun	Kaup(+)/ Sala(-) á árinu	Hagnaður/ tap á árinu	Endurmat ársins	Eign í árslok	Eignar- hluti í árslok, %
Eign í sameignarfélögum og hlutafélögum						
Félög í E-hluta	35.396	-66.432	56.933	1.311	27.208	.
Austurhöfn-TR ehf	6	-	-	0	6	54,0
Eignarhaldsfélagið Farice ehf	587	-	-	26	613	58,2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.	3.007	-	-	133	3.139	100,0
Hitaveita Hjaltadals	19	-20	-	1	-	-
Hæðarlönd ehf.	32	-	-33	1	-	-
Íslandspóstur hf.	1.907	-	-	84	1.991	100,0
Landskerfi bókasafna hf.	82	-	-	4	85	52,2
Landssími Íslands hf.	9.177	-66.093	56.755	161	-	-
Landsvirkjun	15.997	-	-	706	16.703	50,0
Neyðarlínan hf.	27	-	-	1	28	52,6
Orkubú Vestfjarða hf.	4.446	-	-	196	4.642	100,0
Sjúkrahúsapótekið ehf.	20	-3	-17	-	-	-
Skráningarstofan hf.	91	-316	228	-3	-	-
Eign ríkissjóðs og stofnana í öðrum félögum	2.669	54	-23	-94	2.606	.
Baðfélag Mývatnssveitar ehf	21	-	-	1	22	16,7
Barri hf.	12	-	-12	-	-	-
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.	258	-	-	11	269	48,1
Endurvinnslan hf.	9	-	-	0	9	17,8
Flugskóli Íslands hf.	15	-7	-8	-	-	-
Geca hf	49	-	-	2	51	12,8
Hitaveita Suðurnesja	1.418	-	-	63	1.481	15,2
Pólyolverksmiðjan ehf	31	-	-	1	33	8,4
Spólur ehf	42	-	-	2	43	17,6
VistOrka hf.	86	-	-	4	90	11,5
Annað	11	-	-	0	12	.
Eignir stofnana í hlutafélögum og sameignarfélögum	717	61	-3	-179	597	.
Eign í sameignarfélögum og hlutafélögum samtals	38.065	-66.377	56.910	1.216	29.814	

Töluverð breyting varð á hlutfjáreign ríkissjóðs á árinu 2005. Í árslok 2005 nam bókfærð eign ríkissjóðs í sameignar- og hlutafélögum 29.814 millj. kr. samanborið við 38.065 millj. kr. í árslok 2005. Lækkun á árinu 2005 nam því 8.251 millj. kr.

Kaup ríkisins á hlutabréfum námu alls 611 millj. kr. á árinu 2005 og söluandvirði hlutabréfa 66.438 millj. kr. Veigamestu viðskiptin voru með sölu á eignarhluta ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf. fyrir

66.093 millj. kr. en bókfærð eign ríkissjóðs í félaginu nam 9.338 millj. kr. Um sölu og ákvarðanir um ráðstöfun á stórum hluta andvirðisins á næstu árum er fjallað sérstaklega í skýringu 23. Þá fengust 316 millj. kr. með niðurlagningu á Skráningarstofunni hf. Loks seldi ríkissjóður eign sína í Hitaveitu Hjaltadals fyrir 20 millj. kr., Flugskóla Íslands hf. fyrir 7 millj. kr. og 3 millj. kr. vegna Sjúkrahúsaapóteksins hf. sem var felld undir rekstur Landspítala - háskóla-sjúkrahúss.

42. Erlent stofnfé

Í millj. kr.	Eign í ársbyrjun	Framlag á árinu	Endurgreitt á árinu	Endurmat ársins	Eign í árslok
Erlent stofnfé					
Alþjóðabankinn (IBRD)	477	-	-	14	492
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	1.750	145	-	-15	1.880
Alþjóðalánasjóðurinn (IFC)	3	-	-	0	3
Lánasjóður V-Norðurlanda	23	-	-	1	24
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)	104	11	-	-12	104
Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)	284	-	-	-15	269
Norrænn þróunarsjóður (NDF)	402	28	-	-23	408
Þróunarbanki Evrópu (EBRD)	403	30	-	-44	389
Erlent stofnfé samtals	3.447	214	-	-93	3.568

Lög um fjárreiður ríkisins gera ráð fyrir að framlög til stofnana og sjóða erlendis, sem eru endurkræf eða fást endurgreidd þegar

stofnun eða sjóður er lagður niður, séu færð til eignar á efnahagsreikningi ríkissjóðs.

43. Veitt löng lán

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Ný lán á árinu	Afborganir á árinu	Endurmat ársins	Staða í árslok
Veitt löng lán	51.844	37.027	-18.728	1.567	71.709
Ríkissjóður A-hluti	53	-	-53	-	0
Ríkisfyrirtæki og lánastofnanir í B- og C-hluta	44.199	4.744	-14.786	1.443	35.600
Ríkisaðilar í D- og E-hluta	2.391	32.000	-313	4	34.083
Sveitarfélög	1.215	105	-847	43	516
Fyrirtæki og atvinnuvegir	2.730	21	-2.478	39	312
Einstaklingar, félög og samtök	1.201	158	-224	37	1.171
Lánastofnanir	54	-	-28	2	28
Óbein afskrift veittra langra lána	-211	0	-3	-	-213
Ríkisfyrirtæki og lánastofnanir í B- og C-hluta	-139	-	-3	-	-142
Einstaklingar, félög og samtök	-5	0	-	-	-5
Aðrir	-67	-	-	-	-67
Veitt löng lán samtals	51.633	37.027	-18.732	1.567	71.496

Staða veittra langra lána A-hluta ríkissjóðs í árslok 2005 nam alls 71.496 millj. kr. Þar af voru 50% til B- og C-hluta aðila, 48% til ríkisaðila í D- og E-hluta, rúm 2% til annarra. Staðan hækkaði úr 51.633 millj. kr. í ársbyrjun eða um 19.863 millj. kr. á árinu 2005.

Veitt ný löng lán ríkissjóðs námu alls 37.027 millj. kr. á árinu 2005. Að stærstum hluta var um að ræða lánveitingu til Seðlabanka Íslands að fjárhæð 32.000 millj. kr. og 4.700 millj. kr. til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Lánveitingin til Seðlabankans tengdist ráðstöfun á innkomnu fjármagni með sölu Landssímans. Innheimtar

afborganir námu alls 18.732 millj. kr. Þar bar hæst endurgreiðslur frá Lánasjóði íslenskra námsmanna 3.548 millj. kr., Íbúðalánasjóði 5.304 millj. kr. og Speli ehf. 2.032 millj. kr.

Óbein afskrift af veittum löngum lánum er ákveðin út frá mati á kröfum sem voru til innheimtu og þeim skipt í áhættuflokka út frá upplýsingum um tryggingar fyrir kröfum og mati á greiðslugetu skuldara.

Næsta árs afborganir af veittum löngum lánum færast af langtímakröfum á skammtímakröfum á efnahagsreikningi í árslok. Áætluð fjárhæð vegna þessa nam 1.251 millj. kr. í árslok 2005.

44. Vöru- og efnisbirgðir

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
Vöru- og efnisbirgðir				
Landspítali, háskólasjúkrahús	347	33	-	381
Önnur sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir	144	3	-	147
Vegagerðin	307	66	-	373
Námshagnastofnun	139	-6	-	133
Ýmsar stofnanir fatlaðra	25	-2	-	22
Listasafn Íslands	38	0	-	39
Flugmálastjórn	15	1	-	16
Aðrir	157	18	-	175
Vöru- og efnisbirgðir samtals	1.172	113	-	1.286

Vörukaup ríkisstofnana í A-hluta eru almennt færð til gjalda nema þau séu beinlínis ætluð til endursölu. Hér er um að ræða *vöru- og efnisbirgðir* hjá tiltölulega fáum ríkisstofnunum í A-hluta og er

almennt ekki um stórvægilegar sveiflur að ræða á milli ára. Hvort birgðir eru færðar til eignar hjá stofnun ræðst því af eðli starfseminnar.

45. Óinnheimtar ríkistekjur

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Tekjur ársins	Innheimtar tekjur	Afskriftir ársins	Staða í árslok
Óinnheimtar ríkistekjur					
Skatttekjur og tryggingagjöld	53.762	335.223	-314.675	-8.326	65.984
Fjárframlög	9	901	-899	-	11
Aðrar tekjur	11.909	26.219	-26.556	-1.469	10.103
Sala efnislegra eigna	-	990	-990	-	-
Hagnaður af peningalegum eignum	-	57.833	-57.833	-	-
Óinnheimtar ríkistekjur samtals	65.680	421.166	-400.952	-9.795	76.098

Staða óinnheimtra ríkistekna nam 76.098 millj. kr. í árslok 2005 og hækkuðu útistandandi kröfur um 10.418 millj. kr. innan ársins eða

um 15,9%. Í skýringu 3 kemur fram ítarlegri sundurliðun á þessum kröfum.

46. Skammtímakröfur, aðrar

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
Skammtímakröfur, aðrar				
Fyrirfram greidd gjöld	623	159	-	782
Viðskiptareikningar, bráðabirgðalán	7.197	2.542	27	9.766
A-hluta stofnanir	5.409	1.584	-	6.993
Sveitarfélög	397	180	-	577
Tryggingarfé vegna gjaldþrotaskipta	154	28	-	182
Skuldaviðurkenningar vegna aðflutningsgjalda	97	90	-	187
Annað, óskipt	1.141	659	27	1.828
Veitt stutt lán	22	-21	-	1
Fyrirtæki og atvinnuvegir	22	-22	-	-
Aðrir	0	1	-	1
Skammtímakröfur, aðrar samtals	7.842	2.679	27	10.549

Mörkin á milli viðskiptareikninga, bráðabirgðalána og veittra stuttra lána felast í því að til grundvallar veittu stuttu láni liggur ávallt skuldaviðurkenning með útgefnu skuldabréfi eða víxli. Hér er um

að ræða skammtímakröfur ríkissjóðs og ríkisstofnana á aðila utan A-hluta ríkissjóðs.

47. Handbært fé, nettó

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
Sjóður	185	-80	-	105
Ríkisféhirðir	1	3	-	4
Aðrir ríkisaðilar	184	-83	-	101
Bankareikningar, innstæður	24.721	27.057	-561	51.217
Seðlabanki Íslands	17.344	16.917	-	34.260
Innlendar innlánsstofnanir	5.871	817	-	6.688
Erlendar innlánsstofnanir og gjaldeyrisreikningar	1.506	9.323	-561	10.269
Sjóður og bankainnstæður samtals	24.906	26.977	-561	51.322
Yfirdráttur bankareikninga	-522	14	-	-508
Seðlabanki Íslands	-322	57	-	-265
Innlendar innlánsstofnanir	-200	-43	-	-243
Handbært fé, nettó samtals	24.384	26.990	-561	50.814

Að teknu tilliti til yfirdráttar á bankareikningum nam *handbært fé* A-hlutans 50.814 millj. kr. í árslok 2005. Þar af nam hlutur ríkisstofnana 13.208 millj. kr. Handbært fé skiptist þannig að í sjóðum voru 105 millj. kr., innstæður í Seðlabanka námu 33.995 millj. kr.,

innstæður í innlendum innlánsstofnunum voru 6.445 millj. kr. og 10.269 millj. kr. á gjaldeyrisreikningum í innlendum lánastofnunum eða erlendis.

48. Höfuðstóll

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004
Höfuðstóll		
Höfuðstóll í ársbyrjun	-226.535	-234.598
Breyting annars eigin fjár	22	-1
Endurmat	2.244	6.071
Tekjujöfnuður	112.771	1.993
Höfuðstóll í árslok	-111.497	-226.535

Höfuðstóll ríkissjóðs er ekki skilgreindur með sama hætti og í almennum reikningsskilum fyrirtækja. Skýrist það einkum af því að varanlegir rekstrarfjármunir eru gjaldfærðir jafnóðum í reikningsskilum ríkisins en eru ekki eignfærðir í upphafi og afskrifaðir í samræmi við líftíma fjármunarins eins og hjá fyrirtækjum.

Yfirlitið sýnir að höfuðstóll ríkissjóðs var neikvæður um 111.497 millj. kr. í árslok 2005 samanborið við 226.535 millj. kr. í árslok 2004. Staðan batnaði því umtalsvert á milli ára eða um 115.038

millj. kr., þar af um 112.771 millj. kr. vegna tekjuafgangs ríkissjóðs á árinu 2005 og um 2.293 millj. kr. vegna jákvæðra hreyfinga á endurmarksreikningi og öðru eigin fé.

Ríkisábyrgðir. Auk formlegra og reiknaðra skuldbindinga ríkissjóðs hefur hann gengist í ábyrgð fyrir lántökum ýmissa aðila. Þessar skuldbindingar koma ekki fram í efnahagsreikningi ríkissjóðs. Eftirfarandi yfirlit sýnir hvernig þessar ábyrgðir skiptust eftir lántakendum í árslok 2004 og 2005.

Í millj.kr.	Eftirstöðvar í árslok 2005	Eftirstöðvar í árslok 2004	Breyting fjárhæð %	
Skráðar ríkisábyrgðir				
Ríkisfyrirtæki og lánastofnanir B- og C-hluta	489.387	498.765	-9.378	-1,9
Íbúðalánasjóður	471.355	464.238	7.117	1,5
Lánasjóður landbúnaðarins	-	16.030	-16.030	-100,0
Byggðastofnun	10.296	11.159	-863	-7,7
Rafmagnsveitur ríkisins	4.210	3.556	654	18,4
Ríkisútvarpið	3.360	3.437	-77	-2,2
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	115	294	-179	-60,9
Lyfjabúð Háskólans	51	51	-	-
E-hluti sameignar- og hlutafélög	62.760	55.146	7.614	13,8
Eignarhaldsfélagið Farice ehf.	704	787	-83	...
Landsvirkjun	55.036	47.038	7.998	17,0
Landssími Íslands hf.	4.230	4.193	37	0,9
Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.	2.102	2.443	-341	-14,0
Íslandspóstur hf.	686	680	6	0,9
Orkubú Vestfjarða hf.	2	5	-3	-60,0
Sveitarfélög og fyrirtæki þeirra	1.058	1.745	-687	-39,4
Akureyrarbær	895	1.251	-356	-28,5
Orkuveita Reykjavíkur v/Hitaveitu Akraness	123	413	-290	-70,2
Hitaveita Suðurnesja hf.	24	51	-27	-52,9
Hitaveita Rangæinga	16	30	-14	-46,7
Atvinnuvegir	24.775	10.921	13.854	126,9
Landsbanki Íslands hf.	21.590	6.647	14.943	224,8
KB-banki hf.	1.878	2.699	-821	-30,4
Íslandsbanki hf.	498	730	-232	-31,8
Norðurál hf.	133	152	-19	-12,5
Sementsverksmiðjan hf.	365	363	2	0,6
Skýrr hf.	128	128	-	-
Samábyrgðin	120	117	3	2,6
Síldaútvegsnefnd	63	62	1	1,6
Minjavernd hf.	-	23	-23	-100,0
Skráðar ríkisábyrgðir samtals	577.980	566.577	11.403	2,0

Heimild: Ríkisábyrgðasjóður

Samkvæmt yfirlitinu hækkuðu skráðar ríkisábyrgðir hjá Ríkisábyrgðasjóði úr 566.577 millj. kr. í árslok 2004 í 577.980 millj. kr. í árslok 2005. Hækkun á milli ára nemur 11.403 millj. kr. eða um 2,0%.

49. Lífeyrisskuldbindingar

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Nýjar skuldbindingar á árinu	Greiðslur á árinu	Endurmat ársins	Staða í árslok
Lífeyrisskuldbindingar					
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (B-deild LSR)	158.316	3.684	-11.603	8.345	158.741
Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna (LH)	16.509	3	-710	-13	15.790
Alþingismenn	5.803	192	-280	457	6.171
Lífeyrissjóður ráðherra	1.271	163	-57	105	1.481
Embætti forseta, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara o. fl.	2.143	-70	-93	163	2.143
Eftirlaunasjóður fyrirverandi starfsmanna Útvegsbanka Íslands	3.101	49	-132	242	3.260
Eftirlaunasjóður fyrirverandi bankastjóra Útvegsbanka Íslands	415	-10	-39	32	397
Lífeyrissjóður sjómanna	-	0	0	-	-
Ýmsar úttektir vegna lífeyrisskuldbindinga	3	6	-9	-	0
Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	3.171	36	-95	247	3.359
Lífeyrisskuldbindingar samtals	190.731	4.052	-13.018	9.577	191.344
þar af fært um viðskiptaskuldir	-3	-11	9	-	-5
þar af fært um viðskiptakröfur	-	22	-	-	22
þar af fært um lífeyrisskuldbindingar	190.728	4.063	-13.009	9.577	191.360

Yfirlitið sýnir hreinar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs á árinu 2005, þ.e. heildarlífeyrisskuldbindingar að frádrögnum fyrirframgreiðslum upp í skuldbindingar ríkissjóðs. Fram kemur að skuldbindingarnar hækka úr 190.728 millj. kr. í árslok 2004 í 191.360 millj. kr. í árslok 2005 eða um 632 millj. kr. á árinu 2005. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) vegur þar þýngst eða rúm 83% og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga (LH) rúm 8%. Að auki eru færslur á viðskiptareikninga sem tengjast lífeyrisskuldbindingum.

Uppgjör á lífeyrisskuldbindingum í árslok 2005 sýnir að heildarskuldbindingar ríkissjóðs námu alls 291.943 millj. kr. í árslok 2005 samanborið við 269.971 millj. kr. í árslok 2004. Undanfarin ár hefur ríkissjóður greitt umtalsverðar fjárhæðir fyrirfram upp í skuldbindingar sínar hjá LSR og LH. Er það gert til að byggja upp eiginfjárstöðu þessara sjóða þannig að þeir verði betur í stakk búnir að mæta auknu útstreymi á næstu áratugum. Staða uppsafnaðra innborgana ríkissjóðs nam alls 100.600 millj. kr. með vöxtum og verðbótum í árslok 2005. Góð ávöxtun á eignum sjóðanna á árinu 2005 bætti verulega stöðu þeirra sem um leið dregur þar með úr skuldbindingum launagreiðenda. Hér á eftir verður fjallað sérstaklega um fjármál LSR og LH á árinu 2005.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga var tiltölulega væg á árinu 2005, en um hana er fjallað nánar í skýringu 34. Í aðalatriðum breyttust forsendur við tryggingafræðilegar úttektir á sjóðunum lítið á milli ára. Ekki var um miklar breytingar á kjarasamningum að ræða og því ekki tilefni til mikilla hækkana á skuldbindingum. Á sama tíma nutu lífeyrissjóðirnir mjög góðrar ávöxtunar á eignum sínum. Í því felst jafnframt að ríkissjóður nýtur góðrar ávöxtunar á innstæðum sínum hjá sjóðunum vegna fyrirframgreiðslna upp í lífeyrisskuldbindingar sínar. Breyting á inneigninni vegur upp á móti nýjum skuldbindingum hverju sinni.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Samkvæmt ársuppgjöri lífeyrissjóðsins námu heildarskuldbindingar hans 358.983 millj. kr. í árslok 2005. Uppgerðar skuldbindingar launagreiðenda námu 48.001 millj. kr., og aðrar eignir sjóðsins námu 18.414 millj. kr. Skuldbindingar launagreiðenda gagnvart LSR námu því 292.568 millj. kr., þar af nam hlutdeild A-hluta um 85,3% eða 249.597 millj. kr.

Fram hefur komið að á undanfönum árum hefur ríkissjóður greitt fyrirfram upp í skuldbindingar gagnvart sjóðnum samkvæmt sérstöku samkomulagi. Í árslok 2005 nam inneignin 90.856 millj. kr. hjá LSR að meðtöldum vöxtum og verðbótum sem reiknast í samræmi við raunávöxtun sjóðsins á reikningsárinu. Árið á undan nam inneignin 71.333 millj. kr. Hækkun á árinu 2005 nam því 19.523 millj. kr., þar af voru innborganir 5.475 millj. kr. og vextir og verðbætur 14.049 millj. kr. Hrein raunávöxtun sjóðsins á árinu 2005 er sú hæsta sem hann hefur náð eða 14,23%. Bætti það eiginfjárstöðu sjóðsins umtalsvert og um leið kemur það einnig fram í lækkun á hreinum skuldbindingum ríkissjóðs. Hrein skuldbinding ríkissjóðs gagnvart LSR nam 158.741 millj. kr. í árslok 2005 samanborið við 158.316 millj. kr. í árslok 2004. Hækkun á árinu 2005 nam því aðeins 425 millj. kr. bæði vegna góðrar raunávöxtunar sjóðsins og 1.382 millj. kr. uppgreiðslu ríkissjóðs á uppsöfnuðum skuldbindingum Sinfónuhljómsveitar Íslands til ársloka 2002.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga. Samkvæmt ársuppgjöri lífeyrissjóðsins námu heildarskuldbindingar hans 40.198 millj. kr. í árslok 2005. Eignir sjóðsins til að mæta skuldbindingum námu 8.656 millj. kr. Uppgerðar skuldbindingar námu 23 millj. kr. Skuldbindingar launagreiðenda gagnvart LH námu því 31.518 millj. kr., þar af nam hlutdeild A-hluta ríkissjóðs um 81,0% eða 25.534 millj. kr. Upp í þessar skuldbindingar hefur ríkissjóður greitt fyrirfram til sjóðsins árin 1999-2005 samkvæmt sérstöku samkomulagi og

nam inneignin 9.744 millj. kr. í árslok 2005. Hrein skuldbinding ríkissjóðs gagnvart LH nam því 15.790 millj. kr. í árslok 2005 sam-
anborið við 16.510 millj. kr. í árslok 2004. Lækkun á árinu 2005
nam því 720 millj. kr. Góð ávöxtun sjóðsins vóg sem næst upp á

móti nýjum skuldbindingum á árinu 2005 en greiðslur ríkissjóðs til lífeyrissjóðsins námu alls 710 millj. kr. Hrein raunávöxtun sjóðsins
nam 13,67% á árinu 2005 og er sú hæsta sem hann hefur náð.

50. Áfallnir ógjaldfallnir vextir, langtímaskuldir

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	901	-360	107	648

Áfallnir ógjaldfallnir langtímavextir eru af spariskírteinum ríkissjóðs.
Þeir falla til og bætast við höfuðstólinn á hverju reikningstímabili,

en greiðast við innlausn. Sjá einnig skýringu 54 þar sem fjallað er um
áfallna ógjaldfallna vexti af skammtímaskuldum.

51. Tekin löng lán

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Ný lán á árinu	Afborganir á árinu	Endurmat ársins	Staða í árslok
Tekin löng lán eftir lánveitendum	237.482	25.793	-74.908	-6.941	181.426
Stofnanir í A-hluta	941	-	-111	31	860
Ríkisfyrirtæki og lánastofnanir í B- og C-hluta	167	2	-73	5	102
Innlánsstofnanir	24	-	-14	1	11
Lánastofnanir	2.512	3	-105	100	2.510
Fyrirtæki og atvinnuvegir	20	-	-5	1	16
Einstaklingar, félög og samtök	121	-	-79	16	58
Seld markaðsverðbréf, óskipt	92.409	9.862	-10.904	1.095	92.462
Erlendir aðilar	141.288	15.926	-63.617	-8.189	85.408
Tekin löng lán eftir gjaldmiðlum					
Innlend lán	96.194	9.867	-11.291	1.248	96.018
Ríkisbréf	55.400	9.862	1.786	-	67.047
Spariskírteini, vísitölutryggð	37.004	-	-12.688	1.095	25.411
Spariskírteini, gengistryggð	5	-	-1	-	4
Önnur innlend	3.785	5	-387	153	3.556
Erlend lán	141.288	15.926	-63.617	-8.189	85.408
Bandaríkjadollar	37.689	8.813	-17.818	1.096	29.779
Evra	70.355	3.097	-27.921	-7.053	38.477
Japanskt yen	11.972	8.994	-17.688	-582	2.696
Bresk pund	15.838	-4.979	-185	-1.041	9.634
Svissneskir frankar	5.430	-	0	-610	4.820
Aðrar myntir	4	-	-4	0	0
Tekin löng lán samtals	237.482	25.793	-74.908	-6.941	181.426

Tekin ný löng lán á árinu 2005 námu alls 25.793 millj. kr. og afborganir 74.908 millj. kr. Afborganir voru því 49.115 millj. kr. umfram afborganir af löngum lánum.


Tekin ný löng innlend lán reyndust 1.424 millj. kr. lægri en afborganir á árinu 2005. Innlands lánsfjár var einkum aflað með ríkisbréfum eða sem nam 9.862 millj. kr. Innlausn spariskírteina nam 12.689 millj. kr. en ekki voru gefin út ný spariskírteini á árinu 2005. Af öðrum innlendum lánum voru afborganir 382 millj. kr. umfram lántökur. Við sölu Landssíma Íslands hf. ákvað ríkisstjórnin að verja þeim hluta söluandvirðisins sem greiddur var í erlendri mynt, eða 32,2 milljörðum króna, til að greiða niður erlendar skuldir ríkissjóðs á árinu 2005. Niðurstöðutölur ársins 2005 sýna að afborganir ríkissjóðs af erlendum lánum reyndust 47.691 millj. kr. umfram nýjar erlendar lántökur.

Staða langra lána ríkissjóðs lækkaði úr 237.482 millj. kr. í árslok 2004 í 181.426 millj. kr. í árslok 2005. Lækkun á milli ára nam því 56.056 millj. kr. Afborganir lána umfram nýjar lántökur námu 49.115 millj. kr., en endurmat á lánum vegna breytinga á verðlagi og gengi var í heild neikvætt um 6.941 millj. kr.

Innlendar skuldir ríkissjóðs til langs tíma námu 96.018 millj. kr. í árslok 2005, þar af voru ríkisbréf 67.047 millj. kr. og spariskírteini 25.415 millj. kr. Erlendar skuldir ríkissjóðs námu 85.408 millj. kr. eða 47,1% af löngum lánum í árslok 2005. Samsetning erlendra langtímaskulda ríkissjóðs í árslok 2005 var þannig að 34,9% voru í bandaríkjadöllum, 45,1% í evrum, 11,3% í sterlingspundum, 5,6% í svissneskum frönskum og 3,2% í japönskum yenum,.

Eftirfarandi mynd sýnir samsetningu skulda ríkissjóðs til langs tíma eftir gjaldmiðlum í árslok 2005.

Tekin löng lán ríkissjóðs eftir gjaldmiðlum, %



Næsta árs afborganir af teknum löngum lánum eru fluttar af langtímaskuldum á skammtímaskuldir á efnahagsreikningi í árslok. Áætluð fjárhæð vegna þessa nam 20.237 millj. kr. í árslok 2005,

þar af eru 637 millj. kr. af innlendum lánum og 19.600 millj. kr. af erlendum lánum.

52. Krafa á ríkistekjur

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
Kröfur á óinnheimtar ríkistekjur				
Markaðar skatttekjur	458	51	-	509
Aðrar rekstrartekjur	148	-20	-	128
Kröfur á óinnheimtar ríkistekjur samtals	606	31	-	637

Krafa á ríkistekjur sýnir 637 millj. kr. skuld ríkissjóðs í árslok 2005.

Hér er um að ræða skuldir ríkissjóðs við aðila utan A-hluta ríkissjóðs sem eiga kröfu á markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur.

53. Ógreidd gjöld (án vaxta)

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
Ógreidd gjöld				
Ógreitt vegna sjúkrahúsa og sjúkrahúsfána	2.944	-370	-	2.574
Ógreitt vegna heilsugæslustöðva	123	37	-	161
Ógreitt vegna kirkjugarðsgjalda, sóknargjalda ofl.	220	-90	-	130
Ógreidd gjöld launafrádráttur	-	931	-	931
Ógreidd gjöld annarra A-hluta stofnana	4.520	378	-	4.898
Ógreiddar afurðatjónsbætur riðuveikifjár	17	-	-	17
Ógreidd gjöld samtals	7.824	886	-	8.711

Ógreidd gjöld (án vaxta) eru ýmis áfallin gjöld sem koma til greiðslu eftir að uppgjörstímabili lýkur.

54. Áfallnir ógjaldfallnir vextir, skammtímaskuldir

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	10.981	-7.391	-	3.590

Áfallnir ógjaldfallnir vextir, skammtímaskuldir eru reiknaðir vextir til ársloka 2005 af skuldum ríkissjóðs, sem koma til greiðslu á árinu 2006. Áfallin ógjaldfallin vaxtagjöld ríkissjóðs skiptast í tvennt. Annars vegar eru skammtíma vextir eins og þeir eru tilgreindir hér að framan. Hins vegar eru langtíma vextir, en þeir falla undir langtíma-

skuldbindingar (samanber skýringu 50). Mörkin þarna á milli eru að skammtíma vextirnir koma til greiðslu innan eins árs frá uppgjörsdegi, en langtíma vextirnir síðar.

55. Tekin stutt lán

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Ný lán á árinu	Afborganir á árinu	Endurmat ársins	Staða í árslok
Tekin stutt lán					
Ríkisvixlar	14.504	55.550	-56.050	-	14.004
A-hluta stofnanir	103	-	-34	-	68
Tekin stutt lán samtals	14.606	55.550	-56.084	-	14.072

Mismunur á teknum stuttum lánum og öðrum skammtímaskuldum er að skuldaviðurkenning í formi útgefins skuldabréfs eða víxils, til skemmi tíma en eins árs, er ávallt til staðar fyrir hvert tekið stutt lán

Ríkisvixlar eru skammtímaskuldir til eins árs eða skemur. Uppistaðan í ofangreindum fjárhæðum eru vixlar til 3. mánaða. Útistandandir ríkisvixlar í árslok 2005 námu 14.004 millj. kr., lækkuðu um 500

millj. kr. frá ársbyrjun. Sala nýrra ríkisvixla nam 55.550 millj. kr. og innlausn þeirra var 56.050 millj. kr.

Tekin stutt lán, önnur eru að stærstum hluta skuldir stofnana í A-hluta. Þar veða þyngst skuldir Vegagerðarinnar við verktaka vegna framkvæmda en þær námu 68 millj. kr. í árslok 2005.

56. Aðrar skammtímaskuldir

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Hreyfingar ársins, nettó	Endurmat ársins	Staða í árslok
Aðrar skammtímaskuldir				
Ríkissjóður	3.733	286	-	4.019
A-hluta stofnanir	4.991	-291	-	4.700
Aðrar skammtímaskuldir samtals	8.724	-5	-	8.719

Aðrar skammtímaskuldir eru skuldir á viðskiptareikningum þar sem hvorki skuldabréf eða víxill liggja til grundvallar. Hér er um að ræða skammtímaskuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana við aðila utan A-hluta ríkissjóðs.

Þessar skuldir námu alls 8.719 millj. kr. í árslok 2005, þar af voru skuldir ríkissjóðs 4.019 millj. kr. og stofnana 4.700 millj. kr. Hjá

ríkissjóði vegur þyngst 3.611 millj. kr. skammtímaskuld vegna afdreginnar staðgreiðslu af launþegum og launatengdra gjalda vegna desembermánaðar sem skilað var í janúarmánuði 2006. Hjá A-hluta stofnunum eru skammtímaskuldir hæstar hjá Tryggingastofnun ríkisins 666 millj. kr., Tollstjóranum í Reykjavík 664 millj. kr. og Flugmálastjórn 741 millj. kr.

RÍKISREIKNINGUR
2005

fjs



SÉRYFIRLIT
A-HLUTA RÍKISSJÓÐS

SÉRYFIRLIT 1. Tekjur ríkissjóðs – sundurliðun

Í millj. kr.	Tekjur 2005	Fjárlög/ fjárukaalög 2005	Innheimta 2005	Tekjur 2004
I Skatttekjur og tryggingagjöld	335.223	318.393	314.673	275.673
11 Skattar á tekjur og hagnað	118.699	111.077	102.659	90.148
111 Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	73.615	71.700	70.374	65.006
Tekjuskattur	72.610	70.900	69.397	63.845
Sérstakur tekjuskattur	1.005	800	977	1.161
112 Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	23.413	20.500	15.299	11.589
Tekjuskattur	23.413	20.500	15.299	11.589
113 Skattur á fjármagnstekjur	21.671	18.877	16.986	13.554
12 Skattar á launagreiðslur og vinnuafli	324	330	346	516
Markaðsgjald	274	285	271	242
Tryggingagjald, hluti Vinnueftirlits ríkisins	6	-	31	235
Tryggingagjald, hluti Staðlaráðs	38	40	38	34
Tryggingagjald, hluti Icepro	5	6	5	5
13 Eignarskattar	13.340	14.230	13.289	11.552
132 Skattar á hreina eign, reglubundnir	2.887	4.310	2.785	3.400
Eignarskattur, einstaklingar	1.388	2.830	1.391	2.122
Sérstakur eignarskattur, einstaklingar	0	-	8	-2
Eignarskattur, lögaðilar	1.502	1.480	1.376	1.288
Sérstakur eignarskattur, lögaðilar	-3	-	10	-8
133 Erfðafjárskattur	866	500	863	892
134 Skattar á fjármála- og fjármagnsviðskipti	9.073	9.000	9.127	6.470
Stimpilgjald	9.073	9.000	9.127	6.470
135 Eignarskattar, óreglubundnir	248	140	234	256
Skipulagsgjald	248	140	234	256
136 Eignarskattar, reglubundnir, ótaldir annars staðar	266	280	280	534
Próunarsjóðsgjald	-14	-	0	253
Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins	280	280	280	281
14 Skattar á vöru og þjónustu	165.041	155.565	161.210	140.638
141 Almennir skattar á vöru og þjónustu	114.183	108.400	111.155	96.433
Virðisaukaskattur	114.183	108.400	111.155	96.433
142 Vörugjöld	38.339	36.255	38.117	31.174
Vörugjald, almennt	3.790	3.019	3.725	3.306
Vörugjald af ökutækjum	10.391	9.680	10.250	6.320
Vörugjöld af bensíni og olíuvörum	2.356	2.025	2.364	2.248
Sérstakt vörugjald af bensíni	6.342	6.256	6.363	6.100
Olíugjald	1.703	1.665	1.703	-
Vörugjöld af áfengi	7.111	7.259	7.088	6.658
Vörugjöld af tóbaki	3.773	3.694	3.773	3.589
Vörugjöld, umhverfisskattar	1.478	1.253	1.463	1.425
Flutningsjöfnunargjöld	404	481	406	506
Vörugjöld í landbúnaði	793	788	787	718
Vörugjöld, eftirlitsgjöld	57	38	55	44
Vörugjöld af rafmagni, eftirlitsgjöld	46	-	54	45
Sérstakt vörugjald vegna hafna	1	-	1	112
Ýmis vörugjöld	95	98	87	100

SÉRYFIRLIT 1. Tekjur ríkissjóðs – sundurliðun

Í millj. kr.	Tekjur 2005	Fjárlög/ fjáráukalög 2005	Innheimta 2005	Tekjur 2004
144 Sértækir þjónustuskattar	2.166	2.059	2.193	2.078
Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins	300	298	300	288
Forvarnagjald	799	826	868	795
Brunavarnagjald	202	150	191	160
Flugvallagjald	864	785	835	835
145 Neyslu- og leyfisskattar	10.354	8.851	9.744	10.953
Bifreiðagjald	3.665	3.777	3.653	3.187
Pungaskattur	3.918	3.143	3.976	5.865
Kílómetragjald	657	-	39	-
Skipagjöld	172	104	170	159
Skráningargjöld	761	648	761	656
Leyfi fyrir atvinnustarfsemi	90	66	88	108
Leyfi fyrir veitingu atvinnuréttinda	16	-	16	17
Leyfis- og vottorðsgjöld	102	31	102	69
Eftirlitsgjöld	741	634	718	696
Aðrir neyslu- og leyfisskattar	232	448	182	196
15 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	3.539	3.269	3.471	3.086
151 Tollar	3.539	3.269	3.471	3.086
Tollar, almennir	3.520	3.260	3.452	3.070
Aðrir tollar	19	10	19	16
16 Aðrir skattar	1.504	1.416	1.442	1.369
161 Skattar á atvinnurekstur	565	472	520	484
Framleiðslugjald af áli	39	60	40	44
Iðnaðarmálagjald	287	214	260	239
Jöfnunargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar	29	26	19	20
Rekstrargjald Póst- og fjarskiptastofnunar	72	64	72	66
Rafveitueftirlitsgjald	138	107	129	116
162 Aðrir skattar ótilgreindir annars staðar	939	944	922	885
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	939	944	922	885
18 Tryggingagjöld	32.777	32.506	32.257	28.364
181 Tryggingagjöld vegna almannatrygginga	32.777	32.506	32.257	28.364
Tryggingagjald, almennt, hluti	28.879	28.367	28.312	24.076
Atvinnutryggingagjald	3.516	3.701	3.566	3.971
Ábyrgðargjald atvinnurekenda vegna launa	220	228	217	196
Slysatryggingaiðgjald útgerðarmanna af launum og aflahlut sjómanna	162	211	161	122
II Fjárframlög	901	741	899	806
31 Fjárframlög frá opinberum aðilum, erlendum	40	36	38	38
Framlag Bandaríkjanna til löggæslu	40	36	38	38
33 Fjárframlög frá hinu opinbera	861	705	861	769
Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	363	276	363	322
Sveitarfélög viðbótarframlag vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	488	420	488	436
Hluti sveitarfélaga í rekstri Umferðaskólans	11	9	11	10

SÉRYFIRLIT 1. Tekjur ríkissjóðs – sundurliðun

Í millj. kr.	Tekjur 2005	Fjárlög/ fjáraukalög 2005	Innheimta 2005	Tekjur 2004
III Aðrar tekjur	26.219	30.558	26.552	24.888
41 Eignatekjur	18.551	22.496	17.560	15.678
411 Vaxtatekjur	9.166	13.440	8.076	10.333
Dráttarvextir og álag af ríkissjóðstekjum	3.913	8.600	3.310	5.859
Vextir af skammtímakröfum	2.095	1.740	2.095	699
Dráttarvextir af lánum	10	-	10	4
Vextir af langtímakröfum	3.148	3.100	2.661	3.770
412 Arðgreiðslur	8.230	7.799	8.230	4.177
Hluti af tekjum opinberra aðila	1.060	680	1.060	958
Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	43	-	43	35
Arðgreiðslur frá sameignarfélögum	195	195	195	179
Arðgreiðslur af hlutabréfum	6.879	6.924	6.879	3.004
Aðrar arðgreiðslur	53	-	53	-
415 Aðrar eignatekjur	1.154	1.257	1.254	1.169
Afgjöld ríkisjarða	47	42	47	39
Lóðarleiga	67	-	67	82
Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	786	1.000	884	695
Fjárframlag Happraðttis HÍ til Háskóla Íslands	255	215	255	345
Annað	0	-	0	7
42 Sala á vöru og þjónustu	6.607	5.928	6.541	6.202
422 Neyslu- og leyfisgjöld	6.607	5.928	6.541	6.202
Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	5.125	4.816	5.082	4.948
Dómsmálagjöld og gjöld fyrir embættisverk sýslumanna	460	546	460	564
Áhættugjöld	231	243	231	267
Lendingargjöld	584	595	585	560
Innrítunargjöld	859	636	859	708
Afnotagjöld Ríkisútvarpsins	2.483	2.516	2.503	2.382
Prófgjöld	26	19	22	20
Vottorðsgjöld	70	10	70	83
Aðgangur að opinberum skrám	411	250	352	363
Neyslu- og leyfisgjöld, eftirlitsgjöld	468	379	460	460
Skoðunargjöld Vinnueftirlits ríkisins	103	80	95	91
Eftirlitsgjald með gagnagrunni á heilbrigðissviði	0	5	0	1
Eftirlits- og starfrækslugjöld vegna radiótækni	6	-	6	6
Fisksjúkdómagjald	3	1	4	4
Gjald af sláturleyfishöfum	15	12	15	14
Heilbrigðiseftirlitsgjald með sláturafurðum	82	80	82	81
Gjald vegna matvælaeftirlits yfirdýralæknis	13	25	16	22
Mengunareftirlitsgjald	7	7	2	7
Eftirlitsgjöld Geislavarna ríkisins	5	5	6	7
Gjald til eftirlitsnefndar félags fasteignasala	19	19	19	-
Umsóknar-, faggildingar- og eftirlitsgjöld	11	16	11	15
Skoðunargjald kvikmynda	4	7	4	5
Þjónustugjald Lyfjastofnunar	73	45	74	71
Skoðunargjöld loftfara	126	78	125	127
Skoðunargjöld skipa	2	1	2	9

SÉRYFIRLIT 1. Tekjur ríkissjóðs – sundurliðun

Í millj. kr.	Tekjur 2005	Fjárlög/ fjáráukalög 2005	Innheimta 2005	Tekjur 2004
Neyslu- og leyfisgjöld, ýmis	1.014	733	999	793
Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki og hönnunarvernd	158	105	159	136
Göngudeildargjöld	112	100	112	104
Tollafgreiðslugjald	31	20	32	24
Auglýsingar í Lögbirtingablaði	34	11	17	25
Vegabréf	192	146	192	145
Ökuskírteini	76	92	76	61
Þinglýsing	242	168	242	196
Útgáfa skírteina	6	5	6	5
Ljósrit og endurrit úr embættisbókum	163	87	163	97
43 Sektor og skaðabætur	899	1.730	2.234	2.722
Lögreglustjórasektir	412	411	399	457
Dómsektir	221	1.185	189	616
Stjórnvaldssektir Samkeppnisráðs	61	-	1.566	1.505
Sektir af skatttekjum	188	99	55	111
Aðrar sektir	17	35	24	33
44 Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	162	403	216	286
IV Sala efnislegra eigna	990	540	978	1.035
81 Sala fastafjármuna	990	540	978	1.035
Sala íbúðarhúsnæðis	-	-	-	279
Sala á öðru húsnæði en íbúðarhúsnæði	17	500	17	382
Sala á landi og jarðeignum	696	-	684	150
Sala á eignum Jarðasjóðs	277	40	277	185
Sala annarra fastafjármuna	-	-	-	38
V Hagnaður af peningalegum eignum	57.833	58.350	57.833	29
91 Hagnaður af sölu verðbréfa	-	-	-	20
92 Hagnaður af sölu hlutabréfa	57.833	58.350	57.833	9
Landssími Íslands hf	56.755	58.350	56.755	-
Lánasjóður landbúnaðarins	851		851	-
Skráningarstofan ehf.	228		228	-
Eignarhaldsfélagið Verðbréfaþing hf	-	-	-	9
Tekjur samtals	421.166	408.582	400.953	302.431

SÉRYFIRLIT 2. Gjöld ráðuneyta og stofnana eftir málaflokkum

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting		Fjárheimild 2005	Frávik	
			Fjárhæð	%		Fjárhæð	%
00 Æðsta stjórn ríkisins	2.724	2.626	98	3,7	2.865	142	4,9
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	2.536	2.448	88	3,6	2.665	129	4,8
101 Embætti forseta Íslands	177	177	1	0,5	170	-8	-4,5
201 Alþingi	1.826	1.781	45	2,5	1.927	101	5,3
205 Framkvæmdir á Alþingisreit	8	6	2	42,6	5	-3	-58,3
301 Ríkisstjórn	182	183	0	-0,2	202	19	9,5
620 Ríkisendurskoðun	342	302	40	13,1	361	19	5,3
Dómsstólar	188	178	10	5,9	201	13	6,3
401 Hæstiréttur	106	101	5	4,7	109	3	3,0
610 Umboðsmaður Alþingis	82	77	6	7,5	92	9	10,1
01 Forsætisráðuneyti	2.030	1.381	649	47,0	2.410	380	15,8
Æðsta stjórnarsýsla og utanríkismál	472	551	-79	-14,4	713	241	33,8
101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	200	215	-16	-7,3	292	93	31,7
190 Ýmis verkefni	22	1	22	...	35	13	36,4
201 Fasteignir forsætisráðuneytis	97	38	59	...	105	8	7,4
203 Fasteignir Stjórnarráðsins	16	155	-139	-89,9	75	59	79,1
231 Norræna ráðherranefndin	128	135	-7	-5,5	143	16	10,9
253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	8	7	1	17,6	34	26	76,2
996 Íslenska upplýsingasamfélagið	2	-	2	...	29	28	94,4
Menningarmál	177	245	-68	-27,7	232	55	23,7
190 Ýmis verkefni	62	72	-11	-15,0	105	44	41,6
251 Þjóðmenningarhúsið	83	92	-9	-9,7	90	7	7,5
255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini	32	80	-48	-60,1	36	4	11,7
Opinber fjármál	766	39	728	...	787	20	2,6
190 Ýmis verkefni	766	39	728	...	787	20	2,6
Annað	615	546	69	12,6	678	63	9,3
190 Ýmis verkefni	229	232	-4	-1,6	251	23	9,1
199 Ráðstöfunarfé	-	-	-	...	2	2	...
241 Umboðsmaður barna	25	24	1	4,8	30	5	15,2
261 Óbyggðanefnd	75	76	-1	-0,8	88	13	14,5
271 Ríkislögmaður	49	44	5	10,8	60	11	17,7
303 Kristnihátíðarsjóður	154	96	58	59,8	161	8	4,7
902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	83	74	9	12,8	86	3	3,3
02 Menntamálaráðuneyti	37.749	35.127	2.622	7,5	39.298	1.548	3,9
Menntun á háskólastigi	13.691	12.059	1.633	13,5	13.158	-534	-4,1
201 Háskóli Íslands	5.349	4.980	368	7,4	5.184	-165	-3,2
210 Háskólinn á Akureyri	1.069	877	192	21,9	748	-321	-42,9
211 Tækniháskóli Íslands	348	536	-187	-35,0	375	26	7,0
215 Kennaraháskóli Íslands	1.075	975	101	10,3	997	-78	-7,8
225 Viðskiptaháskólinn á Bifröst	203	161	42	25,9	203	-	-
227 Háskólinn í Reykjavík	864	459	406	88,5	864	-	-
228 Listaháskóli Íslands	485	427	59	13,8	485	-	-
234 Ritlauna- og rannsóknarsjóður prófessora	-	3	-3	...	0	0	...
239 Rannsóknarnámssjóður	62	52	10	19,5	3	-59	...
269 Háskóla- og vísindastarfsemi, viðhald og stofnkostnaður	123	155	-32	-20,6	186	63	34,1

SÉRYFIRLIT 2. Gjöld ráðuneyta og stofnana eftir málaflokkum

Í millj. kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2004	Breyting		Fjárheimild 2005	Frávik	
			Fjárhæð	%		Fjárhæð	%
299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi	62	69	-6	-8,9	61	-1	-1,8
872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.050	3.367	683	20,3	4.050	-	-
Framhaldsskólastig	12.262	11.599	664	5,7	12.311	49	0,4
301 Menntaskólinn í Reykjavík	413	375	38	10,2	458	44	9,7
302 Menntaskólinn á Akureyri	373	342	31	9,0	320	-53	-16,6
303 Menntaskólinn að Laugarvatni	120	111	9	8,1	88	-32	-36,0
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	578	521	57	10,9	624	45	7,3
305 Menntaskólinn við Sund	359	339	20	5,9	388	29	7,5
306 Menntaskólinn á Ísafirði	225	193	32	16,5	213	-12	-5,7
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	194	183	10	5,7	214	20	9,3
308 Menntaskólinn í Kópavogi	580	519	61	11,7	538	-43	-7,9
309 Kvennaskólinn í Reykjavík	256	247	9	3,7	274	18	6,5
316 Fasteignir framhaldsskóla	75	93	-18	-19,6	173	98	56,9
318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður	196	731	-535	-73,1	584	388	66,4
319 Framhaldsskólar, almennt	338	332	7	2,0	288	-50	-17,5
350 Fjölbautaskólinn í Breiðholti	737	659	78	11,9	726	-11	-1,5
351 Fjölbautaskólinn Ármúla	619	512	107	21,0	570	-49	-8,6
352 Flensborgarskóli	335	316	18	5,8	260	-74	-28,5
